LINDA BJÖRK ÞÓRÐARDÓTTIR

*Æfir tvisvar alla virka daga fyrir keppnina*

• heilsa • bækur

allt Í MIÐJU BLAÐSINS




FYRIRTÆKJAGJAFIR

*Fjölskylduvænar gjafir sem koma á óvart*

Sérblað um jólagjafir fyrirtækja

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG







# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

6. nóvember 2007 — 302. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

## ÞRIÐJUDAGUR

### Mikilvægt að nýta mannauðinn



„Þó menn séu komnir á aldur er í þeim viss mannauður," segir Sigurður Líndal, prófessor við lagadeild Háskólans á Bifröst.

TÍMAMÓT 28

### Bændur úr höftum

„Frumkvæði bænda er haldið niðri með gamaldags forsjárpólitík sem viðgengst ekki lengur í öðrum atvinnuvegum," skrifar formaður Ungra jafnaðarmanna.

Í DAG 18

### Hótar málshöfðun



Páll Óskar hótar notendum Torrent.is málshöfðun ef þeir setja nýju plötuna hans á síðuna.

FÓLK 36

### Góð afmælisgjöf



Ragna Ingólfsdóttir vann opna ungverska badmintonmótið degi áður en Badmintonsamband Íslands varð 40 ára í gær.

ÍÞRÓTTIR 38

## VEÐRIÐ Í DAG




**STORMHVIÐUR** Í dag verða suðvestan 13-18 m/s en víða mun hvassara í hviðum. Hægari vindur eystra. Bjart með köflum suðaustan og austan til, annars dálítil rigning eða skúrir. Stöku él norðan til í kvöld. Hiti 0-8 stig.

VEÐUR 4






# Fatlaður með 4.200 krónur í mánaðarlaun

**Hæfingarstöðin Bjarkarás greiðir fötluðum nokkur þúsund krónur í mánaðarlaun. Niðurlægjandi, segir trúnaðarmaður fatlaðra. Talsmenn Bjarkaráss segjast jafnan ekki greiða fólki laun fyrir vinnu sína.**

**RÉTTINDAMÁL** „Honum þykja þessi laun niðurlægjandi sem og öðrum sem fá svipaðar upphæðir borgaðar fyrir mánaðarvinnu," segir Kristín J. Sigurjónsdóttir, trúnaðarmaður fatlaðra, um þær 4.200 krónur sem einhverfum manni er greitt fyrir mánaðarstarf á hæfingarstöðinni Bjarkarási, en ofan á það fékk hann 300 krónur í yfirvinnu í október.

Bjarkarás er ekki svokallaður verndaður vinnustaður heldur er staðnum ætlað að veita þeim sem hafa hvað mesta fötlun starfsþjálfun, afþreyingu auk starfa sem til að mynda felast í pökkun og álímingum fyrir fyrirtæki og stofnanir.

Þau svör fengust hjá Bjarkarási að launaseðillinn mannsins væri fyrir mánaðarstörf en það tíðkaðist jafnan ekki að greiða fólki laun fyrir þá vinnu sem það innti af hendi á hæfingarstöðinni. Sumum væru þó greidd laun sem þá væru þó frekar hugsuð sem umbun.

„Ég verð nú að viðurkenna að ég vissi ekki að þetta væru svona grátlegar upphæðir, þetta er alveg óhæft," segir Gerður Aagot Árnadóttir, læknir og formaður Þroskahjálpar.

Hún segir sárt til þess að vita að sumir fengju enga umbun fyrir störf sín á hæfingarstöðvunum og nauðsynlegt væri að hugsa kerfið upp á nýtt.

„Við eigum ekki að bjóða upp á svona kjör en það er staðreynd að Ísland er langt á eftir öðrum löndum hvað þetta varðar," segir Gerður.

Kristín bendir á að sagt sé að tryggingabæturnar eigi að koma í stað launa þessa fólks. „Það segir sig samt sjálft að auðvitað vill fólk fá laun fyrir störf sín. Það hefur lengi ríkt óánægja með þetta fyrirkomulag," segir Kristín.

> „Ég verð nú að viðurkenna að ég vissi ekki að þetta væru svona grátlegar upphæðir, þetta er alveg óhæft.
>
> GERÐUR AAGOT ÁRNADÓTTIR, LÆKNIR OG FORMAÐUR ÞROSKAHJÁLPAR

Hún telur að þótt fyrirkomulagið sé löglegt sé ekki þar með sagt að það sé siðlegt.

Kristján Valdimarsson, formaður Hlutverks, samtaka um vinnu- og verkþjálfun, segir að best væri ef kjarasamningar yrðu gerðir milli verkalýðsfélaga og sveitarfélaga um launamál einstaklinga sem starfa á hæfingarstöðvum, eins og gert hafi verið við vinnustaði fatlaðra.

„Persónulega finnst mér þetta afar lág greiðsla og finnst það eiga vera algert prinsippmál að ef hæfingarstöð tekur við verkefnum sem gefa af sér tekjur eiga þær allar að ganga til þeirra sem vinna vinnuna," segir Kristján.

- kdk




**JÓLAANDINN FANGAÐUR** Starfsmaður Orkuveitu Reykjavíkur reynir að fanga jólaandann með því að fleygja ljósaseríu yfir tré á Austurvelli eins og neti. Starfsmenn borgarinnar vinna nú við að skreyta miðbæinn með jólaljósum, enda aðeins fjórutíu og níu dagar til jóla. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Ný spá Kaupþings um stýrivaxtaákvörðun í desember:

# Refsivextir á efnahagslífið

**VIÐSKIPTI Stýrivextir hækka um 0,5 prósentustig til viðbótar á vaxtaákvörðunardegi Seðlabankans í desember, gangi eftir ný spá greiningardeildar Kaupþings.**

**Greiningardeildin segir kjarasamninga og nýja stóriðju verða til þess að Seðlabanki Íslands hækki stýrivextina. „Þannig mun bankinn leggja síðbúna 95 refsipunkta á efnahagslífið í þessari stuttu vaxtahækkunarlotu," segir í spánni.**

**Sleginn er sá varnagli að hækkunin gæti dregist fram á næsta ár verði ekki útséð með samningana eða stóriðjuna fyrir vaxtaákvörðunardaginn 20. desember næstkomandi.**

**- óká /** **sjá síðu 27**

Kjartan Orri var ákveðinn í að gefa alla fermingarpeningana sína í hjálparstarf:

# Fjórtán ára drengur gaf mest

**STYRKUR** „Mig langaði að gefa allan peninginn," segir Kjartan Orri Þórsson, fjórtán ára piltur sem gaf 30 þúsund krónur af fermingarpeningunum sínum í söfnun fyrir byggingu barnaskóla í Pakistan.

Það var hjálparstarfsnefnd Fjölbrautaskólans við Ármúla sem stóð að söfnuninni í samstarfi við ABC barnahjálp. Fulltrúar söfnunarinnar segja framlag Kjartans hafa verið stærsta framlag einstaklings.

Guðrún Lilja Númadóttir, móðir Kjartans, segir son sinn hafa velt því vandlega fyrir sér hvort hann ætti að fermast. Eftir að ákvörðunin var tekin var hann staðráðinn í að gefa allar peningagjafir til hjálparstarfs. „Hann fékk 50 þúsund í allt. Við foreldrar hans kröfðumst þess samt að hann myndi eyða einhverjum hluta peninganna í sjálfan sig, þótt við værum afskaplega stolt af þessari ákvörðun hans," segir Guðrún.



KJARTAN ORRI

„Hann var mjög ungur farinn að fylgjast með fréttum og hefur líklega haft fullmiklar áhyggjur af heimsmálunum í gegnum tíðina."

- kdk

3G (ódýrari en Síminn)

Farsímalagerinn.is




**SPURNING DAGSINS**



*Þorsteinn, á bara að virkja þetta lið með handaflinu?*

„Það gæti reynst snúið.“

Eigendur jarða við bakka Þjórsár segja Landsvirkjun snúa upp á handleggi sína við undirbúning virkjana í Þjórsá. Þorsteinn Hilmarsson er upplýsingafulltrúi Landsvirkjunar.

Hæstiréttur framlengir á karlmann sem dæmdur var fyrir manndrápstilraun:

# Hnífamaður áfram í gæslu

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur framlengt gæsluvarðhald karlmanns um fertugt til 14. desember. Maðurinn var dæmdur í sumar í Héraðsdómi Reykjavíkur til að sæta sex ára fangelsi fyrir tilraun til manndráps. Hann áfrýjaði dómnum til Hæstaréttar.

Manndrápstilraunin átti sér stað í apríl, eftir að til rimmu hafði komið út af fótboltaleik. Maðurinn stakk annan mann tvívegis með hnífi í brjóstkassann. Önnur stungan fór í gegnum brjóstvegg og kom við það gat á framvegg hjarta, sem olli lífshættulegri blæðingu inn í gollurhús. Sá slasaði var þegar færður á sjúkrahús, en meðan á skoðun stóð hrakaði honum skyndilega og fór í hjartastopp. Í kjölfar hjartahnoðs var gripið til bráðabrjóstholsaðgerðar, gollurhús opnað og hjartanu komið af stað með beinu hnoði og rafstuði. Í kjölfar þessa greindist rúmlega tveggja sentimetra stunguáverki á framvegg hjartans, með mikilli blæðingu. Var fingur settur í gatið, manninum gefið meira blóð og í framhaldi saumað fyrir. Tókst þar með að bjarga lífi hans.



**HÆSTIRÉTTUR** Dæmdi hnífamann til að sitja bak við lás og slá meðan dómur Héraðsdóms, sem hann áfrýjaði, er til meðferðar fyrir Hæstarétti.

Í dómi Hæstaréttar um framlengt gæsluvarðhald yfir hnífamanninum kemur fram, að því skuli hann sæta meðan mál hans er til meðferðar fyrir Hæstarétti. **- jss**

Tap DeCode eykst milli ára:

# Tapað 3,8 milljörðum á árinu

**VIÐSKIPTI** Tap DeCode, móðurfélags Íslenskrar erfðagreiningar, á þriðja ársfjórðungi nam rúmlega 24,2 milljónum dala, 1.439 milljónum króna, á þriðja ársfjórðungi. Það er um 36 milljónum króna meira en á sama fjórðungi í fyrra.

Þetta kemur fram í tilkynningu frá félaginu. Tap félagsins fyrstu níu mánuði ársins nam 63,1 milljón dala, jafnvirði 3.751 milljón króna. Það er 53 milljónum króna meira á sama tíma í fyrra.

Tekjur DeCode á þriðja ársfjórðungi námu 648 milljónum króna, 136 milljónum meira en á þriðja ársfjórðungi í fyrra. **- bj**

Fasteignanefnd fundar brátt:

# Engar tafir á nýjum spítala

**HEILBRIGÐISMÁL** Ný nefnd heilbrigðisráðherra sem hafa mun umsjón með fasteignum spítalanna mun eiga sinn fyrsta fund á föstudag. Inga Jóna Þórðardóttir, formaður nefndarinnar, segir að vinna við nýjan Landspítala muni byggja á grunni framkvæmdanefndar sem Alfreð Þorsteinsson stýrði.



**INGA JÓNA ÞÓRÐARDÓTTIR**

Hún segir að á fundi nefndarinnar næstkomandi föstudag verði farið yfir stöðu mála. Ekki sé fyrirsjáanlegt að töf verði á uppbyggingunni nýs Landspítala við Hringbraut þrátt fyrir breytingar í fyrirkomulagi nefnda. Málin séu í góðum farvegi, búið að semja við danska ráðgjafa sem vinni nú að gerð frumáætlunar. **- bj**

Geysir Green Energy:

# Munaði fimm milljörðum

**VIÐSKIPTI Hjörleifur Kvaran, forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur, segir að virði Geysis Green Energy, við sameininguna við Reykjavík Energy Invest, hafi reynst vera hátt í fimm milljörðum króna meira en hann taldi, miðað við bókfært virði eigna félagsins.**

**Hann lagði fram minnisblað á stjórnarfundi í Orkuveitunni á laugardag þar sem hann gerir grein fyrir því hvernig virði Geysis Green var metið í samrunanum. Stjórn og eigendur Orkuveitunnar vissu ekki hvernig verðmæti Geysis Green var fundið fyrir sameininguna.** **- ikh /** **sjá síðu 6**

# Fíkniefnaþurrð eftir Fáskrúðsfjarðarmálið

**Upp hefur komist um fjórar tilraunir til fíkniefnasmygls innvortis á Keflavíkurflugvelli á tveimur vikum. Trúum ekki á tilviljanir segir fulltrúi lögreglustjóra. Sjö smygluðu samtals um 800 grömmum af fíkniefnum. Fjórir sitja í varðhaldi.**

**LÖGREGLUMÁL** Tollgæslan á Suðurnesjum stöðvaði á laugardag par við komuna til landsins. Fólkið reyndist vera með um 70 grömm af amfetamíni innvortis.

Þetta er í fjórða skiptið á rúmum tveimur vikum sem upp kemst um fólk sem reynt hefur að smygla fíkniefnum innvortis til landsins, segir Eyjólfur Ágúst Kristjánsson, fulltrúi lögreglu- og tollstjórans á Suðurnesjum.

Skemmst er að minnast þess að lagt var hald á 40 kíló af amfetamíni í skútu í Fáskrúðsfjarðarhöfn í september í svokölluðu Pólstjörnumáli. Líklegt er að málin tengist óbeint, enda ákveðinn skortur á fíkniefnum á markaðnum, segir heimildarmaður sem kunnugur er fíkniefnaheiminum.

Í dag eru fjórir í gæsluvarðhaldi vegna smyglmálanna sem upplýst hafa verið undanfarnar vikur.

Í öllum tilvikum var um hvít fíkniefni að ræða; kókaín og amfetamín. Eyjólfur segir að í tilvikunum fjórum hafi sjö manns reynt að smygla samtals um 800 grömmum af fíkniefnum innvortis.

„Við trúum ekki á tilviljanir í fíkniefnamálum. Þetta sýnir að við stöndum vaktina mjög grimmt. En það er eitthvert „trend“ í gangi, þetta eru mörg mál á stuttum tíma,“ segir Eyjólfur. Hann segir miklar líkur á því að í einhverjum tilvikum sé um svokölluð burðardýr að ræða.

Mál parsins sem stöðvað var við komuna á laugardag telst upplýst, og var ekki krafist gæsluvarðhalds í því tilviki. Um var að ræða karl á fertugsaldri sem var með um 50 grömm af amfetamíni innvortis, og konu á þrítugsaldri með um 20 grömm innvortis. Fólkið á sakaferil að baki tengdan fíkniefnum.



**PÓLSTJÖRNUFÍKNIEFNIN** Heimildarmaður blaðsins telur að góður árangur löggæslu í svokölluðu Pólstjörnumáli hafi skapað þurrð á markaði fyrir amfetamín hér á landi.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fyrsta málið í þessari bylgju kom upp 18. október, þegar ein erlend kona var stöðvuð. Hún situr í gæsluvarðhaldi.

Tvö mál komu upp 29. október. Í öðru komu tveir erlendir karlmenn við sögu, báðir sitja í varðhaldi. Í hinu tilvikinu var um tvær íslenskar stúlkur á átjánda ári að ræða. Önnur þeirra situr í gæsluvarðhaldi. **brjann@frettabladid.is**

Tillaga lögð fram á Alþingi:

# Íþróttakennsla aukin í skólum

**ALÞINGI Allir nemendur í grunnskólum landsins munu fá að minnsta kosti einnar klukkustunda íþróttakennslu á dag verði hugmyndir tveggja þingmanna að veruleika.**



**RAGNHEIÐUR RÍKHARÐSDÓTTIR**

**Þingmennirnir Ellert B. Schram og Ragnheiður Ríkharðsdóttir hafa lagt fram á Alþingi tillögu þess efnis að þeim tilmælum verði beint til menntamálaráðherra að hún tryggi nemendum aukna íþróttakennslu við endurskoðun námskrár í grunnskólum.**

**Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að í dag eigi nemendur rétt á þriggja tíma íþróttaiðkun á viku, þar af einum tíma til sundkennslu.** **- bj**

Sautján ára ók fram af vegg:

# Steig óvart á bensíngjöfina

**LÖGREGLUMÁL** Bíll fór fram af eins metra háum vegg við safnaðarheimili Akureyrarkirkju í gærdag og lenti á tveimur kyrrstæðum bílum.

Ökumaðurinn, sautján ára stúlka, ruglaðist á bensíngjöf og bremsu þegar bíllinn rann til í hálku, þannig að bíllinn fór fram af veggnum.

Stúlkan slapp ómeidd, og hinir bílarnir voru mannlausir. Allir bílarnir eru gjörónýtir eftir áreksturinn.

Samkvæmt lögreglu féll lausamjöll upp úr hádegi sem breyttist fljótt í hálku. Ökumaðurinn hafi líklega ekki verið vanur að keyra við slíkar aðstæður, og því fór sem fór. **- sþs**

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

➔ flugfelag.is

Netið

Þú færð alltaf hagstæðasta verðið á **www.flugfelag.is**

Ófrýnilegur fiskur flækist að Bretlandsströndum íbúum til mikillar furðu:

# Hlýnun hrekur bramafisk til Bretlands

**NÁTTÚRA** Bramafiskur, djúpsjávarfiskur sem veiðist reglulega við Ísland, fannst á dögunum við strendur Norfolk á Englandi. Er þetta í þriðja sinn sem slíkur fiskur finnst við strendur Bretlands á síðustu tveimur mánuðum, og þykir það benda til þess að fiskurinn sé að hefja innrás á hafsvæðið umhverfis Bretland. Einn slíkur fiskur fannst við Bretlandsstrendur árið 2005 en þá voru 33 ár síðan hann fannst þar síðast. Fréttavefur BBC segir frá þessu.

Gunnar Jónsson fiskifræðingur telur að fiskurinn ferðist í auknum mæli að Bretlandseyjum vegna hlýnunar sjávar. Í frétt BBC segir að bramafiskur sé tiltölulega algengur við Ísland. Gunnar kveðst þó ekki vilja skrifa upp á það. Fyrst hafi slíkur fiskur veiðst við Ísland árið 1901 í Selvogi. „Síðan hefur alltaf þótt nokkur viðburður þegar það gerist.“

Fiskurinn er vígalegur í útliti, verður allt upp undir hálfur metri að lengd, hefur stærðarinnar tennur og minnir helst á píranafisk. „Já, hann er svona eins og friðsamari útgáfa af honum,“ segir Gunnar. Hann segir bramafiskinn þó ekki hættulegan, og eflaust ágætan til átu. **- sh**



**BRAMAFISKUR** Það kom íbúum í opna skjöldu að finna bramafiskinn í fjörunni. Útlit hans vakti með fólki ótta um að náfrændi píranafisksins væri að nema þar land – eða öllu heldur sjó.



**GUNNAR JÓNSSON**

www.toyota.is

# SUMIR NOTAÐIR BÍLAR ERU EINFALDLEGA BETRI EN AÐRIR



**Toyota RAV4**
2000 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 06.06 Ekinn: 53.000 km
Verð: 2.750.000 kr. Skr.nr. OR-941



**Toyota Corolla W/G**
1400 Bensín 5 gíra
Á götuna: 05.06 Ekinn: 28.000 km
Verð: 1.720.000 kr. Skr.nr. AS-253



**Toyota Corolla W/G**
1400 Bensín 5 gíra
Á götuna: 07.06 Ekinn: 45.000 km
Verð: 1.640.000 kr. Skr.nr. ES-756



**Toyota Corolla S/D**
1400 Bensín 5 gíra
Á götuna: 07.06 Ekinn: 57.000 km
Verð: 1.380.000 kr. Skr.nr. PD-289



**Toyota Aygo**
1000 Bensín MM
Á götuna: 06.06 Ekinn: 19.000 km
Verð: 1.290.000 kr. Skr.nr. KN-454



**Toyota Yaris**
1000 Bensín 5 gíra
Á götuna: 05.06 Ekinn: 62.000 km
Verð: 1.090.000 kr. Skr.nr. PE-965



**Toyota Land Cruiser 90**
3000 Dísel 5 gíra
Á götuna: 06.01 Ekinn: 159.000 km
Verð: 1.950.000 kr. Skr.nr. RM-868



**Toyota Corolla S/D**
1400 Bensín 5 gíra
Á götuna: 06.06 Ekinn: 31.000 km
Verð: 1.490.000 kr. Skr.nr. SS-524



**Toyota Corolla S/D**
1600 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 11.00 Ekinn: 74.000 km
Verð: 850.000 kr. Skr.nr. UH-567



**Toyota Yaris**
1300 Bensín 5 gíra
Á götuna: 01.02 Ekinn: 77.000 km
Verð: 950.000 kr. Skr.nr. SY-263



**Toyota Corolla S/D Sol**
1000 Bensín 5 gíra
Á götuna: 05.06 Ekinn: 66.000 km
Verð: 1.200.000 kr. Skr.nr. JF-051



**Toyota Yaris**
1000 Bensín 5 gíra
Á götuna: 06.06 Ekinn: 57.000 km
Verð: 1.230.000 kr. Skr.nr. KL-885

BNB-sölugreining
Bílarnir ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annað hvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.

**Núna bjóðum við 12 betri notaða bíla á sannkölluðum úrvalskjörum.**

BETRI **NOTAÐIR** BÍLAR **TOYOTA**

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

ÚRVALSBÍLL | GÆÐABÍLL

ÍSLENSKA SIA.IS / ICE 39860 11/07

## GENGIÐ 05.11.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 59,05 | 59,33 |
| Sterlingspund | 122,95 | 123,55 |
| Evra | 85,38 | 85,86 |
| Dönsk króna | 11,451 | 11,519 |
| Norsk króna | 10,92 | 10,984 |
| Sænsk króna | 9,225 | 9,279 |
| Japanskt jen | 0,5161 | 0,5191 |
| SDR | 92,89 | 93,45 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

114,1135

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ráðherra sér ekki rök fyrir því að sveitarfélög fái hlutdeild í fjármagnstekjuskatti:

# Betra að nýta jöfnunarsjóðinn

**EFNAHAGSMÁL** Miklar sveiflur eru á fjármagnstekjuskatti, og hann er afar misjafn eftir landshlutum, sagði Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra í erindi á fjármálaráðstefnu sveitarfélaga í gær. Hann ítrekaði þar andstöðu sína við að sveitarfélög fengju hlutdeild í tekjum af fjármagnstekjuskatti.

„Ég fæ ekki séð hvaða röksemdafærsla gæti verið að baki því að sveitarfélög eigi að hafa hlutdeild í skattstofni sem gefur hæsta sveitarfélaginu ekki tíu sinnum heldur hundrað sinnum meiri tekjur á íbúa en lægsta sveitarfélaginu, auk þess að búa við skattstofn sem sveiflast svo gríðarlega mikið frá einu ári til annars,“ sagði Árni.



**GAGNRÝNDI RÁÐHERRA** Fjármálaráðherra gaf sveitarfélögum í landinu nánast langt nef í ræðu sinni í gær sagði Steingrímur J. Sigfússon. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Hann sagði heppilegra að ráðstafa tekjum í jöfnunarsjóð sveitarfélaga eins og gert hefði verið, og skipta framlagi úr honum út frá þörf sveitarfélaganna.

Orð fjármálaráðherra urðu Steingrími J. Sigfússyni, formanni Vinstri grænna, tilefni til þess að taka málið upp á Alþingi. Þar sagði Steingrímur að Árni hefði nánast gefið sveitarfélögunum langt nef með ummælum sínum. Hann hefði slegið út af borðinu allar hugmyndir um að sveitarfélögin fengju rýmri heimildir en þau hefðu í dag.

Geir H. Haarde forsætisráðherra varð fyrir svörum, og sagði hann unnið eftir yfirlýsingu frá því í mars síðastliðnum um aðgerðir til að greiða úr fjárhagsvanda sveitarfélaga. Vandinn yrði leystur í samskiptum ríkis og sveitarfélaga. - bj

Sextán umferðaróhöpp í gær:

## Skullu saman á gatnamótum

**LÖGREGLUMÁL Sextán umferðaróhöpp urðu milli hádegis og klukkan átta að kvöldi í gær. Í öllum tilvikum nema einu var um minni háttar árekstur að ræða.**

**Alvarlegasta óhappið varð um klukkan þrjú, þegar tvær bifreiðar skullu saman við gatnamót Álfheima og Suðurlandsbrautar.**

**Kalla þurfti út kranabíl til að draga annan bílinn í burtu. Að sögn lögreglu leit út fyrir að öðrum bílnum hefði verið ekið gegn rauðu ljósi þannig að hann skall á öðrum sem var að fara yfir á grænu ljósi. Engan sakaði í árekstrinum. - sþs**



**MÓTMÆLI** Félagar í Saving Iceland voru ósáttir við fréttir um greiðslur fyrir handtökur. MYND/GABRIEL MANRIQUE

Sjónvarpið ekki brotlegt:

## Orð gegn orði um greiðslur

**FJÖLMIÐLAR** Fréttir Sjónvarpsins um að félagar í Saving Iceland samtökunum hafi fengið greitt fyrir handtökur stönguðust ekki á við siðareglur blaðamanna, samkvæmt úrskurði siðanefndar Blaðamannafélags Íslands.

Saving Iceland kærði fréttastofu Sjónvarpsins, og sagði fréttirnar uppspuna frá rótum. Fréttirnar byggðu á nafnlausum heimildum, og í svari fréttastofunnar segir að heimildarmennirnir séu traustir.

Í úrskurði siðanefndarinnar segi að Saving Iceland hafi fengið næg tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, en orð standi gegn orði um sannleiksgildi fréttarinnar. - bj

### EVRÓPUSAMBANDIÐ

**Bæði til Lissabon og Brussel**

Útlit er fyrir að leiðtogar Evrópusambandsins skipti tveggja daga fundi sínum í desember á tvær borgir. Samkvæmt reglum ESB eiga aðalleiðtogafundir þess á hverju misseri að fara fram í Brussel en Portúgalar, sem fara nú með ESB-formennskuna, krefjast þess að nýr sáttmáli verði undirritaður í Lissabon svo að hann verði kenndur við borgina. Málamiðlunin á nú að verða sú að undirritunin fari fram í Lissabon en fundinum ljúki í Brussel.

# Íslandsmet í athugasemdum gæti fallið

**Stefnir í að fleiri sendi Skipulagsstofnun athugasemdir vegna Bitruvirkjunar en vegna Kárahnjúkavirkjunar árið 2001. Heimasíða áhugamanna býður upp á tilbúna athugasemd. Orkuveita Reykjavíkur kynnir virkjunina í dag.**

**UMHVERFISMÁL** Fjöldi athugasemda vegna fyrirhugaðrar Bitruvirkjunar Orkuveitunnar á Hengilssvæðinu nálgast nú gamalt Íslandsmet athugasemda, en það er frá árinu 2001 og vegna Kárahnjúkavirkjunar. Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út á föstudaginn, en í gær höfðu rúmlega 300 athugasemdir borist Skipulagsstofnun.

Árið 2001 voru sendar 362 athugasemdir vegna framkvæmda við Kárahnjúkavirkjun og var það Íslandsmet.

„Yfirleitt koma þær allar á síðustu stundu, segir Þóroddur Fr. Þóroddsson, sviðsstjóri umhverfissviðs hjá stofnuninni. Hins vegar sé ómögulegt að segja til um það. En hvað þýðir það að almenningur geri slíkar athugasemdir?

„Það er engin forskrift fyrir því hvaða áhrif þær geta haft,“ segir Þóroddur. „En þær eru allar vegnar og metnar.“

Það er svo framkvæmdaaðilinn, Orkuveita Reykjavíkur, sem fjallar um athugasemdirnar í matsskýrslu. Orkuveitan sendir skýsluna þá til Skipulagsstofnunar, sem byggir álit sitt á henni.

> Við erum bara að biðja um að horfið verði frá einni þessara fimm virkjana.

**PETRA MAZZETTI**
TALSMAÐUR WWW.HENGILL.NU

Umhverfisverndar- og útivistarfólk hefur mótmælt virkjuninni harðlega. Á síðunni www.hengill.nu má nálgast fyrirfram útfyllta athugasemd, sem senda má áfram til Skipulagsstofnunar. Afrit fær sveitarstjórn Ölfuss og umhverfisráðherra.

Petra Mazzetti, talsmaður síðunnar, segir þetta gert því flókið og tímafrekt geti verið fyrir fólk að setja sig inn í skipulags- og umhverfismál. „Kveikjan hjá okkur var nú bara að vekja athygli fólks á þessu fallega svæði sem er bara steinkast frá höfuðborgarsvæðinu,“ segir hún.

Þótt endanleg ákvörðun liggi hjá sveitarfélaginu Ölfusi, bindur Petra vonir við að Orkuveita Reykjavíkur hætti við framkvæmdina. Nú þegar hafi tvær virkjanir verið reistar á svæðinu en til standi að reisa þrjár til viðbótar. „Og við erum bara að biðja um að horfið verði frá einni þessara fimm virkjana,“ segir Petra.



**FRÁ HENGILSSVÆÐINU** Mótmælendur virkjunarinnar segja brýnna en nokkru sinni fyrr að íbúar höfuðborgarsvæðisins geti notið óspilltrar náttúru í hæfilegri fjarlægð frá heimilum sínum. MYND/KJARTAN PÉTUR SIGURÐSSON



**PETRA MAZZETTI**

Orkuveitan verður með kynningarfund um virkjunina klukkan 17 í höfuðstöðvum sínum í dag. Petra hvetur alla landsmenn til að mæta.

klemens@frettabladid.is

Tveggja vikna ferð að ljúka:

## Discovery á leiðinni heim

**VÍSINDI** Geimskutlan Discovery var losuð frá Alþjóðlegu geimstöðinni, ISS, í gær. Áður en hún heldur til jarðar mun hún fljúga umhverfis geimstöðina og taka af henni myndir.

Discovery var skotið á loft þriðjudaginn 23. október, og tengdist geimstöðinni tveimur dögum síðar. Tilgangurinn með ferðinni var að festa nýja álmu á stöðina, og undirbúa frekari viðbyggingar.

Snurða hljóp á þráðinn þegar rifa kom á stóra sólarrafhlöðu í síðustu viku, en geimförum tókst að lagfæra hana í sjö klukkustunda langri geimgöngu. Skutlan lendir á jörðinni á morgun. - sþs

Ársþing í New Orleans:

## Forsetinn flutti fyrirlestur um jarðvegsvísindi

**BANDARÍKIN Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, flutti fyrirlestur á ársþingi bandarísku samtakanna um jarðvegsvísindi í New Orleans í Bandaríkjunum í gær. Þingið sækja um þrjú þúsund vísindamenn, einkum bandarískir.**



**ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON**

**Forsetinn var þó ekki á staðnum heldur var fyrirlesturinn tekinn upp nokkrum dögum áður og sýndur með skjávarpa. Þar ræddi hann um hvernig hættan á loftslagsbreytingum kallaði á breytingar í orkubúskap heimsbyggðarinnar og ný viðhorf varðandi landgræðslu og baráttu gegn eyðingu landgæða. - sþs**


gott að vita

**Veist þú hver lífeyrisréttindi þín eru?**

- Er skylt að greiða í lífeyrissjóð?
- Hvað felst í lífeyrisréttindum?
- Hvers vegna þarf að greiða skatt af lífeyrisgreiðslum?
- Hvaða ávinningur er fólginn í því að greiða í lífeyrissjóð?

Svörin við þessum spurningum og fjölda annarra væri sannarlega gott að vita og þú finnur þau á www.gottadvita.is

LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA

www.gottadvita.is


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**VARASAMAR STORMHVIÐUR**
Nú framan af degi má búast við stormhviðum á landinu vestanverðu, norðan til og á miðhálendinu og einnig gæti hann rokið upp sumstaðar sunnan Vatnajökuls. Lægðin er reyndar ekki falleg sem þessu veldur, því þetta eru leifar af hitabeltisstorminum NOEL sem kostaði 60 manns lífið þegar hann gekk yfir eyjarnar í Karíbahafinu.

**REYKJAVÍK Í DAG**
Allhvöss suðvestan átt með snörpum vindhviðum. Rigning og síðar skúrir. Hiti 4-7 stig.







um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 10°C hálfskýjað | London | 17°C léttskýjað | Friedrichshafen | 11°C léttskýjað |
| Billund | 12°C léttskýjað | París | 14°C alskýjað | Lúxemborg | 11°C hálfskýjað |
| Osló | 4°C hálfskýjað | Amsterdam | 16°C alskýjað | Alicante | 21°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 5°C hálfskýjað | Frankfurt | 13°C skúrir | Róm | 17°C léttskýjað |
| Gautaborg | 9°C hálfskýjað | Berlín | 13°C skúrir | Las Palmas | 24°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

Leitin er hafin að íslenskum þátttakendum!

# Astma-Maraþon 2008



Ertu með astma?
Langar þig til að hlaupa Maraþon?
**Komdu á kynningarfund í Laugum (World Class) 7. nóvember kl. 20:00**

Astma- og ofnæmisfélagið, í samvinnu við AstraZeneca á Íslandi, leitar að einstaklingum, sem vilja taka þátt í þeirri ögrandi áskorun að keppa í þessari víðfrægu grein almenningsíþrótta – þrátt fyrir astmann!

Við bjóðum þeim, sem vilja láta slíka drauma rætast, að taka þátt í þessu metnaðarfulla verkefni undir eftirliti lækna og í krafti réttrar astmameðferðar og þjálfunar.

**Lýsing á verkefninu**
Undirbúningur verkefnisins hefst í nóvember 2007 og því lýkur með þátttöku í *Reykjavíkurmaraþoninu* í ágúst 2008. Þjálfun á undirbúningstímanum verður undir lækniseftirliti og leiðsögn maraþonþjálfara, æfingaáætlun sniðin að þörfum hvers þátttakanda og rík áhersla lögð á að rétt sé staðið að öllum undirbúningi og hlaupinu sjálfu.

**Þátttökuskilyrði**
Nauðsynlegt er þátttakendur hafi samþykki læknis átaksins til þátttöku.

**Ennfremur að þátttakendur:**

1. *séu 18 ára eða eldri*
2. *noti astmalyf reglulega*
3. *langi til að sanna fyrir sjálfum sér og öðrum að þetta sé hægt*

**Spennandi verðlaun**
Þeim tveimur þátttakendum, sem ná bestum árangri í Astma-Maraþoninu 2008, verður boðið að taka þátt í *New York Maraþonhlaupinu* í nóvember 2008.

**Hefur þú áhuga á að taka þátt?**
Hægt er að skrá sig á kynningarfundinum en einnig með því að senda póst á tölvufang Astma- og ofnæmisfélagsins: *ao@ao.is*. Vinsamlega tilgreindu nafn og símanúmer og í framhaldinu verður haft samband við þig.

**Astma- og ofnæmisfélagið • Síðumúla 6 • 108 Reykjavík**

ao

**KJÖRKASSINN**



*Á Barði Jóhannsson erindi í aðalkeppni Eurovision með lag sitt Ho, ho, Ho we say hey, hey, hey?*

| | |
|---|---|
| Já | 66,7% |
| Nei | 33,3% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ertu samþykkur áformum félagsmálaráðherra um að afnema launaleynd?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri segist vilja fækka í yfirstjórn borgarinnar:

# Borgarritari aftur á útleið

**STJÓRNSÝSLA** Leggja á niður stöðu borgarritara í Reykjavík. Tillaga þess efnis var lögð fram á borgarráðsfundi síðastliðinn fimmtudag, en var frestað. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri gerir fastlega ráð fyrir að hún verði samþykkt á næsta fundi.

Embætti borgarritara var lagt niður í lok árs 2004, en var endurvakið í júlí á þessu ári af Vilhjálmi Þ. Vilhjálmssyni, fyrrverandi borgarstjóra. Magnús Þór Gylfason, skrifstofustjóri borgarstjóra, hefur sinnt starfinu meðfram skrifstofustjórastarfinu. Hann átti aðeins að starfa sem borgarritari til bráðabirgða þangað til ráðið yrði í starfið, en það var aldrei gert.

„Mér fannst skynsamlegt að fækka í yfirstjórninni og hafa strúktúrinn flatari," segir Dagur. Þessi breyting er í raun til samræmis við það sem gildir hjá mörgum stórfyrirtækjum."

Hann segir tillöguna munu verða lagða fram á næsta fundi, og gerir ráð fyrir að hún verði samþykkt. „Það er almennur skilningur að borgarstjórar hafa mismunandi stjórnunarstíl. Sumir vilja verkstjóra sér við hlið en aðrir vilja flatari strúktúr."

Magnús sagðist ekki vera til viðtals um þetta mál. **- sþs**



**RÁÐHÚSIÐ** Dagur segir almennan skilning um það að borgarstjórar hafi mismunandi stjórnunarstíl. Því geri hann fastlega ráð fyrir að tillagan verði samþykkt á næsta fundi.

Viðamikil lögregluaðgerð:

## Búið að skila Vítisenglum

**LÖGREGLUMÁL** Aðgerð lögreglu vegna komu félaga í vélhjólasamtökunum Vítisenglar til landsins er lokið. Samkvæmt vef lögreglunnar var aðgerðin viðamikil og gekk eftir áætlun.

Átta manns úr félaginu var vísað frá landinu síðastliðinn föstudag. Það var gert á grundvelli útlendingalaga sem heimila slíkt ef það er nauðsynlegt með skírskotun til almannaöryggis.

Í tilkynningu lögreglunnar segir að félagið haldi uppi skipulegri glæpastarfsemi víða um heim og margir félagar í samtökunum hafi hlotið refsidóma fyrir alvarlega glæpi. **- sþs**

Þórhildur Rán flúði flóð:

## Íslendingur í öruggt skjól

**HAMFARIR** Íslensk stúlka sem flúði borgina Villahermosa í Mexíkó vegna flóða er nú komin í öruggt skjól í borginni Puebla sem liggur ofarlega í fjöllum.

Foreldrar Þórhildar Ránar Torfadóttur töldu hana hafa komist til borgarinnar Veracrruz með flugi, en vegna lélegs símasambands heyrðu þau ekki í stúlkunni í nærri tvo sólarhringa.

Þegar Fréttablaðið náði tali af móður Þórhildar, Ingibjörgu Lúcíu Ragnarsdóttur, hafði hún nýlega rætt við dóttur sína í síma. Hún segir ferðalag dóttur sinnar hafa gengið vel, og Þórhildur sé róleg yfir ástandinu. **- eá**



**TANNLÆKNINGAR** Læknirinn ku hafa misst bor upp í sjúkling sinn, með voveiflegum afleiðingum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Stóðst ekki Christinu Aguilera:

## Dansandi tannlæknir kærður

**BANDARÍKIN Tannlæknir í borginni Syracuse í Bandaríkjunum hefur verið kærður fyrir að valda sjúklingi sínum skaða þegar hann tók dansspor í miðjum tanndrætti – að því er sjúklingurinn fullyrðir.**

**Sjúklingurinn, hin 31 árs Brandy Fanning, heldur fram að lækninn, George Trusty, hafi ekki getað ráðið við sig þegar lagið Car Wash með Christinu Aguilera var leikið í útvarpinu, og byrjað að dansa. Við það hafi hann misst bor upp í hana með þeim afleiðingum að hún hlaut taugaskaða og bólgur í andliti.**

**Fanning fer fram á jafnvirði tæplega 40 milljóna króna í skaðabætur.** **- sh**

Mótmæla styttri opnunartíma:

## Rúmlega 1.700 skora á yfirvöld

**VERSLUN** Rúmlega 1.700 manns hafa undirritað áskorun til borgaryfirvalda og lögreglu um að stytta ekki afgreiðslutíma á Q-bar í Ingólfsstræti. Þetta kom fram á fréttavefnum visir.is í gær.

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri segir að taka verði mið af kvörtunum nágranna skemmtistaða. Endanleg ákvörðun verði tekin að vandlega athuguðu máli. Borgarráð ályktaði fyrir skömmu um að afgreiðslutími þriggja skemmtistaða í miðbænum yrði styttur og þeim lokað klukkan 3 í stað 5.30. Um er að ræða staðina Q-bar, Mónakó og MonteCarlo. **- bj**

# Taldi virðið fimm milljörðum meira

**Stjórn og eigendur Orkuveitu Reykjavíkur vissu ekki hvernig verðmæti Geysis Green Energy var metið við samrunann við Reykjavík Energy Invest. Forstjóri Orkuveitunnar mat virði Geysis Green mun hærra en það síðan reyndist.**

**VIÐSKIPTI** „Það má draga það verulega í efa að samningsverðið hafi verið eðlilegt verð fyrir Geysi Green Energy," segir Júlíus Vífill Ingvarsson, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins og stjórnarmaður í Orkuveitu Reykjavíkur.

Hjörleifur Kvaran, forstjóri Orkuveitu Reyjavíkur, sagðist í samtali við Fréttablaðið hafa talið að nettóvirði Geysis Green Energy (GGE) væri 25 til 25,5 milljarðar og að samningsverðið hefði verið tveir milljarðar umfram það. Bókfært verð GGE við samruna Reykjavík Energy Invest (REI) sé hins vegar tæpur 21 milljarður. Munurinn á bókfærðu verði og samningsverði sé því 6,7 milljarðar króna eða hátt í fimm milljörðum króna meiri en hann hefði áður talið.



JÚLÍUS VÍFILL INGVARSSON



HJÖRLEIFUR KVARAN



BJÖRN INGI HRAFNSSON

Minnisblað Hjörleifs Kvaran um verðmæti GGE við samrunann við REI var lagt fram á stjórnarfundi í Orkuveitunni um helgina.

Hjörleifur segir að nú hafi komið í ljós að samningsverðið hafi byggt á viðskiptum sem fram fóru í september. Þá var 8,5 prósenta hlutur í GGE seldur til Goldman Sachs og Ólafs Jóhanns Ólafssonar á genginu 1,3. Síðan hafi verið bætt við tíu prósenta álagi. Sér þyki þetta ekki óeðlileg aðferð í sjálfu sér.

Í minnisblaðinu segir Hjörleifur að færa megi gild rök fyrir því að eignasafn GGE sé hátt metið og beri ekki það yfirmat sem samningsverðið feli í sér. Aðspurður um hvort þetta geti orðið til þess að samrunasamningnum verði rift, segist hann ekki vera rétti maðurinn til að svara slíkri spurningu.

Björn Ingi Hrafnsson, borgarfulltrúi Framsóknarflokksins, segir að væntanlega hafi virði GGE ekki verið út úr kortinu við samrunann, sé miðað við þessi síðustu viðskipti með hluti í félaginu.

Hjörleifur segir að þegar samningur um samruna Geysis Green og Reykjavík Energy Invest var afgreiddur á stjórnar- og eigendafundi í Orkuveitunni 3. október, hafi umsamið verðmæti Geysis Green verið 27,5 milljarðar króna. Sama upphæð hafi komið fram á minnisblaði Bjarna Ármannssonar, stjórnarformanns Reykjavík Energy Invest, frá 22. september.

Hjörleifur segir að hvergi komi fram í þessum gögnum hvernig verðmat GGE var fundið, en slíkar upplýsingar hefðu tvímælalaust átt að liggja fyrir þegar stjórn og eigendur Orkuveitunnar fjölluðu um samninginn í byrjun október.

Júlíus Vífill segir að hlutur Orkuveitunnar virðist nú minni en áður, en óefnislegar eignir hennar voru í samrunanum metnar til tíu milljarða króna. „Yfirlýsingar þeirra sem töluðu fyrir þessum samruna á sínum tíma og sögðu að þetta væri frábær samningur fyrir Orkuveituna, standast augljóslega ekki." **ingimar@frettabladid.is**

Herjólfur veltist og veltist á leiðinni heim með þrjú hundruð börn á sunnudag:

# Börn sjóveik eftir fimleikamót

**HEILSA** Sjóveiki setti endapunktinn á Íslandsmótið í fimleikum sem haldið var í Vestmannaeyjum um helgina. Mikill öldugangur og veltingur var um borð í Herjólfi á leið í land með rúmlega þrjú hundruð börn á aldrinum tíu til tólf ára á sunnudagskvöld.

Svo mikill var veltingurinn að farþegar þurftu að hvílast og safna orku í nokkra stund eftir að skipið lagði að bryggju, áður en þeir fóru frá borði. Ferðinni aftur til Eyja seinkaði töluvert, meðal annars vegna þess að lengri tíma tók að þrífa farþegarými skipsins en venjulega.

Guðlaugur Ólafsson, stýrimaður á vakt á sunnudaginn, segist hafa orðið var við töluverða sjóveiki meðal farþega í ferðinni. „Þetta er svona þegar þú ert með stóra hópa af krökkum, þá er sjóveikin fljót að smitast á milli þeirra," segir hann. „Það er líka búin að vera leiðinleg tíð, mikill öldugangur og veltingur. Annars var þetta tiltölulega eðlileg haustferð, en kannski ekki sú skemmtilegasta."

Keppt var í fyrsta og öðru þrepi á Íslandsmótinu um helgina. Það er í raun undankeppni fyrir meistaramót í almennum fimleikum sem fer fram næsta sunnudag. **- sþs**



**ÖLDUGANGUR** Guðlaugur Ólafsson stýrimaður segir sjóveiki smitast auðveldlega á milli barna, sérstaklega þegar skipið veltist mikið. MYND/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

Gjábakkavegur við Þingvelli:

## Valdið er hjá sveitarfélaginu

**UMHVERFISMÁL „Fyrst og síðast er þetta ákvörðun skipulagsyfirvalda, hver endanleg veglína er, en ekki okkar," segir Gunnar Gunnarsson aðstoðarvegamálastjóri um nýjan Gjábakkaveg: „Bláskógabyggð hefur lokaorðið um það."**

**Síðan í ljós kom að hluti vegarins er ekki á aðalskipulagi, er talið að minnst sex mánuðir líði þar til framkvæmd vegarins verður boðin út.**

**Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands, sagði hér í blaðinu á laugardag að hann vonaðist til að sá tími yrði nýttur til að endurskoða málið.** **- kóþ**



**VIÐ VÍFILSSTAÐAVATN** Vatnið er friðlýst, en veiðimenn mega engu að síður mæta með stöngina. MYND/GUNNAR BENDER

Umhverfisráðuneytið:

## Þórunn friðlýsti Vífilsstaðavatn

**UMHVERFISMÁL** Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra hefur undirritað friðlýsingu Vífilsstaðavatns í Garðabæ.

Markmið þessa er að friða og vernda vatnið og treysta umhverfi þess sem útivistarsvæði.

Nú er óheimilt að spilla náttúrulegu gróðurfari, hrófla við jarðmyndunum og náttúrumyndunum í friðlandinu og trufla þar dýralíf, segir í tilkynningu frá ráðuneytinu. Eins verður umferð vélknúinna ökutækja bönnuð.

Heimilt verður hins vegar að veiða fisk á stöng í vatninu og aka á hjólhestum um svæðið. **- kóþ**

Stal geit og braust inn í kirkju:

## Slátraði geitinni Maddie í ölæði

**ÁSTRALÍA Ástralskri konu hefur verið gert að biðjast afsökunar á að hafa slátrað geit í kirkju undir áhrifum áfengis. Hún var jafnframt dæmd í tveggja ára skilorðsbundið fangelsi.**

**Hin 26 ára Tracy Arnold hafði setið að drykkju ásamt tveimur félögum sínum þegar þau ákváðu – í gríni að eigin sögn – að færa fórn að hætti djöfladýrkenda. Þau stálu geitinni Maddie af bæ skammt frá borginni Brisbane og brutust inn í nálæga kirkju þar sem Tracy afhöfðaði Maddie. Höfuðið fannst í ísskáp á heimili konunnar.** **- sh**


42PT85
42" Plasma sjónvarp
Upplausn 1024x768
Skerpa 15.000:1
Birtustig 1500
Svartími 0,001 ms
2 Stafrænir sjónvarpsmóttakarar
100Hz
199.900
160 GB UPPTÖKU DISKUR
LG
42" Plasma
LG
50" Plasma
239.900
50PC52
50" Plasma sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 15.000:1
Birtustig 1.500
Svartími innan við 1ms
Stór góð sjónvörp
129.900
37LC51
37" LCD sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 5.000:1
Birtustig 450
Svartími 6ms
159.900
42PC52
42" Plasma sjónvarp
Upplausn 1024x768
Skerpa 15.000:1
Birtustig 1500
Svartími innan við 1ms
179.900
42LC51
42" LCD sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 5.000:1
Birtustig 450
Svartími 5ms
259.900
42LY95
42" LCD sjónvarp
Upplausn 1920x1080 Full HD
Skerpa 5.000:1
Birtustig 500
Svartími 8ms
Stafrænn móttakari
RAFTÆKJAVERZLUN ÍSLANDS HF
- ANNO 1929 -
Skútuvogur 1 • Sími 568 8660 • ri@ri.is www.ri.is
Opið: Virka daga kl. 9-18 • Laugardaga 11-16
Life's Good LG
Útsölustaðir út á landi: Rönning Akureyri S. 4600 800 • Rönning Keflavík S. 420 7200 • Rönning Reyðarfirði S. 470 2020

**VEISTU SVARIÐ?**



*1. Eftir hvaða listakonu er armbandið Umvafin trú eða „Embracing faith“ sem bakarinn Jóhannes Felixson lét húðflúra á upphandlegg sinn í óleyfi?*

*2. Hvaða körfuboltalið er á toppi Iceland-Express-deildar kvenna?*

*3. Múmía hvaða egypska faraós var afhúpuð um helgina?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 42

Condoleezza Rice hitti Mahmoud Abbas í Ramallah:

# Bjartsýn á friðarviðræður

**RAMALLAH, AP** Condoleezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, og Mahmoud Abbas, forseti Palestínustjórnar, voru óvenju bjartsýn í gær á að væntanleg friðarráðstefna í Bandaríkjunum gæti opnað veginn til friðarsamkomulags milli Ísraels og Palestínumanna, hugsanlega innan eins árs.

Ehud Olmert, forsætisráðherra Ísraels, nefndi svipuð tímamörk á sunnudaginn þegar hann sagðist gera sér vonir um að árangur næðist áður en George W. Bush Bandaríkjaforseti lætur af embætti í lok næsta árs.

Abbas sagðist hafa fengið „uppörvandi merki“ frá bæði Ísraelsstjórn og Bandaríkjunum: „Ég er sammála Ehud Olmert forsætisráðherra um að nú sé raunverulegur möguleiki á því að ná friðarsamningi, og ég segi að okkur er full alvara með að grípa þetta tækifæri til að ná sögulegum friði.“

Rice hefur síðustu daga hitt bæði ísraelska og palestínska ráðamenn til að undirbúa friðarráðstefnu, sem ætlunin er að halda í Annapolis í Bandaríkjunum innan fárra vikna.

Á sunnudaginn viðurkenndu bæði Palestínumenn og Ísraelar að undirbúningurinn gengi erfiðlega. **- gb**



**RICE OG ABBAS** Hittust í Ramallah í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Björgunarsveit fagnar afmæli:

# Bjargað 232 í sjávarháska

**TÍMAMÓT** Alls eiga 232 manns meðlimum Björgunarsveitarinnar Þorbjarnar í Grindavík líf sitt að launa eftir þau 60 ár sem sveitin hefur verið starfandi. Undanfarin ár hefur hún verið kölluð út að meðaltali 38 sinnum á ári, eða á tíu daga fresti að jafnaði.

Sveitin er ein af best útbúnu sjóbjörgunarsveitum landsins, og hefur kappkostað að þjálfa menn og kaupa tækjabúnað í samræmi við það, að því er segir í tilkynningu frá sveitinni.

Um þessar mundir er 60 ára afmæli sveitarinnar fagnað og voru hátíðarhöld vegna tímamótanna um síðastliðna helgi. **- bj**

Danskir vörubílstjórar:

# Loka umferð í mótmælaskyni

**DANMÖRK, AP Danskir flutningabílstjórar efndu til mótmælaaðgerða í gær og lokuðu samgönguleiðum til og frá Danmörku. Bifreiðastjórarnir mótmæla sektum sem lagðar eru á ökumenn sem brjóta gegn vinnutímareglum Evrópusambandsins.**

**Meðal annars komu þeir í veg fyrir umferð um göng og brú til Svíþjóðar og um flestar þær brýr sem tengja stærstu eyjar Danmerkur. Einungis umferð flutningabifreiða var þó stöðvuð. Einkabifreiðar og fólksflutningabifreiðar fengu að fara leiðar sinnar.**

**Samkvæmt nýjum reglum Evrópusambandsins, sem tóku gildi í apríl, verða ökumenn að taka samtals 45 mínútna hvíld á móti hverjum 4,5 klukkustunda ökutíma.** **- gb**

Fulltrúar Serbíustjórnar funduðu um Kosovodeiluna í gær:

# Hong Kong sem fyrirmynd?

**SERBÍA, AP** Fulltrúar Serbíustjórnar stungu upp á því í gær að litið yrði til fyrirkomulagsins á tengslum Hong Kong við Kína sem fyrirmynd að því hvernig semja mætti um framtíðartengsl Kosovohéraðs við Serbíu.

Fulltrúar grannríkja Serbíu höfnuðu hugmyndinni hins vegar strax í nýjustu lotu alþjóðlegra miðlunarviðræðna um málið sem fram fóru í Vínarborg. Fulltrúarnir sögðu einnig að enginn árangur hefði náðst í viðræðum dagsins.

Boris Tadic Serbíuforseti sagði að samkvæmt Hong Kong-módelinu gætu hin tvö tengdu svæði stjórnað sér sjálf en þó stjórnskipulega undir einu þaki. **- aa**



**VIÐRÆÐUR Í VÍN** Vojislav Kostunica forsætisráðherra, Boris Tadic forseti og Vuk Jeremic utanríkisráðherra Serbíu við samningaborðið í Vín. FRÉTTABLAÐIÐ/AP


ADRO™
Einstök hljóðvinnsla

HEYR HEYR

• Öll þjónusta fyrir heyrnartækjanotendur
• Heyrnarmælingar, heyrnartæki
• Ráðgjöf, viðgerðarþjónusta, tæknilausnir
• Starfsfólk með áratuga reynslu

HEYRNARSTÖÐIN

3. hæð, Kringlunni • Tímapantanir virka daga frá 9-17 í síma 568 6811 • www.heyrnarstodin.is




**LÖGFRÆÐINGUR TEKINN** Einkennisklæddur lögreglumaður í Lahore handtekur lögfræðing sem mótmælti alræðisvaldi Pervez Musharraf. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Slegist við lögfræðinga

**Lögreglan í Pakistan beitti í gær kylfum og táragasi gegn þúsundum lögfræðinga sem mótmæltu alræðisvaldi Musharrafs forseta. Tvö þúsund handteknir.**

**PAKISTAN, AP** Þúsundir lögfræðinga í Pakistan fóru út á götur í gær til að mótmæla Pervez Musharraf og því alræðisvaldi sem hann tók sér um helgina. Lögreglan tók hart á mótmælum lögfræðinganna, og beitti óspart bæði táragasi og kylfum.

Stjórnvöld sögðu að hátt í tvö þúsund manns hefðu verið handteknir síðustu daga, en stjórnarandstæðingar segja fjölda hinna handteknu líklega tvöfalt hærri.

Musharraf forseti, sem einnig er æðsti yfirmaður hersins, rændi völdum árið 1999. Hann nam stjórnarskrá landsins úr gildi á laugardag, stuttu áður en Hæstiréttur landsins hugðist kveða upp dóm um það hvort hann hafi löglega verið kosinn í forsetaembættið í eitt kjörtímabil enn.

Musharraf rak fjölda dómara og gaf lögreglunni víðtækar heimildir til að berja niður mótmæli.

Þótt vaxandi reiði gæti meðal almennings hafa mótmælin til þess einkum verið bundin við mannréttindahópa og lögfræðinga. Öll mótmæli hafa verið barin niður hratt og stundum af fullri hörku.

Erlend ríki hafa lýst yfir vonbrigðum sínum með þessar aðgerðir forsetans í Pakistan. Condoleezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, hvatti Musharraf til að standa við loforð sín og „afklæðast einkennisbúningnum“, nefnilega að segja af sér sem yfirmaður hersins.

„Við trúum því að besta leiðin fyrir Pakistan sé að fara fljótt aftur inn á braut stjórnarskrárfestu og halda kosningar,“ sagði Rice í gær.

Musharraf átti fund með erlendum sendiherrum í gær og ítrekaði þar fyrirætlanir sínar um að koma á lýðræði í Pakistan, þótt stjórnvöld hafi sagt að kosningunum, sem halda átti í janúar, verði hugsanlega frestað um allt að eitt ár.

Staða Musharrafs hafði veikst töluvert undanfarið eftir að herskáir múslimar tóku að sprengja sprengjur utan landamærahéraðanna við Afganistan, þar sem þeir hafa víðtækan stuðning almennings.

Einnig hefur endurkoma Benazir Bhutto, fyrrverandi forsætisráðherra, veikt stöðu Musharrafs. Hún hefur þó fyrir sitt leyti einnig misst vinsældir eftir að hún samdi við Musharraf um skiptingu valda þannig að hún yrði forsætisráðherra ef hann léti sér nægja að vera forseti næsta kjörtímabil en segði af sér sem yfirmaður hersins.

gudsteinn@frettabladid.is


ÁNÆGJULEGUR AKSTUR
RÍKULEGUR BÚNAÐUR
AFBURÐA EIGINLEIKAR
SUZUKI
Way of Life!
Komdu í reynsluakstur
upplifunin verður ánægjuleg.
GRAND VITARA
SJÁLFSKIPTUR
GRAND VITARA
SPORT
Verð 2.990 þús.
SUZUKI
Skeifunni 17. Sími 568 5100.
Kíktu á suzukibilar.is
Hugtök Okt 07



**PRJÓNAÐ Í KIRGISISTAN** Stúlka í þjóðbúningi Kirgisa sýnir knapalistir sínar á hátíð sem tileinkuð er kirgisíska hestinum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Síbrotamaður í gæsluvarðhaldi til 1. febrúar 2008:

# Hæstiréttur átelur seinagang

**DÓMSMÁL** Síbrotamaður hefur verið dæmdur í Hæstarétti til að sæta gæsluvarðhaldi til 1. febrúar 2008.

Umræddur maður hefur tvisvar hlotið dóma á þessu ári fyrir fjölmörg alvarleg brot, þar á meðal rán, íkveikju, innbrot í íbúðarhúsnæði, hraðbanka og bifreiðar, nytjastuld, fíkniefnalagabrot og eignaspjöll. Báðum dómunum áfrýjaði hann til Hæstaréttar.

Maðurinn hefur setið í gæsluvarðhaldi meira eða minna það sem af er þessu ári. Í júlí úrskurðaði Hæstiréttur svo að hann skyldi látinn laus, þar sem málsmeðferðin fyrir Héraðsdómi hefði dregist lengur en ásættanlegt væri.

Fjórum dögum síðar var maðurinn enn úrskurðaður í gæsluvarðhald vegna auðgunar- og umferðarlagabrota.

Í dómi Hæstaréttar vegna framlengingar gæsluvarðhalds nú segir: „Vegna dráttar á meðferð máls þessa og dráttar hjá Héraðsdómi Reykjaness við að koma frumgögnum til ríkissaksóknara hefur varnaraðili nú setið lengur í gæsluvarðhaldi en æskilegt getur talist. Engu að síður verður, í ljósi þess að varnaraðili hefur verið sakfelldur fyrir svo mörg alvarleg brot, og ljóst er að brotaferill hans tengist neyslu fíkniefna, að staðfesta úrskurð héraðsdóms...“ - jss



**HÉRAÐSDÓMUR REYKJANESS** Hæstiréttur átelur Héraðsdóm Reykjaness fyrir seinagang í málsmeðferð síbrotamanns.

Handteknu Frakkarnir:

# Þekktu ekki til laganna í Tsjad

**FRAKKLAND, AP** Frönsku hjálparstarfsmennirnir, sem handteknir voru í Tsjad nýverið, virtust ekki hafa ætlað að selja börnin sem þeir hugðust flytja með sér til Frakklands.

Þetta segir franski blaðamaðurinn Marc Garmirian, einn þriggja blaðamanna sem handteknir voru með hjálparstarfsmönnunum en þeir fengu að fara til Frakklands á sunnudag.

Hann segir mistök starfsmanna hjálparsamtakanna L'Arche de Zoé fyrst og fremst hafa verið þau að þekkja ekki til laga í Tsjad. - gb

Eldfjall á Indónesíu:

# Beðið eftir næsta eldgosi

**INDÓNESÍA, AP** Toppur eldfjallsins Kelud á Indónesíu hefur hitnað gríðarlega undanfarna daga og þykkur reykjarmökkur umlykur hann. Jarðfræðingar reikna með því að eldgos geti hafist hvenær sem er.

Síðast gaus í Kelud árið 1990 en þúsundir manna fórust þegar eldgos varð þar árið 1919.

Þúsundir hafa flúið heimili sín við hlíðar fjallsins, en um 25 þúsund manns fara hvergi og hunsa viðvaranir stjórnvalda um hættuna.

Jarðskjálftahrina hefur gengið yfir svæðið síðustu daga. - gb

Forsetakosningar í Gvatemala:

# Alvaro Colom verður forseti

**GVATEMALA, AP** Alvaro Colom, sem í kosningabaráttunni kallaði sig sérlegan talsmann fátækra, sigraði í forsetakosningunum í Gvatemala á sunnudaginn.



**ALVARO COLOM**

Þegar 99 prósent atkvæða höfðu verið talin hafði Colom hlotið 53 prósent en Otto Perez Molina, fyrrverandi hershöfðingi, hlaut 47 prósent.

Colom er 56 ára, fyrrverandi aðstoðarfjármálaráðherra og hefur tvisvar sinnum áður boðið sig fram til forseta. - gb

# Íslendingar tengdir barnaklámshring

**Tveir karlmenn voru handteknir hér á landi í umfangsmikilli rannsókn á erlendum barnaklámshring. Annar var með yfir 24 þúsund ljósmyndir sem sýndu misnotkun á börnum og 46 klukkustundir af hreyfimyndum með sama efni.**

**LÖGREGLUMÁL** Tveir íslenskir karlmenn voru handteknir í tengslum við umfangsmikla rannsókn á alþjóðlegum barnaklámshring. Annar mannanna var með um 24 þúsund ljósmyndir og um 800 hreyfimyndir með barnaklámi á tölvu sinni.

Rannsókn málsins má rekja til Ástralíu árið 2006, þegar fyrstu myndböndin fundust, að því er fram kom á fréttamannafundi Europol í gær. Í kjölfarið var 42 ára gamall ítalskur karlmaður handtekinn.

Maðurinn er grunaður um að hafa framleitt barnaklám, jafnvel eftir pöntun viðskiptavina, í sérstöku myndveri í Úkraínu, og í Belgíu og Hollandi. Maðurinn seldi efnið á heimasíðu sinni, og reyndust viðskiptavinir hans vera um 2.500 talsins í 30 löndum.

Fulltrúar Europol létu íslensk löggæsluyfirvöld vita af því að grunur léki á að tveir íslenskir menn hefðu keypt efni af síðunni. Eftir rannsókn kynferðisbrotadeildar voru tveir menn handteknir og lagt hald á tölvur þeirra. Mennirnir eru báðir búsettir á höfuðborgarsvæðinu, annar er á fertugsaldri en hinn á þrítugsaldri, að því er fram kemur í tilkynningu frá lögreglu.

Annar mannanna viðurkenndi að hafa skoðað umrædda heimasíðu en segist ekki hafa keypt efni þaðan. Í tölvu hans fundust þó tæplega 1.000 myndir sem sýna kynferðislega misnotkun á börnum að mati lögreglu.

Í tölvu hins sakborningsins fann lögregla rúmlega 24 þúsund ljósmyndir og um 800 hreyfimyndir með samtals 46 klukkustundum af barnaklámi. Sumar hreyfimyndanna voru af umræddri heimasíðu.

Mál mannanna tveggja hafa verið send embætti ríkissaksóknara, sem tekur ákvörðun um útgáfu ákæru í slíkum málum. Verði mennirnir fundið sekir gætu þeir fengið allt að tveggja ára fangelsisdóma.

Ítalinn sem handtekinn var, grunaður um framleiðslu og sölu á barnaklámi, er grunaður um að hafa framleitt um 150 hreyfimyndir sem sýna börn beitt kynferðislegu ofbeldi. Lögregla hefur borið kennsl á alls 23 börn á aldrinum níu til sextán ára sem komu fyrir á myndskeiðunum.

Meðal þeirra sem handteknir voru erlendis fyrir að kaupa efni af síðunni voru kennarar og sundþjálfarar. brjann@frettabladid.is



**BARNAKLÁM** Annar Íslendinganna sem handteknir voru fyrir tengsl við erlenda barnaklámssíðu viðurkenndi að hafa keypt efni af síðunni, en hinn aðeins að hafa skoðað síðuna. Myndin er sviðsett. NORDICPHOTOS/GETTY


**Getur Ísland orðið miðstöð fyrir alþjóðlegan lífeyrissjóðarekstur?**

Fjármálaráðuneytið boðar í samstarfi við Landssamtök lífeyrissjóða og Samtök fjármálafyrirtækja til morgunverðarfundar

**Nordica Hotel miðvikudaginn 7. nóvember 2007 kl. 8:30-10:00**



Inngangur

*Baldur Guðlaugsson, ráðuneytisstjóri fjármálaráðuneytisins*



Í hverju liggur styrkur íslenska lífeyrissjóðakerfisins í alþjóðlegum samanburði?

*Þorgeir Eyjólfsson, forstjóri Lífeyrissjóðs verzlunarmanna*



Nýsamþykkt lög til innleiðingar á Evróputilskipun um starfstengda eftirlaunasjóði

*Ingvi Már Pálsson, lögfræðingur í fjármálaráðuneytinu*



Starfræksla alþjóðlegra lífeyrissjóða á Íslandi, tálsýn eða tækifæri?

*Marinó Örn Tryggvason, forstöðumaður eignastýringar fagfjárfesta hjá Kaupþingi*



Fundarstjóri

*Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða*

**Skráningargjald kr. 1.450 greiðist við innganginn, morgunverður innifalinn. Vinsamlegast tilkynnið þátttöku í síma 545 9200 eða í netfang afgreidsla@fjr.stjr.is f. h. þriðjudaginn 6. nóvember**


Formaður samgöngunefndar vill beina umferð einkaþotna til Keflavíkurflugvallar:

# Lendingargjöld munu hækka

**ALÞINGI** Til stendur að hækka lendingargjöld fyrir einkaþotur á Reykjavíkurflugvelli, sem gæti leitt til þess að þær lendi í framtíðinni frekar í Keflavík. Þetta kom fram í máli Kristjáns L. Möller samgönguráðherra í fyrirspurnatíma á Alþingi í gær.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir, formaður samgöngunefndar, spurði Kristján um afstöðu hans til þess hve lendingum einkaþotna í Reykjavík hafi fjölgað, sem fylgi bæði mengun og hávaði.

Steinunn óskaði þess að ráðherra sammæltist henni um að marka þá stefnu að aukning í lendingum einkaþotna verði ekki öll á Reykjavíkurflugvelli.

Kristján tók ekki undir þessa framtíðarsýn Steinunnar, en sagði þó lendingargjöld ekki nægilega há á Reykjavíkurflugvelli. Forsvarsmenn Flugstoða vinni nú að breytingum, þannig að verðskráin verði líkari því sem hún er á sambærilegum flugvöllum erlendis, sem gæti fækkað lendingum.

Það sem af er þessu ári hafa um 1.800 millilandaflug farið um Reykjavíkurflugvöll, sagði Kristján. Það gerir um sex lendingar og sex flugtök á dag að meðaltali.



**EINKAÞOTUR** Um 1.500 einkaþotur í millilandaflugi hafa farið um Reykjavíkurflugvöll það sem af er ári. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Inni í þeirri tölu er áætlunarflug til Færeyja og Grænlands. Samkvæmt upplýsingum frá Flugfélagi Íslands má gera ráð fyrir því að það séu um 300 flugferðir. Eftir standa því um 1.500 lendingar einkaþotna á flugvellinum það sem af er árinu. - bj

Farbann Litháanna framlengt:

# Um 300 þjóf- stolnir munir

**DÓMSMÁL** Þrettán Litháar sitja enn í farbanni hér á landi vegna stórfelldra þjófnaðarmála.

Um 300 þjófstolnir munir fundust í íbúðinni sem þeir héldu til í. Einkum var um að ræða fatnað, snyrtivörur og ýmsan tæknibúnað.

Farbannið á Litháana var framlengt frá mánaðamótum til 13. nóvember í Héraðsdómi Reykjavíkur. Fjórir þeirra kærðu úrskurðinn til Hæstaréttar, sem staðfesti hann í gær.

Í greinargerð lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu kemur fram að hann rannsaki nú rúmlega 20 þjófnaði úr verslunum. - jss

Hreyfihamlað fórnarlamb dekkjaþjófa í Rimahverfi komið með hjól undir bílinn:

# Fékk ný dekk og fríar felgur

**LÖGREGLUMÁL** Bjartmar Þorgrímsson sem varð fyrir því að nýjum vetrardekkjum og felgum var stolið undan bíl hans í Rimahverfi aðfaranótt miðvikudags í síðustu viku fékk ný dekk undir bílinn seinna sama dag.

„Við fengum góð dekk og felgur hjá Vöku sem hann þurfti að borga mun minna en fullt verð fyrir,“ segir Sigurbjörn Kristjánsson, stuðningsfulltrúi og vinur Bjartmars, sem er þakklátur starfsmönnum Vöku fyrir að hafa sýnt Bjartmari skilning. „Þeir eru alltaf almennilegir hjá Vöku. Bjartmar borgaði 42 þúsund krónur fyrir allt saman. Það má eiginlega segja að hann hafi fengið felgurnar fríar,“ segir Sigurbjörn. Sjálfur segir Bjartmar nýju dekkin reynast vel, þau séu í það minnsta ennþá undir bílnum.


Dekkjum stolið af bíl hreyfihamlaðs manns

FRÉTTABLAÐIÐ 1. NÓVEMBER

Eins og kom fram í Fréttablaðinu á fimmtudag er Bjartmar hreyfihamlaður og bíll hans merktur þannig. Fréttin vakti sterk viðbrögð.

Kona, sem hafði samband við Fréttablaðið á fimmtudag með það í huga að greiða ný dekk fyrir Bjartmar ef á þyrfti að halda, kvaðst afar döpur yfir því að þjófar réðust að fötluðum manni með þessum hætti. Einnig var hringt frá bílaumboði og Bjartmari boðin ókeypis dekk. Faðir fatlaðrar stúlku sagðist hafa verið svo reiður þegar hann las fréttina að hann hefði hreinlega öskrað. Margir hringdu einnig í Bjartmar sjálfan til að láta hann vita að þeim stæði ekki á sama um það óþokkabragð sem hann var beittur. - gar

Hvalfjarðargöng:

# Sá kræfasti mældist á 101

**LÖGREGLUMÁL** **Hundrað fjörutíu og fjórir ökumenn voru staðnir að hraðakstri í Hvalfjarðargöngum frá miðvikudegi til föstudags í síðustu viku.**

**Meðalhraði ökufantanna var rúmlega 83 kílómetrar en leyfður hámarkshraði í göngunum er 70. Fáir voru á áberandi miklum hraða en níu ökumenn óku þó á 90 km hraða eða meira. Sá sem hraðast ók mældist á 101. Á fyrrgreindu tímabili vaktaði umferðarmyndavélin 5.417 ökutæki. Þrjú prósent ökumanna óku því of hratt eða yfir svokölluðum afskiptahraða.** - jss

Sekt og miskabætur:

# Réðst á leigubílstjóra við störf

**DÓMSMÁL** **Karlmaður á fertugsaldri hefur verið dæmdur í héraðsdómi fyrir að ráðast á kvenkyns leigubílstjóra við störf. Hann var dæmdur til að greiða bílstjóranum 100 þúsund krónur í miskabætur, auk 180 þúsunda króna í sekt til ríkissjóðs.**

**Maðurinn réðst á leigubílstjórann í bíl hans og tók um háls hans með þeim afleiðingum að bílstjórinn hlaut nokkra áverka. Tilefni atburðarins var að maðurinn var ásamt þremur konum í bílnum þegar ein þeirra þurfti að kasta upp. Maðurinn heimtaði að slökkt yrði á gjaldmælinum á meðan, reiddist í framhaldi af því og réðst á leigubílstjórann.** - jss


**Í HART** Félagar í Writers Guild of America vekja athygli á kröfum sínum við höfuðstöðvar NBC-sjónvarpsstöðvarinnar í New York í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Handritshöfundar vestra:

# Verkfall í fyrsta sinn í 20 ár

**BANDARÍKIN, AP** Í það stefnir að ýmsir dagskrárliðir í sjónvarpi vestra falli niður vegna verkfalls handritshöfunda, sem hófst í gær.

Síðast fóru handritshöfundar í verkfall árið 1988. Þá stóð það yfir í 22 vikur og kostaði sjónvarps- og kvikmyndaiðnaðinn 500 milljónir dala, andvirði um 30 milljarða króna. Aðalkrafa þeirra nú er að fá hlutdeild í tekjum sem skapast af dreifingu sjónvarpsefnis á DVD-diskum og á netinu.

„Sjö-orða slagorðið er: „Þegar þið fáið borgað fáum við borgað“,“ sagði Michael Winship, forseti Writers Guild of America East. - aa

Hlaðvarpinn auglýsir:

# Styrkja menningu kvenna

**MENNING** **Styrkja á menningarstarfsemi kvenna um allt að 10 milljónir árlega.**

**Hlaðvarpinn, menningarsjóður kvenna á Íslandi, auglýsir nú eftir umsóknum um styrki. Markmið sjóðsins er að styrkja menningarstarfsemi kvenna á borð við listir, rannsóknir og fræðslu sem beinist að því að greina, efla, varpa ljósi á og breyta stöðu kvenna í íslensku samfélagi. Styrkirnir bjóðast konum, samtökum þeirra, félögum eða fyrirtækjum.** - eá






**KRÖFUGANGA KÚRDA** Um 2.000 Kúrdar sem búsettir eru í Þýskalandi fylktu liði í miðborg Hamborgar um helgina þar sem þeir mótmæltu áformum Tyrkja um innrás í Norður-Írak. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

SFR stefnir Skattstofunni á Reykjanesi í deilu um ofgreiðslu launa í veikindum:

# Átti að endurgreiða 100 þúsund

**VINNUMARKAÐUR** SFR, Stéttarfélag í almannaþjónustu, ætlar að stefna Skattstofunni á Reykjanesi vegna þess að skattstofan hefur krafið starfsmann um endurgreiðslu launa. Maðurinn fékk meira en 100 þúsund krónur ofgreiddar í veikindum sínum. SFR telur að starfsmaðurinn hafi ekki mátt vita um ofgreiðsluna og því sé honum ekki skylt að greiða til baka.

Árni Stefán Jónsson, formaður SFR, segir að almennt sé gengið út frá því að ekki sé hægt að krefja starfsmann, sem fær ofgreidd laun og ekki hefði mátt gera sér grein fyrir að um ofgreiðslu launa væri að ræða, um endurgreiðslu. „Þetta höfum við notað í okkar vinnu og allir dómar sem koma núna styrkja þessa túlkun," segir Árni Stefán.



**SVO FLÓKIÐ** „Þetta er svo flókið að Skattstofan gat ekki reiknað þetta," segir Árni Stefán Jónsson, formaður SFR.

„Skattstofan segir hins vegar að starfsmaðurinn hafi átt að borga upphæðina til baka því að hann hafi ekki átt svona mikinn rétt en við sýnum fram á að þetta var flókið ferli, starfsmaðurinn var í fulllu starfi en fór í hlutastarf og þá teljast veikindin með öðrum hætti en áður. Þetta er svo flókið að Skattstofan gat ekki reiknað þetta og varð að fá fjármálaráðuneytið og okkur hérna til að leggjast yfir það," segir hann.

Fréttablaðið greindi nýlega frá því að dómur hefði nýlega gengið í Hæstarétti þar sem launþegi þarf ekki að endurgreiða það sem hann hafði fengið ofgreitt þar sem hann hefði ekki vitað að um ofgreiðslur hefði verið að ræða. - ghs



**CHAVEZ HYLLTUR** Hugo Chavez, forseti Venesúela, heilsar stuðningsfólki á fjöldafundi í Karakas, þar sem hann hóf baráttu fyrir því að þjóðin samþykkti stjórnarskrárbreytingar hans. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Iceland Express mótmælir:

## 56 prósenta hækkun í einu

**SAMGÖNGUR** Iceland Express mótmælir 56 prósenta hækkun aðstöðugjalda í Leifsstöð, sem tók gildi 1. október.

Flugfélagið metur hækkunina sem aukakostnað „upp á fleiri hundruð milljónir". Kostnaðurinn leggist að hluta á viðskiptavini félagsins. Iceland Express undrast að fjölgun farþega í flugstöðinni lækki ekki kostnað, fremur en að hækka hann. „Það vaknar sá grunur að verið sé að nota aðstöðugjöld flugfélaganna til að greiða fyrir bætta veitingaaðstöðu," segir Matthías Imsland, forstjóri félagsins, í tilkynningu. - kóþ

**KENÍA**

### Hundruð aftakna

Fleiri en 450 kenískir karlar hafa verið teknir af lífi á síðustu fimm mánuðum, að því er mannréttindaskrifstofa þar í landi greinir frá. Talsmaður skrifstofunnar tengir drápin við stríð sem standi yfir milli lögreglu og glæpagengis sem sakað er um að stunda það að hálshöggva meinta óvini sína.

**EVRÓPUSAMBANDIÐ**

### Aðeins Króatía

Af sjö ríkjum, sem óskað hafa eftir aðild að Evrópusambandinu, getur aðeins Króatía vænst þess að fá aðild innan þriggja ára. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu frá Evrópusambandinu, sem birt verður í dag.

# Togurum hefur fækkað úr nítján í fimm á Austurlandi

**Togskipum sem gerð eru út frá Austurlandi hefur fækkað úr nítján í fimm. Áður voru gerð út slík skip frá níu byggðarlögum en nú eru þau fjögur. Vandi byggða utan áhrifasvæðis álvers í Reyðarfirði er mikill.**

**SAMFÉLAGSMÁL** Togskipum sem gerð eru út frá höfnum á Austurlandi hefur fækkað úr nítján í fjögur á tæpum tveimur áratugum. Sveitarstjórnarmenn tala um byltingu í atvinnuháttum sem undirstriki mikilvægi uppbyggingar á Miðausturlandi. Samkeppni um vinnuafl er mikil og álver Alcoa Fjarðaáls í Reyðarfirði hefur aðdráttarafl. Taka þarf sérstaklega á vanda þeirra byggða sem eru utan áhrifasvæðis álversins, að mati sveitarstjórnarmanna.

Á árunum 1980 til 1990 voru lengst af gerðir út nítján togarar frá níu byggðum á Austurlandi. Nú eru gerðir út fimm togarar frá fjórum byggðarlögum. Útgerð togaranna var bakbein byggðanna með mikilli fiskvinnslu á hverjum stað allt árið um kring. Störfum í fiskvinnslu hefur fækkað gríðarlega með hvarfi skipanna en einnig vegna tæknibyltingar í sjávarútvegi.

Smári Geirsson, forseti bæjarfulltrúi í Fjarðabyggð, segir að þessi þróun birtist með skýrum hætti í íbúaþróun á Austurlandi og fækkunin hafi haft mikil áhrif á mannlífið. „Hér er um gríðarlega breytingu í atvinnuháttum að ræða. Austfirskir sveitarstjórnarmenn voru að lýsa þessum breytingum þegar við höfum baráttu fyrir þeirri atvinnuuppbyggingu sem nú á sér stað á Austurlandi. Við töluðum oft fyrir daufum eyrum. Þetta voru meginrökin fyrir því hversu gríðarlega mikilvægt það er að byggja nýjar öflugar greinar sem hafa skjót áhrif. Nú erum við aftur að sjá ungt fólk snúa til baka með góða menntun, sem er gríðarlega ánægjulegt."

Smári segir að þau sveitarfélög sem liggja utan áhrifasvæðis álversins á Reyðarfirði glími við mikinn vanda sem stjórnvöld þurfa að taka á. „Hljóðið í sveitarstjórnarmönnum nyrst og syðst á Austurlandi, eins og víðar á landsbyggðinni, er mjög þungt. Það er ljóst að fara þarf í stóraðgerðir til að bæta stöðu þeirra og ríkið þarf að koma að því verkefni. Styrkja þarf tekjustofna sveitarfélaganna, sem er grundvallaratriði." svavar@frettabladid.is




Fyrsta vélin gangsett í Kárahnjúkavirkjun í gær eftir nokkra töf:

# Virkjunin verður komin á fullt um næstu mánaðamót

**KÁRAHNJÚKAR** Fyrsta vélin sem gengur fyrir vatni frá Hálslóni var gangsett í Kárahnjúkavirkjun í gær. Hún framleiðir um 100 megavött fyrir álver Alcoa Fjarðaáls í Reyðarfirði. Hver vélin á fætur annarri verður gangsett með viku millibili á næstu vikum þannig að um næstu mánaðamót verði virkjunin komin í fullan gang.

„Nú þegar fyrsta vélin er komin í gang getur Alcoa Fjarðaál aukið raforkuþörf sína og gangsett fleiri ker. Í framhaldinu munum við taka í gagnið hverja vélina á fætur annarri. Þá er bara spurning hvað viðskiptavinurinn getur tekið hratt við rafmagninu," segir Sigurður Arnalds, kynningarstjóri hjá Landsvirkjun.

Samtals eru sex vélar í Kárahnjúkavirkjun. Einungis fimm þeirra verða í rekstri hverju sinni; sú sjötta verður varavél. Fyrsta vélin í Kárahnjúkavirkjun var sett í gang í apríl í vor með rafmagni frá landsnetinu til að hægt væri að koma álverinu í Reyðarfirði í gang.

Gangsetning véla er nokkuð á eftir áætlun hjá Kárahnjúkavirkjun. Sigurður segir að upphaflega hafi verið stefnt að því að hefja orkuframleiðslu í apríl og fara hægt af stað með gangsetningu. Fyrsta vélin hafi verið tilbúin í vor en jarðgöngin upp í Hálslón hafi ekki verið tilbúin þá og því hafi verið notað umframrafmagn frá öðrum virkjunum til að gangsetja álverið.



**VÉLIN KOMIN Í GANG** Guðmundur Pétursson, verkefnisstjóri Kárahnjúkaverkefnisins, og Árni Benediktsson, yfirmaður véla og rafbúnaðar hjá Landsvirkjun, fylgjast með þegar fyrsta vélin nær 100 megavöttum. Hún afkastar ein og sér meira en virkjaninn ar á Sogssvæðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Öllum framkvæmdum er nú að ljúka í Fljótsdal. Framkvæmdum við Hálslón er að mestu lokið. Næsta sumar verður gengið frá svæðinu og vinnubúðir fjarlægðar og er Hraunaveitu þá einni ólokið. Í vetur lýkur Impregilo við að bora jarðgöngin í átt að Jökulsá á Fljótsdal. Arnarfell mun síðan byggja stíflur í Jökulsá í Fljótsdal og minni ám og lýkur framkvæmdum á því svæði á næstu tveimur árum. Þar með verður framkvæmdunum á Kárahnjúkum að fullu lokið. ghs@frettabladid.is




Til hátíðabrigða

Í verslun RV að Réttarhálsi eru nú á tilboði ýmsar gerðir af servíettum, dúkum, diskamottum, yfirdúkum og kertum.

Einar Kristjánsson, framreiðslumaður sölumaður hjá RV

Á tilboði í nóvember 2007
Servíettur, dúkar, diskamottur, yfirdúkar og kerti

Takmarkað magn er í boði af sumum jólavarningi. Fyrstur kemur fyrstur fær.



Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is
RV
RV UNIQUE 11.07.01

Takmarka þurfti flugumferð:

## Flugumsjónarkerfið bilaði

**FLUG** Rafmagnskerfi Flugstjórnarmiðstöðvarinnar bilaði um hádegi í gær með þeim afleiðingum að takmarka þurfti umferð um íslenska flugstjórnarsvæðið. Flugvélum var beint yfir á skoska flugstjórnarsvæðið á meðan kerfið var sett upp aftur.

Hrafnhildur Brynja Stefánsdóttir, upplýsingafulltrúi Flugstoða, segir kerfið hafa komist aftur í lag um klukkan þrjú í gær. Fram að því hafi verið unnið á varakerfi. „Þetta gerðist annars á tiltölulega góðum tíma, flugumferðin er minni um hádegisbilið en seinnipartinn,“ segir hún. - sþs

Tveir karlmenn og ein kona fengu fangelsisdóm:

# Þrjú dæmd fyrir peningafals

**DÓMSMÁL** Tveir karlmenn og ein kona voru í gær í Héraðsdómi Reykjavíkur dæmd fyrir peningafals. Þau hlutu öll fangelsisdóm, sem er skilorðsbundinn til þriggja ára.

Málsatvik voru þau, að einn mannanna var staddur í Austurstræti, þegar ókunnur maður falaðist eftir fíkniefnum af honum. Viðskiptin fóru fram, en skömmu síðar áttaði seljandinn sig á að hann hafði fengið um 30 þúsund krónur í fölsuðum seðlum fyrir fíkniefnin.

Hann hafði samband við konuna, sem vann við sjóðsvél í Bónus í Holtagörðum. Varð að samkomulagi að hún skipti seðlunum, tólf þúsund króna seðlum og 37 fimm hundruð króna seðlum, fyrir ófalsaða seðla. Maðurinn hafði þá samband við annan mann, bað hann að fara með fölsuðu seðlana í Bónus, hitta konuna þar og fá peningunum skipt í fimm þúsund króna seðla.

Þetta gekk eftir, konan skipti seðlunum og setti þá fölsuðu í peningaskúffu samstarfsmanns síns.

Hún var í Héraðsdómi dæmd í fjögurra mánaða fangelsi, maðurinn sem upphaflega fékk fölsuðu peningana í hendur fékk níu mánuði og milligöngumaðurinn tvo mánuði. Fólkið var á aldrinum 19 til 21 árs þegar brotin voru framin. - jss



**FIMM ÞÚSUND KRÓNA SEÐLAR** Starfsmaður í Bónus skipti á fölsuðu peningunum og ófölsuðum fimm þúsund króna seðlum.

Brot á lögreglusamþykkt:

## Einn pissaði við lögreglustöðina

**LÖGREGLUMÁL** Einn af tuttugu einstaklingum, sem brutu gegn lögreglusamþykkt Reykjavíkurborgar um helgina, kastaði af sér þvagi við lögreglustöðina á Hverfisgötu. Annar var handtekinn við sömu iðju í anddyri gististaðar í miðborginni.

Allt voru það karlmenn sem urðu brutu á lögreglusamþykktinni um helgina. Þeir höfðu í frammi ýmiss konar ólæti og óspektir en þeim var boðið að ljúka málinu með sektargreiðslu. Meðal þess sem þeir gerðu af sér var að kasta af sér þvagi á almannafæri, fleygja rusli, slást og hindra störf lögreglu. - jss

Hungraður heimsmetshafi:

## Át 103 borgara á átta mínútum

**BANDARÍKIN** Karlmaður í Kaliforníuríki í Bandaríkjunum hefur sett nýtt heimsmet með því að borða 103 Burger King-hamborgara á átta mínútum.

Fyrra heimsmetið var 97 hamborgarar. „Við bjuggumst aldrei við að nokkur myndi ná að borða hundrað borgara, hvað þá rúmlega það, þegar við byrjuðum að halda þessa keppni árið 2004,“ sagði einn skipuleggjenda keppninnar.

Fyrrverandi heimsmetshafi, sem unnið hafði þrjár keppnir í röð, keppti ekki þetta árið, þar sem draga þurfti úr honum endajaxl. - sgj



**UPPSAGNARBRÉFIÐ AFHENT** Forsætisráðherra Póllands afhendir forsetanum, tvíburabróður sínum, lausnarbréf ríkisstjórnarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Stjórnarskipti í Póllandi:

## Stjórn Kaczynskis segir af sér

**PÓLLAND, AP** Jaroslaw Kaczynski, fráfarandi forsætisráðherra Póllands, gekk í gær á fund tvíburabróður síns, Lechs Kaczynski forseta, og baðst lausnar fyrir hönd ríkisstjórnarinnar.

Stjórn Kaczynskis náði ekki meirihluta í þingkosningum í síðasta mánuði. Síðar í vikunni er reiknað með því að forsetinn feli Donald Tusk, leiðtoga Borgaravettvangs, að mynda nýja stjórn.

Flokkur Tusks, sem er hlynntur bæði markaðsfrelsi og Evrópusambandinu, hefur 209 af 460 þingsætum. Hann hefur átt í stjórnarmyndunarviðræðum við Pólska þjóðarflokkinn. - gb

Fjölgar mest í höfuðborginni:

## Fleiri hótelgestir en á síðasta ári

**VERSLUN** Gistinætur á hótelum í september síðastliðnum voru fimm prósentum fleiri en á sama tíma í fyrra. Fjölgunina má aðeins rekja til Íslendinga því gistinóttum útlendinga fækkaði um eitt prósent á sama tíma.

Samkvæmt tölum frá Hagstofunni fjölgaði gistinóttum eingöngu á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurlandi, en mest fækkaði á Austurlandi. Frá áramótum hafa gistinætur á hótelum verið þrettán prósentum fleiri en á sama tímabili í fyrra. Mest fjölgaði á höfuðborgarsvæðinu og Norðurlandi. - sþs




MEST Bílskúrshurðir



Frír bílskúrshurðaopnari* fylgir öllum Raynor bílskúrshurðum hjá MEST til 9. nóvember nk.

ENNEMM / SÍA / NM30431

**Hafðu samband við söluráðgjafa okkar og fáðu nánari upplýsingar í síma 4 400 100 eða á www.mest.is**

*Raynor Orion 800i bílskúrshurðaopnari

Opnunartími: Mán. - fös. kl. 8-18

Norðlingabraut 12, Norðlingaholti, Reykjavík
Hrísmýri 5, Selfossi
Sími 4 400 100 / Fax 4 400 111 / mest@mest.is / www.mest.is

mest – allt til bygginga

# ÖRUGGUR




| Subaru Legacy | SUBARU |
|---|---|
| Sport Sedan, beinsk. | **2.550.000 kr.** |
| Sport Sedan, sjálfsk. | **2.680.000 kr.** |

**BÍLL ÁRSINS 2008**

**Subaru Impreza #1**

Citroen C4 Grand Picasso
Honda Civic Hybrid
Honda Civic Type R
Kia Carens
Kia cee'd
Toyota Auris
Toyota Corolla
Volkswagen Golf GT Sport
Volkswagen Golf Variant
Volvo C30






## Subaru í fyrsta sæti!!

Á Íslandi eru árlega veitt verðlaun þeim bílum sem þykja skara fram úr og þykja öðrum fremri. Það er Bandalag Íslenskra Bílablaðamannna (BÍBB) sem standa að vali á „Bíl Ársins“ og samanstendur bandalagið af blaðamönnum sem fjalla um bíla og bílatengd málefni í íslenskum fjölmiðlum.

Subaru Impreza var valinn „Bíll Ársins“ í sínum flokki, þ.e. flokki millistærðarbíla og er það gríðarleg viðurkenning og stendur bíllinn fyllilega undir því lofi sem honum er veitt. Samkeppnin í þessum flokki var mjög mikil en alls voru 11 bílar sem komu til greina.

Ingvar Helgason, Sævarhöfða 2, sími 525 8000, www.ih.is / Opið: Mán – fös kl. 9-18 og lau kl. 12-16

ENNEMM / SÍA / NM30490

SYMMETRICAL AWD

SUBARU

# R VETUR!

## FJÓRHJÓLADRIFINN MEÐ ÖLLU* Á AÐEINS **2.550.000** KR.

## TAKTU BETUR Á MÓTI HÁLKUNNI Í SUBARU

Við Íslendingar erum engir kjánar. Þegar Subaru Legacy er borinn saman við aðra bíla í sínum flokki kemur ýmislegt í ljós: Allt sem þú sérð á þessari mynd er staðalbúnaður. Þar með er ekki allt upp talið því hann hefur líka fjórhjóladrifið umfram aðra. Það er því engin furða að Subaru Legacy sé nú mest seldi bíllinn í sínum flokki.

*Staðalbúnaður í Subaru Legacy: Sítengt aldrif, 17” álfelgur, 150 hestafla vél, 6 diska geislaspilari, aksturstölva, hraðastillir, tvískipt tölvustýrð loftkæling, kastarar í framstuðara, hiti í framrúðu, hiti í sætum og speglum.




Tekið var tillit til akstурseiginleika, notkunarsviðs, búnaðar, hönnunar og verðs við valið og þótti Subaru Impreza ótvíræður sigurvegari.

Nýr Subaru Impreza var nýlega frumsýndur og hafa viðtökurnar verið frábærar. Bíllinn er gjörbreyttur í alla staði. Sem fyrr er hann búinn fullkomnu fjórhjóladrifi sem eykur öryggi allra farþega til muna. Í boði eru tvær vélarstærðir: 1.5 lítra 107 hestafla vél og svo kraftmikil 2.0 lítra 150 hestafla vél sem nýtur sín frábærlega við allar aðstæður.
Rúsínan í pylsuendanum er svo frábært verð en nýr Impreza koastar frá kr. 1.990.000 sem er ótrúlegt verð fyrir bíl í þessum stærðarflokki.

IH
INGVAR HELGASON

## Svona erum við

> Gistinætur erlendra ferðamanna á hótelum í nóvember.




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

**baksvið** *fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** MÚMÍA TUT ANK AMONS

# *Hið rétta andlit faraósins sýnt í fyrsta sinn*

Á sunnudaginn var kistan með múmíu egypska faraósins Tut Ank Amons opnuð og múmían sýnd opinberlega í fyrsta sinn í þrjú þúsund ár. Hingað til hefur andlit hans einkum verið þekkt af gylltu dánargrímunni sem er einn frægasti forngripur Egyptalands.



**Hvenær var hann faraó?**
Tut Ank Amon var líklega á nítjánda ári þegar hann lést og hafði þá verið faraó í áratug, eða frá 1333 til 1324 fyrir Krist. Ekki er vitað hvert dánarmein hans var, en þó er talið líklegt að slæmt lærbrot hafi dregið hann til dauða á nokkrum dögum. Stjórnartíð hans var frekar tíðindalítil. Tut Ank Amon öðlaðist ekki hina miklu frægð sína fyrr en árið 1922 þegar múmían fannst.

**Hvenær fannst hann?**
Breski fornleifafræðingurinn Howard Carter fann múmíuna í nánast ósnertu grafhýsi hans rétt við bæinn Luxor, sem nú er einn mesti ferðamannabær Egyptalands. Múmían var þar í steinkistu sem var opnuð, en múmían var sett aftur í kistuna árið 1926. Síðan þá hefur hún nokkrum sinnum verið opnuð, teknar af henni röntgenmyndir og síðan tölvusneiðmynd árið 2005. Grafhýsi Tut Ank Amons var reyndar ekki ósnert þegar Carter fann það árið 1922. Að minnsta kosti tvisvar höfðu menn komið þangað áður, en reyndar var það skömmu eftir að faraóinn var lagður þar til hvíldar.

**Hvernig verður hann geymdur?**
Núna var múmían tekin úr steinkistunni og sett í glerkistu þar sem hægt er að stjórna nákvæmlega hita og raka andrúmsloftsins. Eftir að kistan var fyrst opnuð árið 1922 hefur andrúmsloftið valdið skemmdum á henni.

Múmían er nú í þrettán hlutum sem líta út eins og grjótmolar. Hún hefur ekki verið sýnd almenningi af ótta við að andrúmsloftið skemmi hana enn frekar, geri hana hreinlega að dufti.

Mesta hættan stafar frá raka og hita sem myndast af bæði nærveru og andardrætti þeirra þúsunda ferðamanna sem skoða styttuna í hverjum mánuði. Með glerkistunni þykir tryggt að múmían verði um ókomna tíð tryggilega varin fyrir þessari hættu.

**SPURT & SVARAÐ**
**DÓPGRENI**

## *Martröð nágrannans*

Óregla og ónæði sem því fylgir er vandamál sem margir glíma við. Sigurður Helgi Guðjónsson, formaður Húseigendafélagsins, hefur vakið athygli á þessum vanda.



**SIGURÐUR HELGI GUÐJÓNSSON** Formaður Húseigendafélagsins.

**Berast ykkur margar fyrirspurnir vegna þessa vanda?**
„Það berast til okkar mál í hverri viku, en þau eru misalvarleg. Verstu dæmin eru þegar óreglufólk flytur í fjölbýlishús og heldur fólki í gíslingu í lengri eða skemmri tíma.“
**Hver er réttarstaða fólks?**
„Fjöleignahúsalögin geyma afgerandi úrræði vegna grófra og ítrekaðra brota. Það er þó oft þrautin þyngri að sækja rétt sinn.“
**Hversu alvarleg staða kemur upp hjá fólki?**
„Friðarspillarnir brjóta allar reglur og ganga fram með ógn og yfirgangi. Þeir halda fólki í helgreipum og skaða líf þess, eignir og svipta það öryggi. Verstu dæmin eru hreint út sagt martraðarkennd og fólk er oft of hrætt til að kvarta eða sækja rétt sinn.“




# Bindur vonir við næstu kynslóð

**Jelena Larionova er blaðamaður í Múrmansk nyrst í Rússlandi og stjórnarformaður Barents Press International, óháðum samtökum blaðamanna á Barentshafssvæðinu. Hún ræðir hér um stöðu blaðamennsku í Rússlandi, en hún flutti erindi um það efni á málþingi Blaðamannafélags Íslands um helgina.**

Yfirskrift málþingsins var „Að skrifa fyrir lýðræðið“. Larionova var því fyrst spurð hvernig það horfi við rússneskum blaðamanni að „skrifa fyrir lýðræðið“ á tímum þegar svo virðist sem lýðræðið eigi í vök að verjast í heimalandi hennar.

### Lýðræði óvinsælt

Larionova viðurkennir strax að þetta sé snúið verkefni fyrir rússneska blaðamenn. Það helgist ekki sízt af því hve neikvæðan hljóm hugtakið lýðræði hafi í eyrum margra Rússa. „Það minnir fólk á óreiðu í stjórn- og félagsmálum, í samanburði við sovéttímann. Ég vil ekki segja að þetta hafi verið betra á sovéttímanum, öðru nær, en ef við lítum á þróunina í Rússlandi síðan árið 1990 verður að segjast að fyrstu árin eftir hrun Sovétríkjanna voru hræðileg fyrir marga og því tengja Rússar hugtakið lýðræði við fátækt, stjórnleysi, glæpi og þaðan af verra,“ segir Larionova.

Fjölmiðlafrelsi er heldur ekki jákvætt í huga margra Rússa að hennar sögn. Einkum og sér í lagi í huga eldra fólks standi fjölmiðlafrelsi fyrir ábyrgðarlaust hömluleysi í fjölmiðlun; þegar sagt er opinskátt frá kynlífshneykslum, blóði drifnum ofbeldisglæpum og þess háttar. „Við viljum þetta ekki,“ hugsi þá margir. „Ég veit ekki hvers vegna þetta gerðist,“ segir hún. „Það er hugsanlegt að einhver hafi skipulagt þetta svona.“ Allavega eigi hvorugt hugtakið, lýðræði eða fjölmiðlafrelsi, mikilli lýðhylli að fagna.



**JELENA LARIONOVA** Vonar að lýðræðislegri viðhorf skjóti rótum í næstu kynslóð Rússa. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### Helmingur fylgjandi ritskoðun

Þessu til staðfestingar bendir Larionova á að samkvæmt síðustu skoðanakönnunum eru 35 prósent Rússa sannfærð um að ritskoðun sé nauðsynleg. 20 prósent til viðbótar telja að sennilega sé þörf á henni. Meirihluti Rússa álíti því þörf á opinberri ritskoðun.

Spurð hvort morðið á blaðakonunni Önnu Politkovskaju fyrir rúmu ári, sem vakti alþjóðlega athygli, hafi breytt einhverju fyrir blaðamenn í Rússlandi bendir Larionova á að á síðustu 15 árum hafi um 200 blaðamenn verið drepnir í landinu. Aðeins um fimm prósent af ofbeldisglæpum gegn blaðamönnum séu upplýst, sem er miklu lægra hlutfall en meðaltal upplýstra glæpa í Rússlandi. Staðreyndin sé sú að fáir hafi þekkt til verka Önnu Politkovskaju í Rússlandi og dauði hennar hafi litlu breytt um það. Hún sé mun þekktari á Vesturlöndum.

### Morð í Múrmansk

Larionova segir mjög hliðstætt mál hafa átt sér stað í heimaborg hennar Múrmansk fyrir fjórum árum. „Varaframkvæmdastjóri fyrstu einkareknu sjónvarpsstöðvarinnar í borginni, Dímítrí Shvets, var skotinn til bana. Morðinginn gekk upp að honum þar sem hann var ásamt konu sinni og fleiri vitnum um hábjartan dag og skaut hann sex skotum og komst undan í bíl. Svo það voru mörg vitni, en ekkert gerðist; lögreglan fann ekki hverjir höfðu staðið á bak við morðið,“ segir Larionova. Á þessum tíma hafi borgarstjórnarkosningar verið í nánd og þremur dögum fyrir morðið hafi Shvets komið því á framfæri við blaðamannafélagið að sér hefðu borist hótanir.

### Spurning um fé og völd

Spurð um muninn á því að stunda blaðamennsku í höfuðborginni Moskvu eða á landsbyggðinni eins og í Múrmansk segir Larionova að það sé „spurning um fé og völd“. „Blaðamenn í Moskvu eru mestmegnis háðir ráðamönnum í Moskvu, blaðamenn í héraði eru háðir héraðsstjórnvöldum og voldugustu fyrirtækjunum í viðkomandi héraði. Kerfið er annars svipað,“ segir hún.

Staðreyndin sé sú að það starfi mjög fáir sjálfstæðir, heiðvirðir fjölmiðlar í landinu. 85-90 prósent dagblaða í öllu Rússlandi eru að hennar sögn í eigu yfirvalda, annað hvort sveitar- eða héraðsstjórna eða ríkisins. „Við höfum því ekki sjálfstæða fjölmiðla. Blaðamenn sem starfa á þessum miðlum hafa því ekki frelsi til að gagnrýna ráðamenn eða þá sem voldugastir eru í viðskiptalífinu.“

Það tíðkast að ráðamenn og fyrirtæki kaupi svonefnda „upplýsingaþjónustu“ af fjölmiðlum. „Nú veit fólk að blaðagreinar og umfjöllun í útvarpi og sjónvarpi eru meira og minna kostuð af valdamönnum eða fyrirtækjum og það tekur þess vegna ekkert mark á því sem stendur í blöðunum. Blaðalestur hefur minnkað mikið frá því á sovéttímanum,“ segir Larionova.

### FSB fylgist með

Spurð hvort hún hafi sjálf fengið hótanir vegna starfs síns segir hún: „Ekki beint. En ég hef lent í óþægilegum samtölum við fulltrúa leyniþjónustunnar FSB. Þeim mislíkar augljóslega það sem við erum að gera og fylgjast stöðugt með. Við gerum okkur grein fyrir að þeir geta stöðvað starfsemina snarlega ef þeim sýnist svo.“

Sem dæmi nefnir hún að þegar Kúrsk-harmleikurinn átti sér stað reyndu erlendir kollegar að hringja í hana en þegar Telenor, norska fjarskiptafyrirtækið, náði svo í hana í skrifstofusímann kom í ljós að það hafði verið lokað fyrir farsímann hennar svo að hún gat ekki tekið við neinum símtölum frá útlöndum. „Ég hef semsagt ekki orðið fyrir beinum hótunum en þarna gerði ég mér grein fyrir hvernig fylgzt er með manni; það veldur manni ónotum einkum með tilliti til þess hve máttug FSB er heima í Rússlandi. Jafnvel þegar ég segi frá þessu hugsa ég: þetta gæti bakað mér vandræði, en ég hugsa jafnframt: það er skylda mín að upplýsa um þetta,“ segir hún.

### Gætum fetað hraðar til lýðræðis

Spurð að lokum hvort ekki megi greina nein teikn um að til betri vegar horfi segir Larionova: „Auðvitað reynir maður að vera bjartsýnn, ég vona sannarlega að breytingar verði. En hvað varðar Pútín og hans menn er ekki ástæða til að vænta breytinga. Hann hefur þegar heitið þjóðinni því að hann muni ekki víkja langt frá valdinu þótt hann stigi af forsetastóli.“

Til að enda ekki á svo dökkum nótum bætir hún við: „Þrátt fyrir öll vandkvæðin sem við eigum við að etja núna er munurinn samt mikill í samanburði við sovéttímann. Þá var óhugsandi að gagnrýna stjórnvöld, jafnvel í samtölum við erlenda fjölmiðla, og einkareknar sjónvarpsstöðvar voru jafn óhugsandi. Það eru viss teikn um breytt viðhorf með nýrri kynslóð. Ég er þeirrar skoðunar að við gætum fetað hraðar brautina til lýðræðis, en kannski þurfum við heila kynslóð til að losna undan oki sovésku arfleifðarinnar. Nú eru 17 ár liðin og kynslóðaskipti verða að jafnaði á 30 árum, svo að samkvæmt því þurfum við bara að þrauka þrettán ár til viðbótar. Unga fólkið er sjálfstæðara, það notar netið og kannski fer það að lesa annað en um popptónlist og íþróttir og gerast virkt í að byggja upp lýðræði í landinu. Ég get ekki annað en vonað að svo fari.“



FRÉTTAVIÐTAL
**AUÐUNN ARNÓRSSON**
audunn@frettabladid.is

### BARENTS PRESS INTERNATIONAL

Barents Press International eru óháð samtök blaðamanna frá löndunum sem næst liggja Barentshafi, það er Rússlandi, Finnlandi, Svíþjóð og Noregi. Þau voru stofnuð árið 1994 sem ópólitísk, laustengd samtök blaðamanna frá þessum löndum. Þau opnuðu blaðamönnum í Norðvestur-Rússlandi tengsl við blaðamenn í nágrannalöndunum, og öfugt.
Hlutverk samtakanna er margþætt en það helzta er að verka sem tengslanet yfir landamæri fyrir blaðamenn sem annast skrif um málefni sem tengjast Barentshafssvæðinu, en samtökin gera meðal annars líka út nefnd sem fylgist með brotum gegn prentfrelsi.

Fyrir samtökunum fer átta manna stjórn, skipuð tveimur fulltrúum frá hverju þátttökulandi. Núverandi stjórnarformaður er Jelena Larionova.




# Höfum opnað

## freistandi & framandi

## matvörumarkað að Suðurlandsbraut 32

Verið velkomin og upplifið ótrúlegt úrval af austurlenskum matvörum frá t.d. Indlandi, Japan, Kína, Filippseyjum, Indónesíu, Thailandi og Víetnam ásamt ferskum og framandi ávöxtum og grænmeti til að nota í spennandi matargerð. Allt til að töfra fram gómsæta og holla austurlenska rétti.

**Hjá okkur færðu mesta úrvalið á Íslandi af austurlenskum matvörum ásamt ráðleggingum og frábærri þjónustu.**



### Fjöldi glæsilegra opnunartilboða...

Höfum einnig opnað á sama stað Green Apple, sem sérhæfir sig í miklu úrvali af lífrænum og vistvænum vörum, s.s. matvöru, korni, niðursuðuvörum, olífuolíum, nuddolíum, gjafavörum og mörgu fleiru...

**Upplifðu töfra austurlanda í matargerð!**

ASIAN

LÍFRÆNAR OG VISTVÆNAR VÖRUR

Green Apple

MATVÖRUMARKAÐUR - SUÐURLANDSBRAUT 32 - 108 REYKJAVÍK - S. 551 2121

**Opið virka daga kl. 10.00-19.00, laugard. kl. 11.00-17.00**

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Háir stýrivextir:

## Vandinn er ekki í Seðlabankanum

ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Gagnrýni á Seðlabankann hefur þyngst í réttu hlutfalli við hækkun stýrivaxta. Samtök atvinnulífsins hafa um skeið beint harðri gagnrýni að vaxtastefnu bankans. Samkynja umvandanir hafa komið fram af hálfu ASÍ. Félagsmálaráðherra skipaði sér í þessa sveit gagnrýnenda á liðnu sumri.

Eftir síðustu vaxtaákvörðun hafa formenn beggja stjórnarflokkanna bæst í ádeiluhópinn. Annar með því að telja ákvörðunina óheppilega en hinn með því að véfengja þær faglegu forsendur sem hún er byggð á. Málum er svo komið að það virðast bara vera fulltrúar Alþingis í bankaráðinu sem látið hafa vera að sproksetja bankastjórnina.

Einn fyrrum þingmaður Samfylkingarinnar hefur gengið svo langt að halda því fram að síðasta vaxtaákvörðun bankans sé af pólitískum rótum runnin. Það verður ekki skilið á annan veg en að bankinn sé að bregða fæti fyrir ríkisstjórnina með því að standa ekki faglega að málum.

Nú er það svo að það er almannahagur að vextir lækki. Í því ljósi er skiljanlegt að hagsmunasamtök og stjórnmálamenn hafi áhyggjur af háum vöxtum. En sú staðreynd felur ekki í sér að sú gagnrýni sem fram hefur verið borin á bankastjórnina sé þar af leiðandi á gildum rökum reist.

Hér er fyrst á það að líta að Seðlabankinn hefur lögbundið hlutverk sem felst í því að halda verðbólgu í skefjum. Verðbólgumarkmiðið er ákveðið sameiginlega af bankanum og ríkisstjórninni. Enginn hefur sett fram kröfur um að breyta þessari skipan mála. Ríkisstjórnin hefur þó vald til þess. Gagnrýnendurnir hafa sem sagt ekki fundið flöt á því að höggva í löggjöfina eða sjálft skipulag seðlabankastarfseminnar.

Í annan stað er þá ástæða til að skoða hvort eitthvað skorti á faglegt vinnulag við undirbúning ákvarðana um vexti. Um málsmeðferð og undirbúning vaxtaákvarðana gilda sérstakar reglur. Þær kveða skýrt á um faglegan hagfræðilegan undirbúning. Jafnframt fela þær í sér að unnt er að rekja eftir á hvernig einstakar ákvarðanir voru teknar og hvaða ráð og rök lágu að baki.

Ekki hefur verið sýnt fram á að bankastjórnin hafi vikið hagfræðilegum upplýsingum til hliðar né heldur að hún hafi sniðgengið ráð sérfræðinga bankans. Endanlegar ákvarðanir eru teknar af þremur bankastjórum sem hver um sig fer með eitt atkvæði á fundum þeirra. Engar vísbendingar hafa komið fram um ágreiningur hafi verið í bankastjórninni um niðurstöður.

Að öllu þessu virtu verður ekki séð að gild rök standi að baki þeirri ágjöf sem bankastjórnin hefur sætt. Þá er eðlilegt að spurt sé hvort ekkert sé að. Þeirri spurningu verður ekki svarað á annan veg en þann að jafn háir stýrivextir og raun ber vitni um eru eins konar upphrópunarmerki um rótgróinn vanda. Rætur hans eru hins vegar ekki í Seðlabankanum.

Bitið í vaxtaákvörðunum Seðlabankans er takmarkað vegna þess að aðrir leikarar eru sterkari á sviði opinna alþjóðlegra fjármagnsflutninga. Gagnrýnendurnir kæmust þar af leiðandi nær kjarna vandans ef þeir litu á krónuna í því gjörbreytta efnahagsumhverfi sem við búum við. Að skamma Seðlabankann er að horfa framhjá vandanum.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björn Þór Sigbjörnsson, Kristján Hjálmarsson og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

issn 1670-3871

• Félagsfundur Samfylkingarfélagsins í Reykjavík •

Málefni barna





Samfylkingarfélagið í Reykjavík heldur fund um málefni barna, miðvikudaginn 7. nóvember, kl. 20.30–22.00 á Hallveigarstíg 1.

Húsið verður opnað kl. 20.00.

Gestir fundarins eru:

**Bragi Guðbrandsson** forstjóri Barnaverndarstofu og **Ragnheiður Sigurjónsdóttir** forstöðumaður skammtímaheimilisins að Hraunbergi.

Fundarstjóri:

**Hulda Guðmunda Óskarsdóttir** ritari í stjórn SffR.

Kaffi og meðlæti

Allir velkomnir

SffR Samfylkingarfélagið í Reykjavík

Félagsfundur Samfylkingarfélagsins í Reykjavík

• Félagsfundur Samfylkingarfélagsins í Reykjavík

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Frelsandi Össur

„Þú ert hrifnæmur maður," benti Egill Helgason Össuri Skarphéðinssyni réttilega á í Silfrinu á sunnudag, eftir að iðnaðarráðherra fór mikinn í lýsingum á útrásaráformum í orkumálum. Egill spurði hvort þetta væri mögulega til marks um nútíma nýlendustefnu. Össur hélt ekki. Hann bætti hins vegar við hversu snortinn hann varð í ferð sinni „þarna niðureftir" til Filippseyja og Indónesíu. Þar hélt hann meðal annars boð fyrir nemendur íslenska Jarðhitaháskólans. „Ég hitti þarna einn gæja sem ég hafði sjálfur með eigin hendi útskrifað fyrir tveimur árum. Hann vöknaði og vék varla frá mér." Nafnið Össur þýðir örn, sem er meðal annars táknmynd frelsisins í Bandaríkjunum. Stefnir ekki í að hann verði það líka á Filippseyjum og í Indónesíu?



### Siv á næturgöltri

Siv Friðleifsdóttir var á næturgöltri með vélhjólamönnum um helgina, reyndar ekki Fáfnismönnum heldur á árshátíð Vélhjólaíþróttaklúbbsins. Á heimasíðu þingmannsins má lesa að metmæting var á árshátíðina, sem byrjaði með fordrykk klukkan 17.30. „Að lokum dönsuðum við fram á rauðanótt og rúmlega það," skrifar Siv. Sem þýðir væntanlega fram undir morgun.



### Mea culpa

Framsóknarmenn í Suðurkjördæmi héldu kjördæmaþing sitt á Hvolsvelli um helgina. Bjarni Harðarson þingmaður hélt ræðu þar sem hann sagði að kosningaúrslitin í vor kölluðu á umræðu og endurmat sem stendur allt þetta kjörtímabil. Þar sagði hann meðal annars: „Stórlega hækkandi verð á fasteignum, gríðarleg skuldasöfnun heimilanna og þensla sem haldið er uppi með handafli af gróðaöflum landsins. Allt er þetta áhyggjuefni sem Framsóknarflokkurinn þarf að taka til gagngerrar endurskoðunar og athugunar." Er Bjarni að lýsa yfir iðrun vegna stóriðjuframkvæmdanna og hækkunar á lánshlutfalli Íbúðalánasjóðs sem Framsóknarflokkurinn stóð fyrir í ríkisstjórnartíð sinni?

bergsteinn@frettabladid.is

## Bændur úr hlekkjum hafta

Ég var ein af þeim sem urðu fyrir miklum vonbrigðum þegar ekki tókst að mynda félagshyggjustjórn í vor. Eftir á að hyggja virðast þó flestir sammála um að ekki hafi verið annað í spilunum. Og ríkisstjórnarsamstarfið er fyrirmyndarhjónaband að því leyti að í því ríkir gagnkvæmt traust.

Ástæður þess að fyrir kosningar vonaðist ég eftir félagshyggjustjórn, voru þær að mér eins og svo mörgum þótti tími kominn til að endurreisa velferðarkerfið. Þess vegna var ég ekki fyrirfram jákvæð á samstarf við hægrimenn í Sjálfstæðisflokknum sem mér þótti kominn tími á að fengju að hvíla sig frá ríkisstjórnarsamstarfi, meðan fólk með réttari forgangsröðun fengi að stjórna.

Þrátt fyrir vonir og væntingar um félagshyggjuríkisstjórn var ég samt meðvituð um að það væri líklegt að næsta stjórnarsamstarf yrði milli Sjálfstæðisflokks og annars vinstriflokkanna. Svo maður fór að leggja niður fyrir sér hvað gæti falist í þess konar samstarfi fyrir minn flokk, Samfylkinguna. Ég hafði fyrst og fremst áhyggjur af því að við myndum láta draga okkur of langt til hægri og að draumurinn um að komast í ríkisstjórn og geta tekið til í velferðarmálunum yrði að einhverri einkavæðingarmartröð.

Auðvitað reyndi maður líka að horfa á hverjir gætu verið kostirnir í svona samstarfi. Mér duttu nokkrir hlutir helst í hug en einn sá stærsti var sá að ef einhver ríkisstjórn einhverra tveggja íslenskra flokka gæti endurskoðað landbúnaðarkerfið okkar, þá væri það ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingarinnar.



ANNA PÁLA SVERRISDÓTTIR

Í DAG | Landbúnaður

**Fögur fyrirheit í stjórnarsáttmála**

Það er svo fyndið að ég get næstum því sagt í stuttu máli að ég sé ánægð með hvernig ríkisstjórnin ætlar að standa að velferðarmálunum, en óánægð með það að einhvern veginn eru engin teikn á lofti um að menn ætli sér að losa landbúnaðinn úr hlekkjum miðstýringar og haftastefnu.

Skoðum aðeins hvað segir um landbúnaðarmál í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. Í þeim kafla hans sem fjallar um atvinnulífið kemur þetta meðal annars fram: „Mikilvægt er að heilbrigð samkeppni og eðlileg verðmyndun þrífist á öllum sviðum atvinnulífsins og að neytendur njóti góðs af þeirri samkeppni. [...] Ríkisstjórnin leggur áherslu á mikilvægi öflugs landbúnaðar og hágæðaframleiðslu á matvælum í landinu. Unnið verði að endurskoðun landbúnaðarkerfisins með það fyrir augum að auka frelsi, bæta stöðu bænda og lækka verð til neytenda."

Þetta eru fögur fyrirheit. Hins vegar hefur lítið heyrst af því að landbúnaðarráðherra ætli sér að fylgja þeim eftir. Landbúnaðarráðuneytið færðist yfir til Sjálfstæðisflokks frá Framsóknarflokki sem hafði farið með það ráðuneyti í tíð ríkisstjórnar þeirra flokka. Þegar nýr ráðherra tók við málaflokknum hefði verið kjörið tækifæri til þess að gefa það út að nú myndu áherslurnar breytast, eins og kveðið er á um í stjórnarsáttmálanum. Meðan aðrir nýir ráðherrar gættu þess að strax yrði ljóst að skipt hefði verið um mann inn í brúnni, heyrðist fátt um svoleiðis frá landbúnaðarráðherra. Vissulega eiga breytingar sér ekki stað með yfirlýsingunum einum saman, en þær eru nauðsynlegar svo kjósendur viti hvaða stefnu er verið að fylgja.

**Enginn græðir**

Á Íslandi borgum við heimsins hæsta verð fyrir matvæli út úr búð en ekki bara það, heldur eru ríkisstyrkir okkar til landbúnaðarins þeir hæstu í heimi samkvæmt nýrri skýrslu OECD. Það er risahagsmunamál heimila í landinu að innflutningskvótar og -tollar verði felldir niður, af því það er algjörlega óþarfur kostnaður sem fylgir þess konar kerfi. Þetta gildir líka um einhliða niðurfellingu tolla – það er neytendum alltaf í hag að aðgangur innlenda sem erlendra framleiðenda að markaðinum sé óhindraður.

Það er ekki hægt að réttlæta núverandi landbúnaðarkerfi með því að það tryggi bændum viðunandi kjör. Engir kvótagreifar í bændastéttinni. Frumkvæði bænda er haldið niðri með gamaldags forsjárpólitík sem viðgengst ekki lengur í öðrum atvinnuvegum. Af hverju eiga bændur einir að búa við opinbera verðstýringu, miðstýrðan ríkisbúskap og framleiðslustýringu? Auðvitað á þó ekki að gera róttækar breytingar á mettíma og kippa fótunum undan bændafjölskyldum – þær miklu breytingar sem þarf að gera krefjast aðlögunartíma.

Ég vona að með tímanum muni það koma í ljós að ég hafi haft rétt fyrir mér með það að ríkisstjórn Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks yrði sú sem kæmi landbúnaðarmálum á réttan kjöl. Ef nýr landbúnaðarráðherra Sjálfstæðisflokksins ætlar sér ekkert í þessum málum vil ég biðja flokkssystkini mín í Samfylkingunni að beita sér fyrir því að það verði gert. Það er löngu tímabært að aðskilja ríki og landbúnað. Það græðir nefnilega enginn á núverandi kerfi.

*Höfundur er formaður Ungra jafnaðarmanna.*

## Hví að afnema lágmarksútsvar?

UMRÆÐAN

Útsvar sveitarfélaganna

Heildarlög um tekjustofna sveitarfélaga voru upphaflega sett árið 1989. Í þeim var ekki talin þörf á að setja ákveðinn lágmarkskatt eins og kveður á um í núverandi lögum, heldur var eingöngu hámarksútsvar.

Árið 1993 skipaði félagsmálaráðherra nefnd sem kom með tillögur um tekjur til sveitarfélaga í stað aðstöðugjaldsins. Þegar lögum um tekjustofna sveitarfélaga var breytt í samræmi við tillögur nefndarinnar var gerð grundvallarbreyting á lögunum, en þá var lágmarksútsvar tekið upp í fyrsta sinn og lágmarksskattheimta sveitarfélaga þannig bundin í lög óháð lögbundnum verkefnum eða útgjaldaþörf. Ákvæðið um sérstakt lágmarksútsvar var mjög umdeilt meðal annars vegna þess að það leiddi til verulegrar hækkunar á útsvari ákveðinna sveitarfélaga á sínum tíma.

Í stjórnarskránni kemur fram að sveitarfélögin skuli sjálf ráða málefnum sínum eftir því sem lög ákveða. Hlýtur það að teljast eðlilegur skilningur á því ákvæði, að haldgóð rök og ríkir hagsmunir þurfi að koma til að þessi ákvörðunarréttur sé skertur. Bein íhlutun um lágmarksútsvar getur tæpast talist uppfylla þau skilyrði.



ERLA ÓSK ÁSGEIRSDÓTTIR

Óeðlilegt er að lágmarks skattheimta af íbúum sé bundin í lög óháð þörf. Sveitarfélag þarf að uppfylla lögbundið hlutverk sitt, en óhófleg afskipti löggjafans af því hvernig slíkt er fjármagnað draga úr valdi og ábyrgð kjörinna fulltrúa í sveitarstjórnum til að sinna hlutverki sínu á sem hagkvæmastan hátt.

Í kjölfar umræðu um afnám lágmarksútsvars hefur því verið haldið fram að hægt væri að afnema hámarksútsvar með sömu rökum. Í því felst grundvallarmisskilningur á hlutverki löggjafarvaldsins og sveitarfélaga. Álagning skatta er íþyngjandi aðgerð, þess vegna segir í stjórnarskránni að skattamálum skuli skipað með lögum og að ekki sé heimilt að fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema. Það er því hlutverk og skylda löggjafans að takmarka heimildir sveitarfélaga til að innheimta skatt af íbúum sínum. Þess vegna er nauðsynlegt að ákveði um hámarksútsvar sé til staðar.

*Höfundur er formaður Heimdallar.*

# EVRÓPA

## Sumar 2008

Iceland Express

Berlín
París
Alicante
Barcelona
London
Kaupmannahöfn
Billund
Gautaborg
Stokkhólmur
Ósló
Eindhoven
Basel
Friedrichshafen
Frankfurt Hahn
Varsjá



www.icelandexpress.is

# Fimmtán góðar ástæður til að hlakka sumarsins

Flugáætlun okkar fyrir sumarið 2008 er með glæsilegasta móti og bjóðum við flug til fimmtán áfangastaða vítt og breitt um Evrópu. Við endurnýjum kynnin við alla áfangastaði síðasta sumars, höldum áfram að fljúga til Barcelona og kynnum Varsjá til sögunnar. Þannig opnast ný leið til Austur-Evrópu, sem nýtur sívaxandi vinsælda ferðamanna. Aftur munum við bjóða beint flug til Kaupmannahafnar frá Akureyri og Egilsstöðum eftir frábærar móttökur síðasta sumar. Við höfum aldrei boðið flug til jafn margra áfangastaða og því er spennandi ferðasumar framundan. Við hlökkum til að eiga samleið með þér næsta sumar, hvert sem leiðin liggur.

*Með kveðju,*
Matthías Imsland
Forstjóri Iceland Express



Reykjavík




**Verð frá:**

# 7.995 kr.

Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum.

**Börn:**

# 50%

Börn, 11 ára og yngri í fylgd með fullorðnum, fá helmingsafslátt af verði fyrir skatta og aðrar greiðslur.

# Gautaborg

**Margir hafa lýst Gautaborg sem Ríó norðursins ... í það minnsta Róm.**



**Ekki missa af þessu...**

**Liseberg:** Gleymdu Tívolíinu í Köben, gleymdu Eden – Liseberg er málið. Stærsti skemmtigarður á Norðurlöndunum. Rússíbaninn er æði.

**Konstmuseum:** Eitt stærsta safn norrænna lista á byggðu bóli.

**Maritiman:** Hér er allt á floti, safn sem hýsir fjölmörg skip af allflestum stærðum og gerðum.

**Nordstan:** Hér má versla. Að vild.

**Volvo safnið:** Ef maður fyllist einhvern tímann algerri öryggistilfinningu þá er það innan um alla þessa Volvóa, stolt sænsks bílaiðnaðar.

**Feskekôrkan:** Sannir Íslendingar svíkjast ekki um að líta við á fiskimarkaðnum.

**Kirkja Óskars Friðriks:** Ægifögur 19. aldar kirkja, sú stærsta og íburðarmesta í borginni.

# London

**Ef þú kannt að meta heimsborgir á annað borð, þá er London alveg málið.**

**Ekki missa af þessu...**

**London Eye:** Það eru til hringekjur og það eru til parísarhjól. Þetta er mamma þeirra.

**Royal Albert Hall:** Hérna hafa allir troðið upp sem eitthvað eru. Nægir að nefna Pink Floyd og Stuðmenn.



**Sherlock Holmes safnið:** Skyldumæting fyrir aðdáendur spæjarans með fiðludelluna. Athugið þó að húsið er á röngum stað við Baker Street.

**Bond Street:** Ef ætlunin er að dressa sig upp í fúlustu alvöru – þá gerist það ekki flottara en í þessu öngstræti tískunnar.

**Camden:** Hér fást föt fyrir þá sem vilja vera öðruvísi. Vandamálið er bara það að það versla allir í Camden.

**Oxford Street:** Sumir eru komnir með leið á þessari helstu verslunargötu borgarinnar. Sem er synd, því það fæst allt þarna.

**British Museum:** Eitt glæsilegasta safn veraldar. Hér er hægt að eyða heilu vikunum í að skoða sig um. Ekki fikta í múmíunum!

# Varsjá

**Í Bandaríkjunum eru tíu bæir og borgir sem allar heita Varsjá. David Bowie samdi lag sem heitir Varsjá og Joy Division líka. Hvað gerist þegar þú heimsækir borgina?**

**Ekki missa af þessu...**

**Gamli miðbærinn:** Maulaðu Prins Polo í elsta hverfi borgarinnar. Veitingahús, kaffihús og verslanir.

**Lazienki-garðurinn:** Steinsnar frá miðbænum, rósarunnar og Chopin undir berum himni.

**Pałac Kultury i Nauki:** Höllin sem Pólverjar annað hvort elska eða elska að hata. En útsýnið elska allir.

**Nowy Swiat:** Fínar búðir og flott kaffihús þýðir aðeins eitt: Hingað kemur fallega fólkið.

# Billund

**Í fæðingarbæ legókubbanna er ekkert ómögulegt.**



**Ekki missa af þessu...**

**Legoland:** Uppbyggilegasta land veraldar, stöðugt í endurnýjun.

**Løveparken:** Safarí- og skemmtigarður innan seilingar, með 120 dýrategundum sem allar tala reiprennandi dönsku.

**Sumarhús:** Í næsta nágrenni er tilvalið að taka á leigu ekta danskt sumarhús og gæða sér á smørrebrauði alla daga.

**Grindsted-Vorbasse safnið:** Fáið danska menningarsögu beint í æð í gullfallegum húsakynnum.

# Berlín

**Vöknuð til lífsins og aldrei verið í meira stuði.**



**Ekki missa af þessu...**

**Museuminsel:** Alte Nationalgalerie, Bode-safnið og Pergamon-safnið. Listhneigðir eyjarskeggjar með afbrigðum.

**Kurfürstendamm og Tauentzienstrasse:** Gucci, Bvlgari, Chanel, Louis Vuitton og Tommy Hilfiger eiga heima hér og taka vel á móti gestum.

**Hackescher Markt/Oranienburger Strasse:** Þegar hungrið segir til sín, þá ertu í pottþéttum málum á þessum slóðum.

**Marienkirche:** Hæst, elst og sumir segja heilögust.

**Nikolaiviertel:** Huggulegt hverfi, ekta þýsk veitingahús og vínstofur, bitte!

**Funkturm:** 150 m hár útvarpsturn sem sendir góða strauma í allar áttir.

**Friedrichstrasse:** Verslun eftir verslun. Og svo aðeins meira af verslunum.

**Reichstag:** Þar sem þýska þingið þingar fyrir þýsku þjóðina.

**Gärten der Welt:** Ævintýralegur skrúðgarður sem færir austurlönd fjær svo miklu nær.

# Køben

**Það er eitthvað sem fær okkur Íslendinga til að fara til Köben aftur og aftur.**



**Ekki missa af þessu...**

**Tívolíið:** Klassískur viðkomustaður, hraði, ljósadýrð, rómantík eða fjölskyldustemning? Þú ræður ferðinni.

**Amalienborg-höllin:** Hér býr fína fólkið í flottasta húsi í allri Köben.

**Carlsberg-bruggsafnið:** Bjórgerð 101. Danir eru frægir fyrir bruggið sitt og fátt er danskara en Carlsberg bjórinn.

**Strikið:** Öll helstu vörumerkin í huggulegu umhverfi.

**Fields:** Stærsta verslunarmiðstöðin í Evrópu. Buxnadragtir, g-strengir og allt þar á milli.

**Nýhöfn:** Rjúkandi kaffi, bjór og síld.

**Ny Carlsberg Glyptoteket:** Stærsta safn fornrar listar í Skandinavíu. Grafkyrrir munir sem hreyfa við þér.

**Magasin Du Nord:** Nóg úrval á Íslendingaslóðum.

**Litla hafmeyjan:** Smá en kná þegar kemur að landkynningu.

**Studiestræde, Vestergade, Nørrebro og Sankt Hans Torv:** Athyglisverðar og smærri verslanir. Lyftutónlist og innkaupakerrur víðs fjarri.

# Ósló

**Sama hvað hver segir. Það er ekki hægt að láta sér leiðast í Ósló.**

**Ekki missa af þessu...**

**Holmenkollen:** Tignarlegasti skíðastökkpallur veraldar. Stórfenglegt útsýni yfir borgina frá toppi brekkunnar. Svo er bara að hrökkva eða stökkva.

**Konungshöllin:** Glæsilegt einbýlishús í hjarta borgarinnar, með suðursvölum. Prófið að banka upp á, kannski er Halli kóngur með heitt á könnunni.

**Aker Brygge:** Veitingahúsaþyrping við strandlengjuna með iðandi mannlífi. Sjávarréttir, sjávarsalt og sjávarniður.

**Munch safnið:** Hér má fræðast um allt sem viðkemur þessum frægasta syni norsks listalífs – á eftir A-ha! auðvitað.



# Stokkhólmur



**Svíþjóð er eins konar Danmörk fyrir lengra komna. Og Stokkhólmur er Køben fyrir fullorðna.**

**Ekki missa af þessu...**

**Gamli Stan:** Gamli bærinn í Stokkhólmi er eftirlæti allra sem koma til borgarinnar.

**Gröna Lund:** Skemmtigarður með veitingastöðum, leiktækjum og ýmsum uppákomum.

**Gondolen:** Áhugaverður veitingastaður, dálítið einkennilegur í laginu þar sem hægt er að sjá yfir allan gamla bæinn.

**Skansen:** Listasafn undir berum himni sem einnig inniheldur dýragarð. Og já, það eru elgir þar.

**Lars Thyssen Sérfræðingur í veiði og útivistarfatnaði**

verður í verslunini Icefin þriðjudaginn 6/10

**www.icefin.is • sími 534 3177 • Nóatún 17**



**Árangur fer eftir gæðum**

**Hvaða Spirulina ert þú að taka?**

29 vítamín og steinefni · 18 amínósýrur · Blaðgræna · Omega · GLA fitusýrur · SOD eitt öflugasta andoxunarensím líkamans

Eingöngu lífræn næringarefni tryggja betri upptöku og nýtingu í líkamanum.

LifeStream

Greinilegur árangur eftir nokkra daga inntöku

Aukið úthald, þrek og betri líðan




Súrefnistæmdar umbúðir vernda næringarefnin.

Lifestream þörungarnir eru ómengaðir, ræktaðir í ferskvatni eftir ströngum gæðastaðli. ISO9001 · ISO14001

Fæst í öllum apótekum. Yggdrasill · Gulli Betri www.celsus.is



**Hringdu í síma**

**512 50 60**

**ef blaðið berst ekki**




Linda Björk Þórðardóttir, rannsóknarlögreglukona, ætlar að keppa í þriðja sinn í Ice Fitness þann 17. nóvember og hlakkar mikið til. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Lögga í fitnessformi

***Linda Björk Þórðardóttir, lögreglukona, er í óða önn að búa sig undir keppni í Ice Fitness sem fer fram hinn sautjánda nóvember í Laugardalshöll. Fitan fær að fjúka síðustu vikurnar án þess þó að ganga á vöðvastyrkinn.***

„Ég hef æft fitness svolítið lengi og keppti fyrst árið 2003. Svo keppti ég árið 2005 og svo aftur núna,“ segir Linda Björk og bætir því við að þetta sé þó nokkuð álag og því fínt að taka sér frí frá keppni annað hvert ár.

Linda Björk segir fitness-greinina geta verið mjög erfiða og tímafreka en rosalega skemmtilega. „Núna æfi ég tvisvar á dag, síðustu þrjár vikurnar fyrir keppni en tek mér þó frí á sunnudögum og læt eina æfingu duga á laugardögum,“ segir Linda sem tekur fitubrennslu á morgnana en lyftir lóðum seinni part dags. „Með þessu er ég líka að æfa frjálsar þar sem ég er í spretthlaupum svo það er nóg að gera í æfingunum,“ bætir hún við.

Fitness-keppnin hjá konunum skiptist í hraðaþraut, armbeygjur og fitness-greip þar sem þær hanga á stöng eins lengi og þær geta. Loks er það samanburður þar sem þær koma fram í bikiníi svo sjáist vel þjálfaðir og fallega vöðvaðir líkamar í góðu samræmi, þannig að keppnin tekur til styrks, þols og útlits.

Spurð hvort hún borði lítið eða bara öðruvísi síðustu vikurnar fyrir keppni segir Linda Björk: „Ég borða alltaf á tveggja og hálfs tíma fresti en minna í einu því þannig helst brennslan vel gangandi allan daginn. Ég borða meira af kolvetnum fyrri part dags en prótín seinni partinn. Það er mikið um fisk, kjúklingabringur og brún hrísgrjón og svo finnst mér hörpudiskur rosalega góður.“ Linda segir að gæta þurfi að því að borða ekki bara prótín, þá verði líkaminn svo máttlaus, heldur þurfi að fá kolvetni líka til að halda orkunni. „Ég get ekki mælt með þessari aðferð til grenningar fyrir þá sem eru yfir kjörþyngd því þetta krefst gríðarlegs aga og að hafa markmið til að halda sér við efnið,“ segir Linda en sjálf hefur hún lést um fimm kíló á síðustu tveimur mánuðum.

Að lokum segist Linda vera mjög vel stemmd fyrir keppnina og hlakka mikið til. „Þetta er rosalega gaman, skemmtilegt markmið og maður lærir svo vel á sjálfan sig og líkama sinn í undirbúningsferlinu.“

*sigridurh@frettabladid.is*




**Húfa og trefill** eru hið mesta þarfaþing í kuldanum. Mikilvægt er að klæða sig eftir veðri og vera í hlýjum fötum þegar kólna tekur svo ekki slái að manni.



Næstu fyrirlestrar og námskeið

Heilsuvöru-markaður
Opið virka daga kl. 10–20
laugardaga kl. 10–17
maður lifandi
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6
www.madurlifandi.is

03. nóv. Hláturfundur Hláturkætiklúbbsins
06. nóv. Hvernig er staðan á þér? *Matti Ósvald heilsuráðgjafi*
10. nóv. Hláturjóga með jákvæðu ívafi *Ásta Valdimarsdóttir hláturjógakennari*
14. nóv. Heilbrigði og hamingja *Benedikta Jónsdóttir heilsuráðgjafi*
15. nóv. Heilsukostur - Kökur og eftirréttir *Auður Konráðsdóttir desertadrottning*
20. nóv. Hvað á ég að gefa litla barninu mínu að borða? *Ebba Guðný Guðmundsdóttir*

Stinnari á 4 vikum...
Ný kynslóð af Slendertone System tækjum ... mun öflugri en áður!
SLENDERTONE
System belti fyrir kviðvöðva
dömu / herra
kr. 19.980,-
eða 6.660 á mán. í 3 mán.
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is

Frábært fjölvítamín með spírolinu, lecetíni og fleiru í jurtabelgjum. Aðeins ein á dag
Spektro
Póstsendum um land allt
Heilsu-hornið
S. 462 - 1889 • heilsuhorn@simnet.is • www.simnet.is/heilsuhorn
útsölustaðir: Yggdrasill, Fræið - Fjarðarkaup, Maður lifandi Borgartúni og Hæðarsmára, Lífsins Lind - Hagkaup, Lyfjaval - Mjódd og Hæðarsmára, Nóatún Hafnarfirði, Krónan Mosfellsbæ, Heilsuhúsið Selfossi, Krónan - Bíldshöfða, - Fiskislóð, - Mosfellsbæ og Akranesi, Heilsuhúsið Selfossi

Minnistöflur
Umboðs- og söluaðili
Birkiaska ehf.
sími: 551 9239
www.birkiaska.is
FOSFOSER MEMORY
Valið fæðubótarefni ársins 2002 í Finnlandi

Borðaðu þig granna(n)
Íslensku Vigtarráðgjafarnir
Nánari upplýsingar
Sími 865-8407
www.vigtarradgjafarnir.is

vísir.is
Fyrstur með fréttirnar

# Tantra tengist ekki kynlífi

***Leikstjórinn Helena Stefánsdóttir sótti nýverið námskeið í tantrajóga í Valencia á Spáni sem sérstaklega var ætlað konum.***



Helena iðkaði jóga í heilan mánuð á Spáni frá fimm á morgnana til ellefu á kvöldin.
FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

„Þetta var mánaðarnámskeið og dagskráin stóð alla daga frá fimm á morgnana til ellefu á kvöldin,“ segir Helena þegar hún er spurð út í tantrajóganámskeiðið í Valencia. „Við fórum þrjár saman sem höfum lengi stundað jóga. Ég á þrjú börn og var ekki alveg búin að sjá fyrir mér að ég gæti farið. En það varð úr og ég sé ekki eftir því,“ segir hún og bætir við að tengiliður þeirra við námskeiðið hafi verið nunna sem reki jógaleikskólann Sælukot.

Helena segir tantrajóga vera elstu tegund jóga og koma í veg fyrir ýmsa sjúkdóma. „Orkustöðvarnar sjö eru allar á aðalkirtlunum og æfingarnar hafa þann tilgang að virkja þessar stöðvar eða koma þeim í jafnvægi þannig að hormónaflæðið verði í lagi,“ segir hún og bætir við að iðkunin hafi áhrif á bæði líkamlega og andlega líðan og meðal annars heilsu húðarinnar. „Þetta gengur allt út á það að ná andlegu jafnvægi í takt við líkamann og mataræðið kemur þar inn í. Jóga fjallar um þetta allt saman á mjög djúpstæðan hátt og tengist því sem er æðra þannig að fólk sé ekki alltaf fast í einhverju veraldlegu. Vesturlönd tengja tantra við kynlíf sem er mjög mikill misskilningur,“ segir Helena einbeitt.

Helena rekur Kaffi Hljómalind og stundar líka kvikmyndagerð svo hún hefur nóg að gera. Samt ætlar hún að miðla öðrum af reynslu sinni eftir þessa minnisstæðu ferð, ásamt þeim sem með henni fóru. „Það eru svo margir að biðja okkur að kenna og við höfum verið með leiðsögn hver í sínu lagi,“ segir hún. „Mér finnst að ég geti ekki farið á námskeið og eignað mér það sem ég lærði heldur verði að koma því víðar.“

En af hverju telur hún Vesturlandabúa hafa tengt tantra við kynlíf? „Kynlíf er samruni og það er það sem jóga er. Samruni milli mín og einhvers æðra. Þar held ég að misskilningurinn liggi. Sanskrít er elsta tungumálið og mjög flókið. Þar getur eitt orð þýtt heila setningu. Einhvers staðar hefur þetta orð skolast til á leiðinni því það hefur ekkert með kynlíf að gera. Jóga er bara samruni manneskjunnar við guð, hið æðra.“

*gun@frettabladid.is*

Orkudans
POWER dance
Slíttu af þér böndin og njóttu þess að dansa!
Föstudagskvöld kl. 18:00
Námskeið hefst 9. nóvember
í Gerðubergi Reykjavík
Púlsinn námskeið
Marta Eiríksdóttir
Skráning og nánari uppl. í síma 848 5366 og www.pulsinn.is



Gott er að ímynda sér að maður sé á einhverjum fallegum stað til að slaka á.

# Í friði og ró

***Slökun er mikilvæg og nauðsynlegt fyrir alla að geta slappað af annað slagið.***

Eftir erfiða daga getur verið gott að slaka vel á öllum vöðvum líkamans áður en farið er að sofa svo svefninn nýtist betur. Tilvalið er að gera þetta bara í rúminu og fara hægt og rólega yfir allan líkamann og sjá til þess að hvergi sé eftir spenna í vöðvum. Best er að vera með lokuð augun á meðan og ekki er verra að ímynda sér að maður sé á einhverjum kyrrlátum stað sem er í sérstöku uppáhaldi. *- eö*

# Lífrænt fyrir umhverfið, afurðirnar og heilsuna

***Þeir sem stunda lífrænar aðferðir við framleiðslu og markaðssetningu matvæla hér á landi verða að fá það staðfest hjá vottunarstofunni Túni að þeir fari eftir settum reglum. Þar er Gunnar Á. Gunnarsson.***

„Okkar hlutverk er að annast eftirlit og vottun hjá þeim sem þróa lífrænar aðferðir við framleiðslu og markaðssetningu vöru. Það gerist með reglubundinni úttekt á hverjum stað þar sem kannað er hvort unnið sé í samræmi við reglur sem gilda um allan heim. Allur ferill vörunnar þarf að vera vottaður, frá frumframleiðandanum til síðustu pökkunar eða merkingar,“ segir Gunnar þegar hann er spurður út í starfsemi vottunarstofunnar.

Gunnar segir lífrænar aðferðir við framleiðslu matvæla hafa bætandi áhrif á umhverfið, afurðirnar og heilsu neytenda samkvæmt niðurstöðum nýlegra erlendra rannsókna. Honum finnst íslenskir framleiðendur fremur seinir að átta sig á þessu. „Hér er lítil framleiðsla á lífrænum matvælum en áhugi neytenda gríðarlega mikill. Framboðið er borið uppi af innflutningi fyrst og fremst því íslensku vörurnar spænast upp og lagerinn er tómur þegar kemur fram á haustið,“ segir Gunnar sem tekur þó fram að kartöflur og korn endist aðeins lengur og mjólk sé framleidd árið um kring. Hann segir Ísland dragast aftur úr í þróuninni og telur ástæðuna vera lítinn stuðning hjá forystumönnum í hagsmunasamtökum framleiðenda. „Hér hefur verið ýtt undir þá hugsun að staða framleiðslunnar sé svo góð og menn þurfi ekkert að taka upp lífrænar aðferðir. En jafnvel þó að Íslendingar hafi góða aðstöðu í greinum eins og garðyrkju og sauðfjárrækt verða þeir að ganga alla leið og fá vottun til að geta kallað sig lífræna. Það dugir ekki bara að segjast vera lífrænn. Það verður að uppfylla kröfurnar.“

Gunnar rekur upphaf hinnar lífrænu stefnu aftur á 19. öld þegar framleiðsla á tilbúnum áburði hófst í heiminum. „Frumsýnir ræktunarmenn áttuðu sig strax á því að tilkoma áburðarins kynni að valda röskun á umhverfinu til lengri tíma litið og draga úr heilbrigði jurta, dýra og manna. Á 20. öldinni tæknivæðist landbúnaðurinn, nýtir tilbúinn áburð í vaxandi mæli og efni til skordýra-, illgresis- og sveppavarna, svo og lyf og hormóna í búfjárrækt. Síðan koma kynbætur í plöntum og búfé og undir lok síðustu aldar tækni til ræktunar erfðabreyttra lífvera. Allt hefur þetta undið upp á sig og valdið sívaxandi vandamálum. Svarið hefur verið það að hverfa aftur fyrir þessa lyfja- og tæknibyltingu en þróa nýjar aðferðir svo framleiðsla matvæla sé í góðri sátt við umhverfið. Þannig er hægt að stuðla að heilbrigði allrar keðjunnar, jarðvegs, jurta, búfjár og neytenda.“

*gun@frettabladid.is*



„Jafnvel þó að íslenskir framleiðendur hafi góða aðstöðu í greinum eins og garðyrkju og sauðfjárrækt verða þeir að ganga alla leið og fá vottun til að geta kallað sig lífræna,“ segir Gunnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Lífrænt ræktaðir ávextir bragðast vel.

## Salernisráðstefna í Delí

HELMINGUR MANNKYNS HEFUR EKKI AÐGANG AÐ SÆMANDI SALERNISAÐSTÖÐU. SAMEINUÐU ÞJÓÐIRNAR VILJA VANDANN BURT FYRIR 2025.

Fjögurra daga heimráðstefna um salernisaðstöðu var haldin í Nýju-Delí á Indlandi nú í byrjun nóvember en alls tóku 40 þjóðir þátt. Til umfjöllunar var nýjasta tækni og lausnir, en áætlað er að 2,6 milljarðar manna hafi ekki aðgang að þrifalegu klósetti með eðlilegum skólpfrágangi.

Það er aðallega í Asíu, Afríku og Suður-Ameríku sem skortir á grunnhreinlætisaðstöðu almennings, en á Indlandi einu hafa 700 milljónir manna engan aðgang að salernisaðstöðu. Þeir sem ferðast með lestum um Indland þekkja vel þá sjón að sjá indverska þorpsbúa sitja á hækjum sér á lestarsporum, en aðrir nota tún eða skóga til að hægja sér. Konur eiga einkum erfitt en þær þurfa að fara út á nóttunni þegar færri eru á ferli og slíkar aðstæður bjóða heim hættu á sjúkdómum og kynferðislegum árásum.



Sameinuðu þjóðirnar vilja útrýma vandanum fyrir 2025 en það er dýrt að setja upp vestræna salernisaðstöðu og skólpkerfi. Anita Jha, aðstoðarforseti áhugahóps um notkun ódýrra salerna á Indlandi, telur sig þó vera með lausn: „Við bjóðum ýmsar gerðir hefðbundinna indverskra salerna þar sem notandinn húkir ofan á gati. Þau kosta lítið og henta vel þar sem er vatnsskortur.“ *- þlg*

## Góður fyrir hjartað

ÞAÐ SÝNIR SIG AFTUR OG AFTUR AÐ FIMM SKAMMTAR ÚR GRÆNMETIS- OG ÁVAXTARÍKINU LENGJA LÍFIÐ OG DRAGA ÚR SJÚKDÓMSLÍKUM.

Nýleg bresk rannsókn hefur leitt í ljós að laukur, epli, te og rauðvín innihalda svokölluð flavóprótín sem minnka líkur á hjartasjúkdómum, en í þessum fæðutegundum finnst flavóprótínið kversetín (quercetin) sem hægir á þykknun slagæða, sem smám saman veldur alvarlegum kvillum í hjarta og æðum.

Eldri rannsóknir höfðu sýnt að kversetín fer hratt í gegnum meltingarveginn, en finnst annars ekki í blóði manna. Því vildu rannsakendur nú einbeita sér að þessu efnasambandi eftir að maðurinn hefur neytt þess, melt það og umbrotið það yfir í blóðrásina, og í ljós kom fyrrgreindur árangur.

*- þlg*











**Saurblað** kallast iðulega fyrsta blaðsíðan í öllum bókum. Þá er átt við auðu blaðsíðuna fremst sem er til þess gerð að taka í sig þau óhreinindi sem verið gætu á fingrum þess er bókinni flettir. Þaðan kemur hið skemmtilega orð „saurblað“.




FJÖLSKYLDUBÓKIN Í ÁR!




ÞÚ ERT FRÁBÆR - bók sem byggir upp sjálfstraust barna - og allra hinna

Bókaútgáfan Hólar - holar@simnet.is


# Lífi blásið í Leshús

***Skáldkonunni Vilborgu Dagbjartsdóttur fer vel að búa við Bókhlöðustíg. Nú hefur hún, ásamt sonum og tengdadóttur, endurvakið forlagið Leshús sem eiginmaður hennar Þorgeir Þorgeirsson stofnaði en lagt var niður eftir lát hans.***



„Hann Þorgeir hvarf frá svo mörgu sem hann var að vinna að og við vildum ekki láta það fara í súginn,“ segir Vilborg, stödd fyrir utan bókaforlagið Leshús.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Litla bakhúsið á lóðinni hennar Vilborgar heitir Leshús. Þorgeir byggði það sem forlagshús. „Hann Þorgeir hvarf frá svo mörgu sem hann var að vinna að og við vildum ekki láta það fara í súginn,“ segir Vilborg. Hún bætir því við að tengdadóttir hennar, Guðrún Jóhannsdóttir, kona Þorgeirs Þorgeirssonar yngri, sé í fullu starfi hjá forlaginu enda sé hún vel menntuð og ágætlega fær um það.

Tvær bækur eru komnar á markað hjá Leshúsi á þessu hausti og tímasetningar beggja hittu í mark. Játningar karlrembu eftir sænska sálfræðinginn Lars Einar Engström í þýðingu Ástu Sifjar Erlendsdóttur kom út 24. október. Sá dagur tengist jafnréttisbaráttu kvenna á Íslandi vegna frídagsins fræga sem Vilborg átti sterkan þátt í. „Engström var hér staddur á útgáfudaginn og hélt ágætt erindi á jafnréttisráðstefnu í Keili. Áhugi á bókinni hans kviknaði líka strax,“ lýsir Vilborg og heldur áfram. „Engström var ráðgjafi við ráðningar hjá ýmsum fyrirtækjum bæði í sínu heimalandi og öðrum Evrópulöndum í aldarfjórðung og vaknaði upp við vondan draum þegar dóttir hans var orðin tvítug og komin út á vinnumarkaðinn. Þá vildi hann ekki vita af henni í höndum á körlum eins og honum sem fundu sér allar mögulegar leiðir til að hafna konum. Þetta játar hann hreinskilnislega og ég lít svo á að þarna komi upp nýr og spennandi flötur í langdreginni jafnréttisbaráttu. Þessi bók ætti í raun að vera á borðum í öllum fyrirtækjum, stjórnendum til áminningar og í ráðningarfyrirtækjum alveg sérstaklega. Hún var metsölubók í Danmörku og Svíþjóð og ætti að geta orðið það hér.“

Hin nýja bókin hjá Leshúsi er þýðing Þorgeirs á sögunni um Grikkjann Zorba. Útgáfan tengdist 50 ára dánarminningu höfundarins, Nikos Kazantzakis, 26. október. „Þorgeir var ákaflega snjall þýðandi og hafði unun af því starfi. Hann var kornungur þegar hann þýddi þessa bók fyrst. Hún var lesin í ríkisútvarpið af Erlingi Gíslasyni leikara og seinna kom hún út hjá Almenna bókafélaginu. Þorgeiri þótti samt þörf á nýrri þýðingu. Hann lagði mikla vinnu í hana allt til hinsta dags og hún var tilbúin undir prentun þegar hann féll frá.“

*gun@frettabladid.is*




Lestu um nýju bækurnar á bokmenntir.is

Bókmenntavefurinn

Borgarbókasafn. Sími 563 1717. www.borgarbokasafn.is


# Hljóð og mynd

***JPV útgáfa kemur boðskap sínum á framfæri bæði með hljóði og mynd á þessu hausti.***



Edda Andrésdóttir les sjálf sögu sína Í öðru landi.

Nokkrar nýjar bækur koma út sem hljóðbækur hjá JPV í samstarfi við Blindrabókasafn Íslands. Þær eru sakamálasögurnar Dauði trúðsins eftir Árna Þórarinsson og Engill dauðans eftir Þráin Bertelsson. Höfundur les sjálfur Engil dauðans en Dauði trúðsins er lesinn af Hjálmari Hjálmarssyni leikara. Hann fór með hlutverk aðalpersónunnar, Einars blaðamanns, í vinsælu framhaldsleikriti sem gert var eftir Tíma nornarinnar og flutt af Útvarpsleikhúsinu í fyrrasumar. Edda Andrésdóttir les bók sína Í öðru landi, Vigdís Grímsdóttir sögu sína um Bíbí Ólafsdóttur og Þórunn Hjartardóttir les Þúsund bjartar sólir eftir Khaled Hosseini, höfund Flugdrekahlauparans.

Á vef JPV, www.jpv.is, eru síðan nokkrar af útgáfubókum forlagsins kynntar með myndstiklum þar sem fléttað er saman viðtölum við höfundana, tónlist og fleiru.

*- gun*



Bækur hafa fylgt mannkyninu lengi.

# Hvaðan kom bókin?

***Vissir þú að hið latneska heiti bókarinnar, liber, er komið frá Rómverjum?***

Í Rómaveldi var þunna lagið milli barkar og innri viðar á trjám til notað til handritsgerðar áður en farið var að skrifa texta á pergament. Þetta þunna lag innan við börkinn heitir liber.

*- þlg*


allt matur

Alla föstudaga



# bílaland B&L

bíla land B&L notaðir bílar

**Grjóthálsi 1, Reykjavík S: 575 1230.** Opið virka daga frá kl. 10 - 18 og á laugardögum frá kl. 12 - 16.

## Tilboðsbílar



**HYUNDAI SANTA FE**
Nýskr: 06/2005, 2400cc
5 dyra, Beinskiptur, Grár - tvílitur,
Ekinn 70.000 þ. Verð: 2.280.000
Tilboðsverð 1.950.000



**HYUNDAI SANTA FE**
Nýskr: 01/2001, 2700cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Rauður / Grár,
Ekinn 95.000 þ. Verð: 1.420.000
Tilboðverð 1.170.000



**HYUNDAI SONATA**
Nýskr: 12/2001, 0cc
4 dyra, Sjálfskiptur, Grænn, Ekinn
93.000 þ.Verð: 950.000
Tilboðsverð 650.000



**RENAULT CLIO**
Nýskr: 05/2004, 1100cc
3 dyra, Beinskiptur, Hvítur, Ekinn
54.000 þ. Verð: 870.000
Tilboðsverð 690.000



**RENAULT LAGUNA**
Nýskr: 06/2000, 2000cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Ljósgrár, Ekinn
132.000 þ. Verð: 810.000
Tilboðsverð 550.000



**RENAULT MODUS**
Nýskr: 05/2006, 1100cc
5 dyra, Beinskiptur, Ljósgrár, Ekinn
16.023 þ.Verð: 1.420.000
Tilboðsverð 1.230.000

## Verð frá 500.000 til 1.500.000



**HYUNDAI GETZ**
Nýskr: 06/2006, 1100cc
3 dyra, Beinskiptur, Hvítur,
Ekinn 48.000 þ.
Verð: 1.080.000



**HYUNDAI MATRIX**
Nýskr: 07/2004, 1600cc
5 dyra, Beinskiptur, Blár,
Ekinn 41.000 þ.
Verð: 1.190.000



**HYUNDAI STAREX**
Nýskr: 08/1999, 2500cc Disel
3 dyra, Sjálfskiptur, Rauður / Gulur,
Ekinn 136.000 þ.
Verð: 990.000



**RENAULT SCENIC II**
Nýskr: 05/2004, 1600cc
5 dyra, Beinskiptur, Ljósgrænn,
Ekinn 64.000 þ.
Verð: 1.590.000



**SUZUKI IGNIS**
Nýskr: 06/2002, 1300cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Grænn,
Ekinn 70.000 þ.
Verð: 780.000



**TOYOTA RAV4**
Nýskr: 12/2002, 2000cc
5 dyra, Beinskiptur, Hvítur,
Ekinn 56.000 þ.
Verð: 1.450.000

## Verð frá 1.500.000 til 3.000.000



**BMW 120D**
Nýskr: 08/2005, 2000cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Ljósbrúnn,
Ekinn 19.000 þ.
Verð: 2.950.000



**HYUNDAI SANTA FE**
Nýskr: 08/2005, 2000cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Svartur / Grár,
Ekinn 38.000 þ.
Verð: 2.950.000



**HYUNDAI TERRACAN**
Nýskr: 10/2004, 2900cc
5 dyra, Beinskiptur, Svartur / Grár,
Ekinn 34.000 þ.
Verð: 2.780.000



**HYUNDAI TUCSON**
Nýskr: 10/2006, 2000cc
5 dyra, Beinskiptur, Svartur - tvílitur,
Ekinn 17.000 þ.
Verð: 2.480.000



**MERCEDES C200 KOMPRESSOR**
Nýskr: 11/2004, 1800cc
4 dyra, Sjálfskiptur,
Ekinn 49.000 þ.
Verð: 2.900.000



**RENAULT MEGANE II**
Nýskr: 12/2004, 1600cc
4 dyra, Beinskiptur, Rauður,
Ekinn 53.716 þ.
Verð: 1.590.000

## 3.000.000 +



**BMW X3**
Nýskr: 01/2005, 3000cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Ljósgrár,
Ekinn 36.000 þ.
Verð: 4.480.000



**BMW X5**
Nýskr: 05/2006, 3000cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Dökkgrár,
Ekinn 24.000 þ.
Verð: 5.900.000



**HUMMER H3**
Nýskr: 07/2005, 0cc
5 dyra, Sjálfskiptur,
Ekinn 38.000 þ.
Verð: 4.380.000



**PORSCHE 911**
Nýskr: 08/2005, 3600cc
2 dyra, Beinskiptur, Grár,
Ekinn 9.000 þ.
Verð: 9.950.000



**VOLKSWAGEN TOUAREG**
Nýskr: 10/2003, 4900cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Ljósgrár,
Ekinn 67.000 þ.
Verð: 5.800.000



**VOLKSWAGEN TRANSPORTER**
Nýskr: 09/2006, 0cc
5 dyra, Beinskiptur,
Ekinn 78.000 þ.
Verð: 4.580.000

**Kíktu á heimasíðu okkar www.bilaland.is**

**Allt að 100% lán í boði**

**Umboðsmenn Bílalands B&L á landsbyggðinni:**

**Selfoss S: 575 1460 - Akureyri S: 461 2533 - Reykjanesbær S: 421 4444 - Akranes S: 431 2622 - Egilsstaðir S: 471 2524 - Vestmannaeyjar S: 481 3074**
**Hvolsvöllur S: 487 8688 - Bolungarvík S:456 7440 - Hornafjörður S: 478 1577 - Húsavík S:464 1888 - Sauðárkrókur S: 453 5141 - Hvammstangi S: 451 2230**

# fyrirtækjagjafir

ÞRIÐJUDAGUR 6. NÓVEMBER 2007




NORDICPHOTOS/GETTY

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

Blue Lagoon gjafakort




Bláa lónið Húðvörur Spa meðferðir Veitingar Gisting

Blue Lagoon gjafakortin eru skemmtilegur kostur fyrir þá sem vilja koma viðskiptavinum og starfsmönnum á óvart með orkumikilli og óvenjulegri gjöf. Handhafi gjafakortsins getur notað það í Bláa lóninu, fyrir gistingu í heilsulind, í verslun, í spa meðferðir og nudd og á veitingastaðnum í Bláa lóninu.

Upplýsingar í síma 420 8832 eða á bluelagoon@bluelagoon.is.

BLUE LAGOON
ICELAND

### ● UMBÚÐIRNAR SKIPTA MÁLI

Þótt innihald jólapakkans sé vitaskuld það sem mestu máli skiptir er alltaf gaman að fá fallega innpakkaða gjöf. Glansandi pappír með fallegum borða er loforð um það sem kemur. Slíkan pakka er skemmtilegt að setja undir jólatréð og sýnir að viðkomandi hafi lagt tíma og vinnu í að gera hann sem fallegastan.







GEFÐU GJAFAKÖRFU FULLA AF GÓMSÆTUM VÖRUM

Ostabúðin, Bitruhálsi býður upp á fyrirfram samsettar gjafakörfur auk þess sem þú getur sjálf(ur) sett saman körfu eftir eigin höfði og smekk, hvort sem þig vantar 5 eða 150 körfur. Auk þess erum við með frábært úrval af sælkeravörum.

ÍSLENSKIR OG ERLENDIR OSTAR
HRÁSKINKA
ÓLÍFUR
GÆÐASÚKKULAÐI
SÆLKERASULTUR

...og fjöldi af öðrum gæðavörum.



Hafðu samband við okkur
ostar@ostar.is eða í síma 569 1651
...eða komdu við.

OSTA BÚÐIN

Ostabúðin | Bitruhálsi 2 | 110 Reykjavík


# Gleði eða ógleði á jólum

**Eftir 51 viku vinnustreð brýst út barnsleg tilhlökkun í brjósti alþýðunnar þegar hún rogast heim með jólapakka vinnuveitandans og stillir honum í eftirvæntingu undir glitrandi jólatréð heima. Í pakkanum gæti leynst eitthvað undursamlegt sem gerir jólin enn dásamlegri, en einnig sitthvað sem hleypir púkum í annars friðsælt og umburðarlynt jólaskapið.**

## Hjartastaður



Vegleg peningagjöf eða hlutabréf í verðmætu fyrirtæki er framsýn gjöf sem gleður.



Flugmiði til útlanda og heim aftur til að nota í næsta vetrar- eða sumarfríi er gjöf sem getur ekki klikkað.



Staðfesting á fjárupphæð til kaupa á nauðsynlegu lækningatæki fyrir Barnaspítala Hringsins er gjöf sem nærir jólaandann.



Frídagur sem skipar starfsmanni að sofa út á dekurhóteli, fara í nudd, slökun og almenna orkuhleðslu er draumagjöf.



Valdir miðar á eftirsótta menningarviðburði nýja ársins gefa fyrirheit um góða tíma og afþreyingu með tilhlökkun.

## Rassskellur




Fatnaður, handklæði, teppi, seðlaveski eða annað sem merkir starfsmanninn fyrirtækinu er hreinn og klár yfirgangur.



Vekjaraklukka. Óstundvísi er meðvitaður löstur og þarf ekki áminningar við.



Gamall lager af ljóðabók samstarfsmanns sem er löngu hættur og enginn þekkir virkar ekki í jólapakkann.



Úrræðapakki með munnskoli, táfýlueyði, svitalyktareyði og sterkt ilmandi sápu er hreinasta móðgun.



# Veittu vellíðan

## – gefðu gjafakort í NordicaSpa



**Gjafakort í heilsulind NordicaSpa er tilvalin gjöf.** Við bjóðum upp á fyrsta flokks snyrtimeðferðir fyrir andlit og líkama og ýmsar tegundir af nuddi.

Hægt er að kaupa gjafakort fyrir ákveðna upphæð, í tiltekna meðferð og ýmsa spa pakka. Einnig er hægt að kaupa gjafakort í heilsuræktina – meðlimakort, einkaþjálfun eða námskeið. Við aðstoðum þig við að finna réttu gjöfina handa þeim sem þú vilt gleðja.

Við leggjum áherslu á andlega og líkamlega vellíðan og er Nordica Spa heimur út af fyrir sig.

**Opið**

| | |
|---|---|
| Mánud.–fimmtd. | 6:00–21:00 |
| Föstudaga | 6:00–20:00 |
| Laugardaga | 9:00–18:00 |
| Sunnudaga | 10:00–16:00 |

Hilton Reykjavik Nordica
Suðurlandsbraut 2
Sími 444 5090
nordicaspa@nordicaspa.is
www.nordicaspa.is

NORDICASPA










# Fjölskylduvænar gjafir

**Huga Hreiðarssyni, markaðsstjóra Atlantsolíu, finnst mikilvægt að gjafir starfsmanna beri með sér anda jólanna og gleðji alla fjölskylduna.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Þegar Atlantsolía hóf starfsemi sína á Íslandi árið 2003 voru þar aðeins fimm starfsmenn. Þá fengu starfsmenn í jólagjöf stóran og góðan hamborgarhrygg ásamt steikarpotti sem hefur fyrst og fremst verið til trafala. „Potturinn sem við fengum fyrstu jólin er svo stór að hann kemst hvergi fyrir og hefur verið á hálfgerðum vergangi á heimilinu síðustu árin. En hryggurinn kom sér ákaflega vel,“ segir Hugi Hreiðarsson, markaðsstjóri Atlantsolíu, hlæjandi og heldur áfram: „Þó eru flestir komnir með fullar kistur matar svona rétt fyrir jól, svo kjötgjafir eru betri með svolitlum fyrirvara.“

Í dag eru starfsmenn rúmlega tuttugu og að sögn Huga er markmiðið að jólagjafirnar séu bæði fjölskylduvænar og beri með sér anda jólanna. „Við höfum gefið gjafakort í dögurð á VOX þar sem fjölskyldan getur komið saman og notið sín yfir góðum mat. Síðan höfum við gefið ostakörfu ásamt góðu rauðvíni og látið fylgja með gjafakort í Kringluna,“ segir Hugi sem segir marga starfsmenn nota tækifærið og bjóði ættingjum og vinum að njóta með sér innihalds körfunnar yfir hátíðirnar. „Okkur finnst mikilvægt að gjöfin búi til stemningu og hingað til hefur þessi gjöf fallið í mjög góðan farveg. Síðan höfum við í framlínunni heimsótt starfsfólk með gjöfina og fært þeim fyrir jól,“ segir Hugi sem stefnir á örlítið jólalegri stíl fyrir jólin í ár og veltir fyrir sér að setja upp jólasveinahúfu við útkeyrsluna. „Aðalatriðið er að starfsfólkið viti að okkur þykir vænt um það og hversu mikils við metum störf þess,“ segir Hugi.

*- rh*








# Gaman að koma á óvart

**Bára Mjöll Ágústsdóttir, starfsþróunarstjóri Samskipa, ætlar að koma starfsmönnum fyrirtækisins á óvart með jólagjöfinni í ár.** FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

Samskip hefur farið fremur hefðbundar leiðir í vali á jólagjöfum fyrir starfsmenn sína undanfarin ár. Um síðustu jól var hins vegar ákveðið að breyta út af vana, enda segir starfsþróunarstjóri Samskipa, Bára Mjöll Ágústsdóttir, markmiðið með jólagjöfum ekki síður vera að koma á óvart en gleðja.

„Fyrir síðustu jól höfðum við gefið sömu gjöfina í ein fimmtán ár: hangikjöt eða hamborgarhrygg. Eitthvað sem er mjög hefðbundið og hentar öllum. Svo ákváðum við að breyta út af venjunni í fyrra og gáfum þá kaffikrús og hlífðardisk með frá Menu,“ segir Bára.

Tilgangurinn var að hennar sögn að fara nýjar leiðir og koma starfsfólkinu þannig á óvart. „Við ákváðum bara að prófa eitthvað nýtt og héldum að fólk vildi kannski velja hamborgarhrygginn sjálft, í staðinn fyrir að hann kæmi frá okkur.“

Bára viðurkennir þó að uppátækið hafi hlotið misjafnar viðtökur hjá starfsfólkinu. „Það voru fjöldamargir vonsviknir. Fólk var í raun farið að gera ráð fyrir þessu. Aðrir vildu ekkert fá hangikjöt eða hamborgarhrygg. En þannig er það með jólagjafir. Maður fær gjöf og segir takk fyrir, kæra frænka.“

Bára segir að Samskip muni trúlega halda áfram á sömu braut og gefa eitthvað óvænt í jólagjöf í ár. „Já, ég býst við því. Það á bara ekki að vera þannig að fólk gangi að hlutunum vísum, heldur á jólagjöfin að koma á óvart. Við teljum mest skemmtanagildi fólgið í því.“

Um jólagjöfina vill hún hins vegar sem minnst segja en efast ekki um að hún muni gleðja marga.

*- rve*



# Góðgæti frá SS – jólagladningurinn handa starfsfólkinu

FABRIKAN

## Bjóðum upp á girnilegt úrval af matarkörfum

SS býður upp á fjölbreytt úrval af matarkörfum sem eru tilvaldar jólagjafir fyrir fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum. Körfunum er pakkað inn og komið til viðtakenda eða fyrirtækja.

Veittur er 7% afsláttur af þeim pöntunum sem staðfestar eru fyrir 24. nóvember.
*Athugið að ekki er tekið við pöntunum eftir 15. desember.*



**Pantanir eru í síma:**
**575-6000 og 892-7063**

VEISLA Í HEILA ÖLD
1907 SS 2007



Vínó

Erum með ýmsar stærðir af gjafakössum fyrir vín, bæði úr tré og pappa.
Bjóðum fyrirtækjum upp á að útbúa kveðju með lýsingu á víninu og festum á viðkomandi flösku.

Vínó ehf. • www.vino.is • vino@vino.is • Sími 568 2290/860 2291




Hulda Snorradóttir hjá Mörgu smáu segir algengt að fyrirtæki gefi veglegri gjafir nú en áður og eins gjafir úr vörulínum eins og Menu og Jamie Oliver. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Alltaf að auka úrvalið

**Gjafir til starfsmanna eru veglegri nú en áður tíðkaðist.**

Fyrir hver jól leitar fjöldi fyrirtækja og félagasamtaka eftir þjónustu fyrirtækisins Margt smátt sem sérhæfir sig í auglýsinga- og gjafavörum. Að sögn framkvæmdastjóra Margs smás, Huldu Snorradóttur, virðast hugmyndaflugi viðskiptavina engin takmörk sett og allra leiða leitað til að gleðja starfsmenn fyrirtækja.

„Helsta breytingin sem hefur átt sér stað er að menn gefa oft mun veglegri gjafir en áður tíðkaðist," segir Hulda og nefnir að lítil sjónvörp, dvd-spilarar, púlsmælar, skrefamælar og önnur tæki og tól séu ekki óalgengar gjafir nú til dags.

„Svo hefur líka sú breyting orðið að við höfum tekið inn heilar vörulínur, sem ganga vel," heldur Hulda áfram. „Til dæmis mjög flottar vörur frá Menu, sem framleiðir bæði vörur fyrir heimilið og vinnustaðinn, og eins frá kokkinum Jamie Oliver fyrir þessi jól."

Af öðrum vinsælum gjafavörum nefnir Hulda fatnað, en fyrirtækið er komið með sérstaka vinnufatadeild, bakpoka og töskur. Eins ýmislegt sem tengist vinnustaðnum eins og usb-lykla, fundarmöppur, músarmottur, penna, bolla og tölvutöskur.

Þessir hlutir eiga það jafnframt sameiginlegt að þá er alla hægt að merkja, en að sögn Huldu er tilvalið að setja lógó á hluti sem fólk er með í höndunum alla daga í vinnunni.

„Það er bara svo margt til að merkja," segir Hulda. „Við erum alltaf að leita leiða við að auka úrvalið enda okkar hlutverk að finna það sem kúnnann langar í."

- rve


Jólagjöf í æsileg ævintýri

á Fjöruborðið Stokkseyri



Fjöruborðið
Og hafið sagði ok.

Eyrabraut 3 · 825 Stokkseyri · S. 483 1550 · Fax. 483 1545
info@fjorubordid.is · www.fjorubordid.is





Gjafabréf Hjálparstarfs kirkjunnar

Gjöf sem gefur

528 4400 : www.help.is

Hjálparstarf kirkjunnar

# Jólin nálgast!

af öllum Nettoline innréttingum 20% afsláttur til 10. nóvember

nettoline AUÐVELT - FLJÓTLEGT - ÓDÝRT

**20% afsláttur af öllum nettoline innréttingum til 10. nóvember**

**Notaðu tækifærið og nýja innréttingin verður tilbúin tímanlega fyrir jól.**

**NÝJAR SÝNINGARINNRÉTTINGAR - KOMDU OG SKOÐAÐU!**

af öllum Nettoline innréttingum 20% afsláttur til 10. nóvember



Hlýtt og notalegt — NICE hvítt




Í takt við tímann — PISA höldulaust



Nýtt, ódýrt og spennandi — TORINO hnota



Betra bað - meira úrval - lægra verð



Góð vinnuaðstaða skiptir máli

nettoline

GLÆSILEGAR DANSKAR INNRÉTTINGAR Í ÖLL HERBERGI HEIMILISINS

Veldu um 59 hurðagerðir og - liti



Fataskápar með venjulegum- eða rennihurðum

**25% Jóla AFSLÁTTUR AF RAFTÆKJUM!**
**þegar þau eru keypt með eldhúsinnréttingu!**



**Auk innréttinganna bjóðum við fullkomið úrval vandaðra raftækja, m.a. vorum við að fá sendingu af spanhelluborðum, sem við bjóðum á frábæru jólatilboðsverði.**

**ÞITT ER VALIÐ!**
**Þú velur um að kaupa innréttinguna ósamsetta eða lætur okkur um samsetninguna. Við önnumst líka uppsetningu og frágang fyrir þá sem þess óska - fullkomin þjónusta, eigið verkstæði.**

**VIÐ HÖNNUM OG TEIKNUM FYRIR ÞIG!**
**Komdu með málin af eldhúsi, baði, þvottahúsi, anddyri eða svefnherbergi - við hönnum, teiknum og gerum þér hagstætt tilboð í glæsilega danska innréttingu í hæsta gæðaflokki.**

www.nettoline.dk

Opið: **virka daga 9 - 18**
**laugardaga 10 - 16**

Friform

Askalind 3 - 201 Kópavogur - Sími: 562 1500

**Velkomin í Fríform, þar sem þú færð meira fyrir peningana**

# 20-50% AFSLÁTTUR

## POTTAR AF LAGER OG ÚR SÝNINGARSAL
## DAGANA 5.-9. NÓVEMBER - OPIÐ 08.30 - 17.00





## ÝMSIR AUKAHLUTIR
## 25% AFSLÁTTUR

## TREFJAR EHF.

Hjallahrauni 2, Hafnarfirði • Sími: 555 1027 • Fax: 565 2227
pottar@trefjar.is • www.trefjar.is



# Villibráðarhlaðborð

## 18. október - 21. nóvember

Matreiðslumeistarar Perlunnar velja hráefni frá öllum heimshornum
til að útbúa bestu villibráð sem hægt er að bjóða upp á.
Nú getur þú notið þess besta í villibráðarhlaðborði Perlunnar.
*Fyrir mat er gestum boðið að bragða á sérvöldum eðalvínum frá Chile og Argentínu.*

**Verð 6.590 kr.**

***Tilboð mánudaga - miðvikudaga: 5.590 kr.***

Hringbrot

---

## Jólahlaðborð

*22. nóvember - 30. desember*

Hið óviðjafnanlega jólahlaðborð Perlunnar hefst seinni part nóvembermánaðar en það borgar sig að panta borðið þitt strax – enda eitt vinsælasta jólahlaðborð á landinu!

Verð 6.250 kr. *Tilboð mánudaga-þriðjudaga: 5.250 kr.*

---

## Skötu- og jólahlaðborð

*Þorláksmessa, í hádeginu*

Sérstök stemmning ríkir í Perlunni á Þorláksmessu, þá er boðið er upp á skötu að fornum sið. Jólahlaðborð Perlunnar verður einnig í boði, svo allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

*Gjafabréf Perlunnar*
*Góð tækifærisgjöf!*

PERLAN

Sími: 562 0200 · Fax: 562 0207 · perlan@perlan.is · www.perlan.is


Leitaðu ekki lengra. Erum með rétta bílinn fyrir þig!
BÍLASALAN
diesel.is
HÖFÐAHÖLLIN
Sími: 567-4840/660-0565
Opið virka daga frá kl. 10:00-19:00 og laugardaga frá kl. 12:00-17:00
NÝR!
MMC PAJERO DÍSEL NÝR 2007
VERÐ: 5.580.000.-
NÝR!
MMC OUTLANDER DÍSEL NÝR 2007
VERÐ: 3.490.000.-
NÝR!
MMC L200 30 ÁRA AFMÆLISÚTGÁFA SJÁLFSK.
VERÐ: 3.590.000.-
TILBOÐ
ISUZU CREW CAB D-MAX LS 2006.
Verð kr. 3.190.000.
Tilboðsverð 2.990.000.-
TILBOÐ
VW PASSAT 11/1998
Verð 580.000.-
Tilboðsverð 480.000.-
TILBOÐ
BMW 520i TOURING 2000
Verð 1.650.000.-
Tilboðsverð 1.440.000.-
TILBOÐ
BMW 320D 2002.
Verð kr. 1.990.000
Tilboðsverð 1.690.000.-
TILBOÐ
CHRISLER SEBRING 2003
Verð 1.880.000.-
Tilboðsberð 1.680.000.-
TILBOÐ
BMW 325 I 2003
Verð kr. 3200.000
Tilboðsverð 2.890.000.-
TILBOÐ
RENAULT LAGUNA BREAK 2002
Verð kr. 1.390.000.-
Tilboðsverð 1.190.000.-
TILBOÐ
JEEP GRAND CHEROKEE V8 2005
Verð 3.790.000.-
Tilboðsverð 3.490.000.-
TILBOÐ
L. ROVER RANGE ROVER 4.0 1998
Verð 1.890.000.-
Tilboðsverð 1.490.000.-
TILBOÐ
M.BENZ VITO 111 CDI 2007
Verð 2.990.000.-
Tilboðsverð 2.790.000.-
TILBOÐ
MMC PAJERO DID 6/2000
Verð 2.560.000.-
Tilboðsverð 2.190.000.-
TILBOÐ
SUZUKI GRAND VITARA 3/1999
Verð 1.290.000.-
Tilboðsverð 990.000.-
TILBOÐ
M.BENZ ML230 1/1999
Verð 1.290.000.-
Tilboðsverð 1.090.000.-
TILBOÐ
HYNDAI H-1 12/1999
Verð 990.000.-
Tilboðsverð 890.000.-
VETRARPAKKI
FRÁ BÍLKÓ
FYLGIR HVERJUM BÍL
TILBOÐ
JEEP GRAND CHEROKEE LTD 2002
Verð 2.290.000.-
Tilboðsverð 1.890.000.-
TILBOÐ
MMC L200 2007 Nýr
Verð 2.990.000.-
Tilboðsverð 2.790.000.-
TILBOÐ
BMW 320DT Dísel 10/2001
Verð 1.990.000.-
Tilboðsverð 1.550.000.-
TILBOÐ
BMW 320CD Dísel 3/2004
Verð 3.690.000.-
Tilboðsverð 2.890.000.-
TILBOÐ
BMW 520DT Dísel 6/2001
Verð 2.190
Tilboðsverð 1.590.000.-
TILBOÐ
DODGE GRAND CARAVAN SE 2005
Verð kr. 2.590.000.-
Tilboðsverð 2.390.000
TILBOÐ
BMW X5 4.4 11/2000
Verð 3.750.000.-
Tilboðsverð 3.290.000.-
TILBOÐ
CHEVROLET G1500 EXPL. 4x4´05
Verð 4.990.000.-
Tilboðsverð 3.990.000.-
RENAULT MEGANE BREAK 2000
Verð kr. 590.000.-
Tilboiðsverð 490.000.-
TILBOÐ
HYNDAI SANTA FE 10/2002
Verð 1.790.000.-
Tilboðsverð 1.590.000.-
TILBOÐ
JEEP CHEROKEE LAREDO 11/2006
Verð 3.990.000.-
Tilboðsverð 3.390.000.-
TILBOÐ
VOLVO V50 Dísel 2005
Verð 2.990.000.-
Tilboðsverð 2.490.000.-
TILBOÐ
VOLVO XC70 2004
Verð 3.590.000.-
Tilboðsverð 2.990.000.-
TILBOÐ
FORD ESCAPE XLT CHOICE 4WD 2004
Verð kr. 2.590.000.-
Tilboðsverð 2.390.000.-
VETRARPAKKI
Negld vetrardekk, smurþjónusta og teflonbón
frá Bílkó fylgir hverjum bíl.
BÍLKÓ
Þjónustumiðstöð bílsins
Smiðjuvegi 34 (Rauð gata) | www.bilko.is | Sími 557-9110
Hönnun: Emil Hreiðar Björnsson
Klettháls 2 www.hofdahollin.is www.diesel.is



VW Passat 1.8 Turbo árg. '98, nýskoðaður. Verð 390.000 stgr. Sími 898 2111.



Ford Windstar Wagon árg. '96 ek. 150.000. Sk. 08. Ssk., framhjd. bensín, 7 manna, rafdr., rúður, ABS, vökvast pluss, dráttarkúla, samlæs. Veltistýri Innspýting Filmur. Verð 320 þ. Uppl. í s. 899 4180.

## 1-2 milljónir




Reyfarakaup á verksmiðjuútsölum með lægri dollar! Japanskir, Amerískir, Evrópskir bílar á útsölu. T.d. Dodge Caliber eða Ford F150 frá 1990þús! Nýjir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk ábyrgð. Frá 10% útborgun. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 5522000 www.islandus.com

## 2 milljónir +



BMW 320i '06 til sölu, Exclusive pakki, 19" felgur + 17" á vetrard. Spoilerar. Ek. 31 þ. V. 3.980 þ. S. 899 0501.

## Bílar óskast

Óska eftir ódýrum bíl á 20-60 þús. Má þarfnast lagfæringar. Uppl. í s. 699 3548.

## Jeppar



Cadillac Escalade árg 2002 345 hö ekinn 120000 kr einn með öllu eyðsla á langkeyrslu 15 l innanbæjar 18-20 l litur Perluhvítur upl í síma 892 7687.




Nýr 2008 Toyota Highlander. Slær Landcruiser út með kraft og sparneytni. 270 hö, 7,5L/100km. Einnig 2006/2007 tilboðsbílar. Frá 3.500þús. Nýjir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk ábyrgð. Frá 10% útborgun. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 5522000 www.islandus.com



Dodge Durango árg 04, 4700cc,krókur,ek 89600 km.Mjög vel með farinn. Verð 2.950.000. Uppl. í s 8635031



LandCruiser 120 GX 33" árg. 06 sjsk diesel 7manna. Ek. 35 þ. 8 dekk á felgum. verð 5,2 millj. S: 898-9867

## Pallbílar



Til sölu Dodge 2500 5,7 hemi bensin árg 04 ekinn 24 þús mílur verðhugmynd 3,2 áhvílandi 2,6 s: 897-6859







Reyfarakaup á verksmiðjuútsölum með lægri dollar! 2008/2007 Ford F150, Toyota Tacoma eða Dodge RAM frá 1990þús! Einnig stærri pallbílar og sendibílar benzín/dísel á útsölu. Nýjir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk ábyrgð. Frá 10% útborgun. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 5522000 www.islandus.com

## Sendibílar



**Frábær bíll**
Benz árg. '07 ek. 4 þ. Ssk. Lengri gerð, fæst gegn yfirtöku + virðisauka. Uppl. í s. 845 9239. Vinna getur fylgt með.

## Mótorhjól

Aðalfundur Road Race deildar AÍH verður haldinn í íþróttahúsinu við Strandgötu, Hafnarfirði, þann 8. nóvember, kl. 21.00. Mætum sem flest. Stjórnin.

## Vélsleðar



Ski-Doo SummitT 800 X RS 151" árg. 2007. Arctic Cat Crossfire 700 Sno Pro árg. 2006. Arctic Cat Crossfire 700, árg. 2006, nýr. Yamaha Venture 600 árg 1999. Tveggjamanna. Góðir sleðar á góðu verði.

Sími 898 2811.

## Bílaþjónusta




## Hjólbarðar



nýlegar 15" 4/100 álfelgur undan Toyota á sumardekkjum.2 dekk eru ný. verð 40.000 s.8680705

Til sölu 5 álfelgur undan Pajero sport 4. Lítið notuð dekk stærð 265/75R16 ónegld. Uppl. í s. 897 2321.

## Varahlutir



**Vélar ehf.**
**Vatnagarðar 16**
**Alternatorar og startarar í báta, bíla og vinnuvélar. Beinir og niðurg. startarar. Varahlþj. S. 568 6625. www.velarehf.is**

**Bílapartar ehf**
**S. 587 7659.**
Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00.

Grænumýri 3 Mosfellsbæ

www.bilapartar.is

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, Renault Kangoo. Viðgerðir. Kaupi bíla. Einnig airbag. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

**Partasalan Sími 557 7740**
Partasalan Skemmuvegi 30, sími 557 7740. Eigum varahluti í Volvo, Opel, Nissan, Toyota, Renault, Honda og fleira.

**Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.**
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

**Japanskar Vélar/Bílstart, Bílapartasala**
Erum að rífa flestar gerðir japanskra og kóreskra bíla, Fiat, Opel, VW ofl, sérstök áhersla á Nissan og MNC. Opið 08-18. S. 893 2284 & 565 3400, partasolur.is

# MOPAR.IS

## Vetrartilboð á Vespum!



**Shineray 300cc Fjórhjól**
verð **349,000,-**
með skráningu og Hjálmi







**ótrúleg verð í nokkra daga!!**
verð frá **110,000,-** með skráningu, farangursboxi og Hjálmi !
MOPAR.IS 564-2323

## Eigum til sölu Blöndunartæki á frábæru verði !




























Mopar.is • Auðbrekku 6 • 200 Kópavogur • 564-2323


GREY'S ANATOMY - alla miðvikudaga
DAMAGES - alla sunnudaga
STELPURNAR - alla föstudaga
NÆTURVAKTIN - alla sunnudaga
TEKINN 2 - alla föstudaga
LOGI Í BEINNI - alla föstudaga
ALGJÖR SVEPPI! - allar helgar
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE
M12 ÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR:
SIRKUS SIRKUS+
NÝTT ÁSKRIFTARTÍMABIL HEFST Í DAG
FRÁBÆR DAGSKRÁ Í NÓVEMBER
skemmtilegri
PRISON BREAK
NÝTT FANGELSI, NÝR FLÓTTI, NÝ ÞÁTTARÖÐ
HEFST 11. NÓVEMBER
BOÐGREIÐSLUTILBOÐ!
Stöð 2, Stöð 2 bíó og Stöð 2 sirkus á aðeins 4.990 kr. á mánuði fyrir korthafa VISA í nóvember og desember.
VISA

## Dýrahald



Gullfallegir 3 sharpei hvolpar til sölu undan íslenskum og alþjóðlegum meisturum. Uppl. í s. 821 9262 Guðrún eða breidstadir@internet.is



Til sölu Silki Terrier hvolpur er undan pari sem komið hafa vel út á sýningum. Uppl. í s. 697 7860.

13 vikna mjög fallegur fress köttur fæst gefins. S. 557 7811 & 692 8255.

Border Collie blandaðir hvolpar fást gefins til afhendingar strax. S. 663 6173.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Leigusalar auglýsa frítt.**
Skráðu eignina þína á leiga.is eða hringdu í síma 534-1020.
**Leigjendur leita frítt.**
**Leiga.is býður**
- leit að leigjanda
- leigu- og tryggingaráðgjöf
- gerð leigusamninga fyrir íbúðar og atvinnuhúsnæði.

Leiga.is
Löggild leigumiðlun

Rúmlega 40 m2 íbúð til leigu í Garðabæ. Sérinngangur, 2 svefnherbergi, WC, sturta og stofa/eldhús. Aðgengi fyrir þvottavél og þurrkara. Íbúðin er laus. Uppl. í s. 860 9217

Til leigu 20 fm herb. á 109 Rvk leigist m/ húsg. aðgangur eldhús/bað 8973611

Rent a room from 40.000 kr per month in Hafnafjördur and Reykjavík call Barbara 824 4532

3 herbergja, 86 fm íbúð + stæði í bílageymslu í hverfi 200 kóp . Leiga 130 þús. á mán. 3 mán í tryggingu eða bankaábyrgð. Laus strax. Uppl. í s. 892 8996

Lítil stúdíó íbúð til leigu í miðbæ Reykjavíkur. Laus strax. Leiga 65 þús, allt innifalið. Ísskapur á staðnum. Uppl. í s. 698 8698

140 fm íbúð til leigu á Austurlandi, nánar tiltekið á Fáskúsfirði, 15 mín, frá álverinu. Uppl. í s. 897 9398

## Húsnæði óskast

**3ja herbergja íbúð óskast!**
**2 ungar konur óska eftir að taka á leigu 3ja herbergja íbúð miðsvæðis í Rvk. (Helst svæði 101, 104 eða 105)**
**Reglusemi og skilvísum greiðslum heitið. Greiðslugeta 110 - 130 þúsund.**
**Upplýsingar sendist á netfangið elindogg@hive.is**

S.O.S Par með barn og hund bráðvantar 3. herb. íbúð. fyrir 1 des. Reglusöm og skilvísum greiðslum heitið. Gr. geta. 130 þ. S. 869 5109 & 856 8915.

3 herb. íbúð á sv. 101 eða 107 óskast. Greiðslg. 120 þ. + -. Reglusöm og reyklaus. Skilvísar greiðslur. S. 696 5900.

Par óskar eftir íbúð til leigu fyrir ca. 80 á mán. Skilvísar greiðslur, Uppl. í s. 869 9647 & 659 6954.

Erlend kona, íslenskur ríkisborgari með 8 ára barn óskar e/ 2 herb. íbúð. Getur borgað 4-6 mán. fyrirfram og er einnig tilbúin að taka að sér heimilisþrif uppí leigu. S. 899 6016.

## Geymsluhúsnæði

Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2. Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 20 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

### Húsvagnafólk - Síðustu plássin

Fyrsta flokks upphitað hús á EyrarbakkaTökum allar stærðir. Vefmyndavélar.S. 564 6500.

## Gisting

Langtíma gisting Long term rental Gistihús/Guesthouse Flóki Inn Sími:552 1155, netf:info@innsoficeland.is, www.innsoficeland.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði




Sölu/Þjónustufulltrúi. Spennandi starf/ góðar tekjur. Tækifæri að flytjast til Spánar á nýju ári. Also wanted US/ English native speakers. Nánari Uppl./ More info www.islandus.com/atvinna

**NÝTT BAKARÍ/KAFFIHÚS HOLTAGARÐAR - KRINGLAN**
**„JÓI FEL" opnar glæsilegt bakarí og kaffihús í Holtagörðum. Okkur vantar starfsfólk í afgreiðslu. Einnig vantar okkur starfsfólk í nýtt bakarí okkar í Kringlunni strax.**
**Áhugasamir hafið samband við Lindu í s. 863 7579 eða á JOIFEL@JOIFEL.IS**

**Ert þú að leita að skemmtilegri vinnu með skóla?**
**Subway óskar eftir jákvæðu og duglegu fólki með mikla þjónustulund. Um er að ræða vaktavinnu um kvöld og helgar. Breytilegar vaktir í boði sem henta vel með skóla. Hægt er að sækja um á subway.is.**
**Nánari upplýsingar veitir starfsmannastjóri í síma 530-7004. Aldurstakmark er 16 ár.**

Kornið óskar eftir starfsfólki í Lækjargötu frá 12 - 18.30 á virkum dögum. Uppl. í s. 864 1593 Ella.

**Aktu Taktu Skúlagötu**
Leitar að þér. Kvöld- og helgarvinna í boði. Skemmtileg vinna á skemmtilegum vinnustað. Allir hvattir til að sækja um. Umsóknir á aktutaktu.is

**Ísbúðin Áfheimum**
**Óskar eftir að ráða starfsfólk í kvöld- og helgarvinnu.**
**Einungis traust og heiðarlegt starfsfólk kemur til greina.**
**Uppl. í s. 899 9495, Jónína.**

**Aðhlynning - kvöld og helgarvaktir.**
**Óskum eftir starfsfólki við aðhlynningu í Þjónustuíbúðum Dalbraut 27. Um er að ræða kvöld og helgarvaktir.**
**Uppl. Veita Guðbjörg Vignisdóttir og Guðný Pálsdóttir sími 4112500. Netf. gudbjorg.vignisdottir@reykjavik.is og gudny.palsdottir@reykjavik.is**

**Ert þú næturmanneskja?**
**Subway óskar eftir duglegu og jákvæðu fólki með mikla þjónustulund. Um er að ræða bæði fullt starf og hlutastarf. Í fullu starfi er unnið 7 daga frá 22-06 og 7 daga frí. Hlutastarfið er frá 22-06 um helgar. Góð laun í boði. Hægt er að sækja um á subway.is**
**Nánari upplýsingar veitir verslunarstjóri í síma 696-7064 (Subway Hringbraut/N1). Aldurstakmark er 18 ár.**

**Kaffihús, Bakarí**
**Bakarameistarinn Mjódd, Smáratorgi, Suðurveri, Austurveri, Glæsibæ & Húsgagnahöll óska eftir afgreiðslufólki. Vinnutími 10-19 & 13-19, 07-13, 08-16 & 15-19. Einnig laus helgarstörf. Góð laun í boði.**
**Uppl. í s. 897 5470 til kl.17.00. Einnig umsókareyðublöð á www.bakarameistarinn.is**

**Heitt og Kalt**
**Óskum eftir að ráða matreiðslumann í mötuneyti. Vinnutími milli 07-16**
**Upplýsingar gefur Ari í síma 695 7968.**

**Húsasmiðjan**
**Óskar eftir föstum starfsmönnum og helgarstarfsmönnum á kassa í verslun Húsasmiðjunnar í Grafarholti.**
**Upplýsingar í síma 664 3624.**

Vélamaður óskast á hjólagröfu á höfuðborgarsvæðinu. Næg vinna í boði. Uppl. í s. 896 6676.

Vantar duglega menn í röralagnir og almenna jarðvinnu. Næg vinna í boði. Uppl. í s. 896 6676.

**American style Hafnarfirði og Skipholti**
Vantar þig góða vinnu í föstu vaktavinnukerfi? Erum með störf í 100% vaktavinnu. Skemmtilegt vinnuumhverfi, mjög samkeppnishæf laun og frábært folk. Sæktu um á americanstyle.is

**Pítan**
Ferskur vinnustaður, góður vinnuandi og fínustu laun; ef þetta höfðar til þín og þú ert eldri en 23 ára þá vantar öflugan vaktstjóra í 49% kvöld- og helgarvinnu. Hentar vel með háskóla. Umsóknir á pitan.is

Ferðaþjónusta fatlaðra í Kópavogi óskar að ráð bifreiðastjóra með rútupróf. Góð laun í boði. Uppl. í síma 860-0761

Ferðaþjónusta fatlaðra í Kópavogi óskar að ráða bifreiðastjóra með rútupróf. Góð laun í boði. Uppl. í síma 860 0761.

Vegna aukinna verkefna óskum við eftir starfsfólki í ræstingar. Uppl. í s. 860 0601. Glans ehf.

**Bakarí í Kópavogi, Engihjalla.**
Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa hálfan daginn og aðra hvora helgi. Helst reyklaus. Uppl. í s. 820 7370.

**Bakarí - kaffihús, Skipholti**
Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa. Vinnutími eftir hádegi og annan hvorn laugardag. Góð laun í boði fyrir rétta fólkið. Helst reyklaus. Uppl. í s. 820 7370.

**American Style**
Er það leikur einn að reka þitt heimili og skipuleggja þig og hjálpa öðrum í kringum þig? American Style í Bíldshöfða og Tryggvagötu er að leita að kraftmiklum kvöld- og helgarrekstrarstjóra. 100% laun fyrir 75% vinnu. Lágmarksaldur: 25 ára. Gæti hentað vel með háskóla. Upplýsingar veitir Herwig 892 0274

**Beitningamann vantar**
Vantar vanan beitningamann til vinnu í reykjavík. Uppl. í s. 894 5454.

**Verslun/heildsala**
Okkur vantar öflugan starfsmann til liðs við okkur í mjög fjölbreytt og lifandi starf við afgreiðslu og pantanir. Við leitum að jákvæðum og duglegum einstaklingum sem vill vinna í ört vaxandi fyrirtæki. Vinnutími 8-18. virka daga. Þarf að geta byrjað strax Vinsamlegast sendið umsókn á thjarkur@thjarkur.is

## Atvinna óskast

Vel menntuð kona með góða tungumála og tölvukunnáttu óskar eftir áhugaverðu skrifstofustarfi. S. 692 7292.

# TILKYNNINGAR

## Ýmislegt

80-90% útsala. Engihjalla 8, 1. hæð. Kl. 15-20 alla daga! Uppl. í s. 861 4082.

## Einkamál

**18plús.is**
Sýndu þig, sjáðu aðra. Íslenskur afþreyingarvefur fyrir fullorðna.

## TILKYNNINGAR

**Sýslumaðurinn á Húsavík**

# UPPBOÐ

**Uppboð munu byrja á skrifstofu embættisins á Útgarði 1, Húsavík, sem hér segir á eftirfarandi eignum:**

Bakkagata 11, fasnr. 216-6844, 670 Kópaskeri, þingl. eig. Gunnólfur ehf, gerðarbeiðendur Lífeyrissjóður Austurlands, Sýslumaðurinn á Húsavík og Vátryggingafélag Íslands hf, mánudaginn 12. nóvember 2007 kl. 10:00.

Eignarhluti gerðarþola í Krossavík I, landnr. 154563, Svalbarðshreppi, 680 Þórshöfn, þingl. eig. Angela Ragnarsdóttir, gerðarbeiðandi Stafir lífeyrissjóður, mánudaginn 12. nóvember 2007 kl. 10:00.

Eignarhluti gerðarþola í Langanesvegi 24, fnr. 216-7880, 680 Þórshöfn, þingl. eig. Ívar Þór Jónsson, gerðarbeiðandi Byko hf, mánudaginn 12. nóvember 2007 kl. 10:00.

Eignarhluti gerðarþola í Stórhóli 77, fnr. 215-3358, 640 Húsavík, þingl. eig. Guðjón Ingvarsson, gerðarbeiðandi Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda, mánudaginn 12. nóvember 2007 kl. 10:00.

Garðarsbraut 18A, Húsavík, þingl. eig. Sólbrekka ehf, gerðarbeiðandi DAC ehf, mánudaginn 12. nóvember 2007 kl. 10:00.

Garðarsbraut 44, fnr. 215-2620, 640 Húsavík, þingl. eig. Ásgeir Guðmundsson og Ómur sf, gerðarbeiðendur Árdegi hf. (Skífan hf.), Daníel Ólafsson ehf, Iðnmark ehf, Innnes ehf, Rekstrarvörur ehf og Sýslumaðurinn á Húsavík, mánudaginn 12. nóvember 2007 kl. 10:00.

Garðarsbraut 69, 010301, fnr. 215-2673, 640 Húsavík, þingl. eig. Friðrik Atli Sigfússon, gerðarbeiðendur Sjóvá-Almennar tryggingar hf. og Sýslumaðurinn í Kópavogi, mánudaginn 12. nóvember 2007 kl. 10:00.

Garðarsbraut 69, 010401, fnr. 215-2676, 640 Húsavík, þingl. eig. Friðrik Atli Sigfússon, gerðarbeiðendur Sjóvá-Almennar tryggingar hf. og Sýslumaðurinn í Kópavogi, mánudaginn 12. nóvember 2007 kl. 10:00.

Skútustaðaskóli, fnr. 216-3343, Skútustaðahreppi, þingl. eig. Hótel Valhöll ehf, gerðarbeiðendur Byggðastofnun og Tollstjóraembættið, mánudaginn 12. nóvember 2007 kl. 10:00.

Sýslumaðurinn á Húsavík,
5. nóvember 2007.

## ATVINNA

DVALARHEIMILIÐ HÖFÐI

# Deildarstjóri

**Dvalarheimilið Höfði óskar eftir að ráða deildarstjóra félagsstarfs.**

Við leitum að iðjuþjálfa, þroskaþjálfa, tómstundafræðingi eða einstaklingi með sambærilega menntun.

Upplýsingar gefur Ingibjörg Ólafsdóttir iðjuþjálfi í síma 433 4300.

Umsóknir um starfið ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf berist fyrir 12.nóvember n.k.

*Á Höfða búa 78 íbúar, þar af 48 í hjúkrunarrými og 30 í þjónusturými. Á heimilinu er auk þess rekin félags- og þjónustumiðstöð; m.a. eru 20 rými fyrir dagdeild aldraðra. Nánari upplýsingar um heimilið og umsóknareyðublöð á heimasíðu Höfða: dvalarheimili.is*

## FASTEIGNIR

**TRAUST OG ÖRUGG ÞJÓNUSTA**
**SÍMI 533 4040**
**FAX 533 4041**
**OPIÐ MÁN.-FIM. 9-18 OG FÖS. 9-17**
Dan V.S. Wiium hdl., lögg. fasteignasali

**Fasteignasala • Ármúli 21 • www.kjoreign.is**

## GULLENGI - NÝTT HÚS

Frum





Fullbúin132,1 fm endaíbúð í nýju vönduðu fjölbýlishúsi byggðu á þessu ári af ÍAV. Íbúðin er á 2. hæð með sérinngangi af svölum. Skiptist hún í forstofu, hol, 4 herb., stofur, eldhús, bað, þv.hús og geymslur. Stórar svalir og mikið útsýni. Fullbúin eign með vönduðum gólfefnum og innréttingum. Sérhönnuð lýsing. **LAUS STRAX. Verð 34,5 millj.**

**Kristinn Valur Wiium**
**Sölumaður, sími: 896 6913**

**Ólafur Guðmundsson**
**Sölustjóri, sími: 896 4090**


Ósló
Stokkhólmur
Gautaborg
Kaupmannahöfn
Billund
London
Berlín
Varsjá
North Sea
UNITED KINGDOM
DENMARK
NETHERLANDS
BELGIUM
GERMANY
POLAND
CZECH REPUBLIC
AUSTRIA
SLOVENIA
RUSSIA
Skagerrak
PASSPORT
PASSEPORT
LEGOLAND
Nikon
Iceland Express


Eindhoven
Frankfurt Hahn
París
Basel
Friedrichshafen
Barcelona
Alicante
VEGABRÉF
PASSPORT
PASSEPORT
BELGIUM
F R A N C E
SWITZERLAND
ANDORRA
MONACO
Golfe du Lion
Ligurian Sea
Corse
Sardegna
Mallorca
Menorca
Islas Baleares
M e d i
Sicilia
MENU 12
1º PLATO
ENSALADA CASA
O
GAZPACHO
2º PLATO
HAMBURGUESA
Y SANGRIA
8,75

# París

Ahh, París.

**Ekki missa af þessu...**

**Eiffel turninn:** Þið vitið, þessi bronslitaði.

**Notre Dame:** Ef þú ætlar bara einu sinni í kirkju á næsta ári – þá skaltu prófa þessa.

**Louvre:** Biðröð schmiðröð. Sjálf Móna Lísa bíður glottandi eftir þér þarna inni.

**Père-Lachaise kirkjugarðurinn:** Til að fullvissa sig um að Jim Morrison sé enn á sínum stað.

**Cluny:** Franskt miðaldasafn. Og fyrir þá sem ekki vita þá voru miðaldirnar að mestu franskar.

**Montmartre:** Ef það er einhvern tímann ástæða til að setja upp alpahúfuna þá er það hér.

**Champs-Élysées:** Hvort sem ætlunin er að versla, setjast að snæðingi eða góna á Sigurbogann í andakt.

**Rungis:** Stærsti matarmarkaður í heimi. Héðan fer enginn svangur.



**Opéra Garnier:** Það er ekki ónýtt að skella sér á upplífgandi óperu eða sáluhjálpandi ballettsýningu í háborg menningarinnar.

**La Madeleine:** Margur er knár þó hann sé smár var meginhugsun Napóleons að baki þessu minnismerki um sigra herja hans, sem nú er kirkja.

# Eindhoven

**Þeir sem halda því fram að Holland sé flatt, hafa augljóslega aldrei komið til Eindhoven.**

**Ekki missa af þessu...**

**Van Abbemuseum:** Eitt fremsta nútímalistasafn heims. Kjörið til hneykslunar jafnt sem hrifningar.

**Effenaar:** Vinsæll tónleikastaður sem hýsir ýmsar menningarlegar og ómenningarlegar uppákomur allan ársins hring.

**Philips safnið:** Raftækjarisinn Philips sýnir í máli og myndum hvað hefst upp úr því að kveikja á perunni.

**Hooghuisstraat:** Verslunargata sem tekur sig alvarlega sem slíka, sneisafull af hvers kyns varningi fyrir alla fjölskylduna.

**DAF Museum:** Það er tiltölulega auðvelt að láta heillast af sögu hollenska bílaframleiðandans Huberts van Doorne, merkilegt nokk.

**Noord-Brabant:** Héraðið umhverfis borgina er gullfallegt og vel þess virði að flakka um, hvort heldur sem er á bíl eða tveimur jafn fljótum.

**Philips Stadion:** Heimavöllur PSV Eindhoven, risans í hollenskri knattspyrnu. Tuðruspark á heimsmæli kvarða.

**De Bijenkorf:** Flennistór verslunarmiðstöð full af afsökunum fyrir því að fylla ferðatöskurnar.



# Alicante

**Sól, strendur, góður matur, fallegt umhverfi, sól og skemmtun. Og ekki má gleyma sólinni.**

**Ekki missa af þessu...**

**Santa Barbara-kastalinn:** Fallbyssur, dýflissur og eftirlitsturn og frábært útsýni.

**Museo de Arte de Siglo XX La Asegurada:** Splunkunýtt vín á gömlum belg. Byggt 1687 en listsýningarnar langt á undan sinni framtíð.

**Iglesia de Santa Maria:** Gotneski stíllinn á márískum grunni. Gullfalleg kirkja.

**Strendurnar:** Playa del Postiguet, Playa del Coco og Playa de la Albufereta. Sól, hreinn sandur, sjór og gott skap, sama hvað „plæjað" heitir.

**Höfnin:** Ef þú hélst að lífið gæti ekki batnað, þá hafðirðu rangt fyrir þér. Flott veitingahús, sjóðheitir barir og dásamleg kaffihús.

**Canalejas-garðurinn:** Jafn gamall og hann er flottur. Skúlptúrar, risavaxin tré og gosbrunnar.

**La Rambla de Méndez Núñez:** Skemmtilegt verslunarhverfi. Gott verð í skínandi góðu veðri.

**La Zona:** Villt næturlíf, barir, klúbbar og þreyta daginn eftir, bókuð fyrirfram.

**Terra Mitica-skemmtigarðurinn:** Rússíbanar, leiktæki, klessubílar og vatnssull fyrir alla fjölskylduna.

# Basel

**Tímalaus snilld í landi þar sem tíminn er allt.**

**Ekki missa af þessu...**

**Münster-dómkirkjan:** Byggð á árunum 1019-1500. Það tók bara 500 ár að byggja almennilega kirkju í Sviss. Besta útsýnið í bænum.

**Marktplatz-útimarkaðurinn:** Ávextir, grænmeti, blóm og vínarbrauð. Eins og titill á mynd á kvikmyndahátíð, bara eftirminnilegra.

**Kunstmuseum Basel:** Picasso og félagar, einnig gömlu goðin.

**Puppenhausmuseum Basel:** Bangsapabbi, Bangsamamma, Bangsi litli og allt ættartréð. Stærsta bangsasafn í heimi.

**Dýragarðurinn:** Næststærsti dýragarður í Sviss. Apalæti leyfileg.

**Globus:** Stórverslun af fínni gerðinni. Ef þú vilt flotta Rolex eftirlíkingu á góðu verði, farðu þá annað.

# Frankfurt Hahn

**Frankfurt Hahn flugvöllurinn er staðsettur í paradís miðri. Drífðu þig út í góða veðrið, leigðu bíl og njóttu umhverfisins.**



**Ekki missa af þessu...**

**Rín:** Það er bara ein Rín – og allar rómantískar kvikmyndir sögunnar jafnast ekki á við að sigla niður þessa gjöfulu lífæð í góðu veðri.

**Eifel:** Ekki láta hjá líða að skoða jarðfræðileg undur þessa merkilega svæðis, innan um forna skóga og sofandi eldfjöll.

**Mósel:** Eitt þekktasta víngerðarhérað heims og jafnframt eitt það fegursta. Og ekki spilla ýmis konar smakkanir fyrir.

**Westerwald:** Hæðótt náttúruparadís í norðurhluta Rínardalsins. Óspillt náttúra, hjalandi lækir og heill hellingur af trjám.

**Koblenz:** Kippkorn er til þessarar heillandi borgar. Kaffi- og veitingahús og heilu raðirnar af skemmtilegum verslunum. Svo ekki sé minnst á gamla bæinn.

# Friedrichshafen

**Friedrichshafen er afskaplega þýsk; hún er vinaleg, gestrisin og afslöppuð. Passlega sunnarlega, mátulega norðarlega.**

**Ekki missa af þessu...**

**Zeppelin safnið:** Allt sem þú vildir vita um loftskip, en þorðir ekki að spyrja.

**Schlosskirche:** Kastali og kirkja á einum og sama stað. Það gerist ekki áhugaverðara.

**Schulmuseum:** Hér má fræðast um skólastarf í Suður-Þýskalandi á árunum 1850-1930. Kjörlendi kennslufræðingsins.

**Bodensee:** Þriðja stærsta stöðuvatn Evrópu. Endalaus uppspretta fegurðar og skemmtilegheita.

**Klangschiff:** Hljóðaskipið liggur við akkerum í höfninni, þar halda stundum listamenn til.

**Uferpromenade:** Gönguleiðin meðfram vatninu er einstaklega fögur. Útsýnið er frábært og ölið leynist víða á leiðinni.

# Barcelona

**Sumir segja að aðrar borgir í heiminum verði alltaf varaskeifur fyrir Barcelona.**

**Ekki missa af þessu...**

**La Rambla:** Kannski finnst heimamönnum Ramblan jafn hversdagsleg og okkur finnst Krókháls og Kleppsvegur. En hún er einstök með öll sín veitingahús, kaffihús og verslanir.

**Camp Nou:** Borgarbúar hafa meiri áhuga á gengi FC Barcelona en gengi evrunnar.

**Gaudi:** Parc Güell, Sagrada Família, La Pedrera/Casa Milà og La Casa Batlló. „Guð skapaði heiminn, Gaudi Barcelona", eins og skáldið orðaði það.

**Vinçon:** Allt það flottasta í nútímalegri hönnun.

**MHC-safnið (Museu d'Història de Catalunya):** Algjör skylduheimsókn til að öðlast innsýn í litríka sögu Katalana.



**Barceloneta:** Gullin regla: Þar sem þú kemst næst hafinu, þar færðu bestu fiskréttina. Paellur í sérflokki.

**El Triangle:** Verslunarmiðstöð þar sem þú klárar allt á einum stað.

**Joan Miró-safnið:** Algjör fjársjóður á Montjuïc. Settu upp gáfumannasvip, þú skilur listamanninn fullkomlega.



# Besta verðið ef þú bókar núna!

Þó að enn sé nokkuð í sumarið er um að gera að tryggja sér besta verðið með því að bóka núna. Þú finnur draumaferð sumarsins á www.icelandexpress.is og notar svo veturinn í að bíða eftir sumrinu. Skýst jafnvel út með okkur í vetur til að stytta biðina.

**Verð frá:**

**7.995 kr.**

Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum.

**Börn:**

**50%**

Börn, 11 ára og yngri í fylgd með fullorðnum, fá helmingsafslátt af verði fyrir skatta og önnur gjöld.

Iceland Express
með ánægju

www.icelandexpress.is

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
7.705 **-2,56%**

**Fjöldi viðskipta: 739**
**Velta:** 12.462 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| 365 | +6,84% | Kaupþing | -3,64% |
| Atlantic Petroleum | +2,29% | Exista | -3,44% |
| Century Aluminum | +1,99% | Straumur | -2,70% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 10,82 -1,28% ... Bakkavör 62,00 -2,21% ... Eimskipafélagið 41,00 -2,38% ... Exista 30,90 -3,44% ... FL Group 23,55 -0,84% ... Glitnir 26,65 -2,38% ... Icelandair 24,25 -2,22% ... Kaupþing 1.033 -3,64% ... Landsbankinn 42,55 -1,05% ... Straumur-Burðarás 18,05 -2,70% ... Össur 102,50 +0,00% ... Teymi 6,65 -2,49%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Fleiri refsipunktum spáð frá Seðlabanka

**Kaupþing gerir ráð fyrir 50 punkta stýrivaxtahækkun fyrir jólin. Stýrivextir nái hámarki í 14,25 prósentum.**

Kjarasamningar og ný stóriðja verða til þess að Seðlabanki Íslands hækkar stýrivexti um 50 punkta á aukavaxtaákvörðunardegi 20. desember næstkomandi, að því er fram kemur í nýrri stýrivaxtaspá greiningardeildar Kaupþings.

„Þannig mun bankinn leggja síðbúna 95 refsipunkta á efnahagslífið í þessari stuttu vaxtahækkunarlotu,“ segir í spánni, en um leið sleginn sá varnagli að hækkunin gæti dregist fram á næsta ár verði ekki útséð með samningana eða stóriðjuna fyrir vaxtaákvörðunardaginn.

Greiningardeildin bendir á að þegar Seðlabankinn hækkaði vexti fyrir helgi hafi hann gefið fyrirheit um frekari vaxtahækkun og tafar á lækkun vaxta ef kjarasamningar leiddu til óhóflegra launahækkana. Jafnframt segir í spánni ráð fyrir því gert að áhyggjur Seðlabankans miði einnig að félagsmálapökkum og/eða skattalækkunum af hálfu ríkisins í tengslum við kjarasamningana.

Áhyggjur Seðlabankans eiga að mati greiningardeildarinnar við rök að styðjast, þar sem þrýstingur á launahækkanir sé „gífurlegur“ meðal almennra félagsmanna í verkalýðsfélögum. „Afkoma ríkisins er betri en áður var talið sem eykur svigrúm þess til aðgerða sem liðka til fyrir samningum en skapa um leið þenslu. Aukinheldur er líklegt að brátt verði tilkynnt um frekari stóriðjuframkvæmdir



**VAXTAÁKVÖRÐUN KYNNT** Seðlabankinn hækkaði stýrivexti um 45 punkta í byrjun mánaðarins og eru þeir því 14,75 prósent um þessar mundir. Kaupþing spáir frekari hækkun í næsta mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

sem mun færa verðbólguspár Seðlabankans til verri vegar,“ segir í spánni.

Þegar líður á næsta ár býst greiningardeild Kaupþings við að aðgerðir Seðlabankans skili árangri, meðal annars með kólnun húsnæðismarkaða. Upphafi vaxtalækkunarferlis Seðlabankans er spáð undir lok næsta árs. „Hins vegar verða lækkanirnar mun hægari en spár Seðlabankans benda til,“ segir bankinn og koma þar helst til áhrif af stóriðjuframkvæmdum sem Seðlabankinn gerir ekki ráð fyrir í eigin spám. „Auk þessa telur Greiningardeild hættu á að opinberir aðilar muni kynda undir þenslu á næstunni, til dæmis með opinberum framkvæmdum og lægri álögum á almenning.“ **olikr@frettabladid.is**

# Fákeppni ekki endilega slæm

**Tekist var á um skýringar á vaxtamun bankanna á morgunverðarfundi í gær. Niðurstaða lá ekki á lausu.**

„Vaxtamunur bankanna er gróf vísbending um fákeppni,“ sagði Þorvaldur Gylfason, prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands, á fræðslufundi Samtaka fjármálafyrirtækja í gær en þar var rætt um spurninguna „Hvað er vaxtamunur?“



**ÞORVALDUR GYLFASON**

Þorvaldur vísaði í gagnasafn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og uppfærðar tölur frá Seðlabankanum, sem sýndu fram á að vaxtamunur hefði aukist hér á landi eftir einkavæðingu bankanna, þvert á það sem stefnt var að og hefði mælst 10,7 prósent í fyrra. Þetta er ólíkt þróuninni í nágrannalöndunum þar sem dró úr vaxtamun í kjölfar einkavæðingar. Benti hann sérstaklega á Eistland þar sem vaxtamunur fór úr þrettán prósentum í tvö. Hann sagði fákeppni ekki endilega slæma en gagnrýndi stjórnvöld fyrir að hafa ekki opnað erlendum fjármálafyrirtækjum dyrnar hér.

Yngvi Örn Kristinsson, framkvæmdastjóri verðbréfasviðs Landsbankans, var á öndverðu máli. Hann sýndi fram á að einkavæðing bankanna hefði þvert á móti farið úr fimm prósentum í tvö prósent á ellefu ára tímabili og væri munurinn sambærilegur við það sem gerðist í OECD-ríkjunum. Yngvi notaði ólíka aðferð við nálgun sína en hann bar saman vexti sem fólk borgaði og sýndi í því sambandi töflur yfir áætlaðan vaxtamun heimilanna 2003 og 2006. Lækkun vaxtaálags á alþjóðlegum fjármálamörkuðum hefði ýtt undir lægri vaxtamun en að einkavæðing fjármálafyrirtækja ætti þar að líkindum hlut að máli, að hans mati. **jonab@frettabladid.is**





*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, stjúpmóðir, amma og dóttir,*

## Soffía Kristín Hjartardóttir

skrifstofustjóri, Brúnastöðum 17, Reykjavík,

er látin. Hún lést á Landspítalanum við Hringbraut, föstudaginn 2. nóvember. Jarðarförin fer fram frá Grafarvogskirkju föstudaginn 9. nóvember kl. 11.00. Sérstakar þakkir fær starfsfólk krabbameinsdeildar 11 E fyrir frábæra umönnun.

**Hörður Barðdal**
**Þórður Vilberg Oddsson Marta Elísabet Guðmundsdóttir**
**Jóhanna I. Barðdal**
**Sesselja E. Barðdal**
**Bergþóra Fanney Barðdal**
**barnabörn**
**Laura Fr. Claessen**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi, bróðir, mágur og frændi,*

## Erlingur Bertelsson

lögfræðingur, Unnarbraut 13b, Seltjarnarnesi,

lést á heimili sínu mánudaginn 29. október. Útförin verður gerð frá Kristskirkju, Landakoti föstudaginn 9. nóvember klukkan 13.00. Blóm og kransar eru afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hans er bent á Hjartavernd eða á Rannsóknasjóð Ingibjargar R. Magnúsdóttur, rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði, hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands (sími: 525 5280).

**Marga Thome, Katrín Erlingsdóttir, Kristján Freyr Einarsson, Erlingur Snær Kristjánsson, Sigríður Bertelsdóttir, Alfons Thome, Agathe Hahn og aðrir aðstandendur.**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

## Jónína Valdís Eiríksdóttir

Írabakka 26, Reykjavík,

lést á Landspítalanum, Fossvogi, 26. október. Útför hennar fer fram frá Bústaðakirkju, fimmtudaginn 8. nóvember kl. 13.00.

**Marel Einarsson**
**Stefanía Einarsdóttir Stefán Árnason**
**Margrét Einarsdóttir Ásmundur Bjarnason**
**Hafdís McDowell Martin McDowell**
**Einar Valur Einarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

## Halla Jónsdóttir

Dvalarheimilinu Höfða, Akranesi,

andaðist á Sjúkrahúsi Akraness laugardaginn 3. nóvember. Jarðarförin fer fram frá Akraneskirkju föstudaginn 9. nóvember.

**Hanna Jónsdóttir Ingólfur Hrólfsson**
**Alda Jónsdóttir Eyþór Guðmundsson**
**Axel Jónsson Margrét Gísladóttir**
**Áki Jónsson Bryndís Tryggvadóttir**
**Jóhann Jónsson Sigríður Jónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær eiginmaður minn,*

## Magnús Hannesson Stephensen,

andaðist á Droplaugarstöðum 2. nóvember.

**Vilborg G. Stephensen.**

**RAGNAR ÁSGEIRSSON RÁÐUNAUTUR FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1895**

*„Leiki við þig lukkan blíð, lifðu Guðs í friði.“*

***Ragnar Ásgeirsson var ráðunautur Búnaðarfélags Íslands og hafði mikinn áhuga á fegrun umhverfisins. Hann sinnti garðyrkjustörfum á Laugarvatni og í Reykjavík en var einnig rithöfundur og samdi Skruddubækurnar.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**6. NÓVEMBER 1917**

## *Valdarán í Rússlandi*

Þennan dag árið 1917 veltu bolsévíkar ríkistjórn Rússlands úr sessi með valdaráni undir forystu Vladimírs Leníns. Bolsévíkarnir og bandamenn þeirra tóku yfir ríkisbyggingar og aðra mikilvæga staði í höfuðborginni Petrograd og á aðeins tveimur dögum höfðu þeir myndað nýja ríkisstjórn undir stjórn Leníns og varð hann fyrstur manna í heiminum leiðtogi marxísks ríkis.



**LENÍN** Stjórnaði byltingunni í Rússlandi 1917.

Ríkisstjórn Leníns samdi frið við Þýskaland, þjóðnýtti iðnaðinn og úthlutaði landi en við upphaf ársins 1918 háði hún blóðugt borgarastríð við fylgismenn keisaraveldisins. Um 1920 voru keisarasinnarnir sigraðir og 1922 voru Sovétríkin stofnuð.

Við dauða Leníns, snemma árs 1924, var lík hans smurt og því komið fyrir í veglegu grafhýsi við Kreml í Moskvu. Borgin Petrograd var nefnd Leníngrad honum til heiðurs.

Í dag heitir borgin þó St. Pétursborg. Jósef Stalín, sem barðist fyrir því að verða arftaki Leníns, tók við af honum sem leiðtogi Sovétríkjanna.

**SIGURÐUR LÍNDAL LAGAPRÓFESSOR:** HEFUR STÖRF Á BIFRÖST

# Mikilvægt að nýta mannauðinn

Sigurður Líndal hefur verið ráðinn prófessor við lagadeild Háskólans á Bifröst frá 1. nóvember á þessu ári.

„Ég hef kennt áður á Bifröst og kenndi ég þá réttarsögu í nokkur ár. Þegar ég fékk þetta boð fannst mér það freistandi af ýmsum ástæðum, bæði efnalegum og andlegum. Mér finnst svolítið skemmtilegt að þótt menn séu komnir yfir lögmælt aldursmörk sem starfsgengi manna er gjarnan miðað við, til dæmis ríkisstarfsmanna eins og ég var, þá sé hægt að brjóta það upp. Með því að hefja störf að nýju þá gæti það kannski orðið til þess að menn hugleiddu hvort það þurfi endilega að leysa menn frá störfum þótt þeir hafi náð tilteknum aldri,“ útskýrir Sigurður sem er að vissu leyti að setja ákveðið fordæmi með því að taka aftur til starfa.



Sigurður Líndal lagaprófessor Sigurður mun hafa nóg fyrir stafni í vetur því auk venjubundinna starfa hefur hann tekið að sér kennslu á Bifröst.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

„Ég vil þó halda minni persónu utan við þessar hugleiðingar, ég tala almennt. Það sem ég vil vekja athygli á er að þó menn séu komnir á aldur þá er í þeim viss mannauður. Margir hafa tileinkað sér heilmikinn fróðleik og reynslu sem ég held að yngri kynslóðir hefðu gott af að kynnast,“ segir Sigurður sem finnst æskudýrkunin stundum full áköf.

„Það eiga allir að vera ungir, hressir, kátir og frískir. Þetta er auðvitað allt gott og blessað en þetta er ekki einhlítt. Mér fannst því þetta starf á Bifröst vera boð sem ég gæti ekki hafnað þó svo ég hafi í sjálfu sér meira en nóg að gera,“ segir Sigurður.

„Mér finnst ágætt að kenna en í hófi þó, ég vil ekki kenna of mikið. Ég hef aldrei skilið háskólakennara sem þykir það eitthvert stöðutákn að vera laus við kennsluskyldu. Þá eru menn allir í vísindunum og svo háfleygir að ungviðið er langt fyrir neðan þá að því er virðist,“ útskýrir Sigurður og segir kíminn að þá sjaldan að hann hafi fengið einhverja hugmynd af viti þá hafi hann fengið hana í kennslu.

„Ég veit nokkurn veginn að hverju ég geng, þetta er það sama og ég hef verið að gera og í raun þó nokkuð meira. Ég þarf að fara oftar en ég hef farið og ég þarf að undirbúa mig betur undir fög sem ég hef ekki kennt lengi. Réttarsöguna hef ég nokkurn veginn í höfðinu en auðvitað undirbý ég mig og kíki alltaf í bækurnar áður en ég byrja,“ segir Sigurður sem vill gjarnan hafa lifandi tíma og umræður þó staðreyndin sé sú að slíkt geti verið erfitt í stórum bekkjum.

„Kennsluaðferðirnar mótast óneitanlega af aðstæðum eins og stærð hópa, fögum og fleiru. Svo er náttúrulega komin ný tækni sem nota má í kennslu eins og til dæmis það sem ég kalla kraftbendil en margir aðrir kalla power point,“ segir Sigurður sem þykir íslenska orðið ekkert asnalegra en enskan og telur að með því að þýða enskuna beint sjáist hvað hún geti í raun verið asnaleg. „Hvað eru þessir Englendingar að tala um power point? Þetta er náttúrulega hlægilegt og fáránlegt og allt það. Við afhjúpum stundum heimskuna í enskunni þegar við þýðum,“ útskýrir Sigurður glettinn og hlakkar til að takast á við ný verkefni. **hrefna@frettabladid.is**



*Elskuleg móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,*

## Sigríður Benný Guðjónsdóttir (Lilla frá Ási)

Nestúni 2, Hvammstanga,

sem andaðist á Heilbrigðisstofnun Hvammstanga föstudaginn 26. október, verður jarðsungin frá Hvammstangakirkju fimmtudaginn 8. nóvember kl.14.00.

**Hallgeir S. Pálmason Helga Jakobsdóttir**
**Jakob Hallgeirsson Sandra Guðlaug Zarif**
**Berglind Þóra Hallgeirsdóttir Sigurður Garðar Flosason**
**Alex Rafn Guðlaugsson Ísak Geir Jakobsson**



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur vináttu, samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs föður okkar, tengdaföður og bróður,*

## Sveins Rúnars Vilhjálmssonar,

Dofrabergi 21, Hafnarfirði.

**Sigrún Fjeldsted Sveinsdóttir Magnús Björsson**
**Linda Guðrún Sigurðardóttir Sævar Örn Gíslason**
**Benjamín Fjeldsted Sveinsson**
**systkini og aðrir aðstandendur.**

AFMÆLI



**KATRÍN FJELDSTED, LÆKNIR OG STJÓRNMÁLAMAÐUR,** er 61 árs.



**EINAR BOLLASON, HESTAMAÐUR OG FYRRVERANDI KÖRFUBOLTAÞJÁLFARI,** er 64 ára.



**ETHAN HAWKE KVIKMYNDALEIKARI** er 37 ára.



*Ástkæra móðir okkar, sambýliskona, amma og langamma,*

## Jónína Björnsdóttir,

Bólstaðarhlíð 45, áður Bræðraborgarstíg 49,

lést á gjörgæsludeild Landspítalans við Hringbraut fimmtudaginn 1. nóvember. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Ólafía Ingvarsdóttir Matthías Matthíasson**
**Jón Ingvarsson Sigríður Guðjónsdóttir**
**Ingunn Ingvarsdóttir Sveinn Leósson**
**Jóhann Ingvarsson Stefanía Stefánsdóttir**
**Björn Ingvarsson Sigurbjörg Guðmundsdóttir**
**Kristrún Ingvarsdóttir Haraldur Haraldsson**
**Lára Ingvarsdóttir**
**Ingvar Ingvarsson Sigríður Guðmundsdóttir**
**Jóna Þuríður Ingvarsdóttir Bjarni Þór Jakobsson**
**Guðjón Ingvarsson**
**Steingrímur Pétursson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**


baðinnréttingar
SÉR-TILBOÐ!
WLU 600
Eitt flottasta úrval landsins
Mikið úrval fyrir öll baðherbergi - til afgreiðslu af lager
WLU 06A Eik 120 sm 58.900,- stgr.
WLU 06A Hvítt háglans 120 sm 58.900,- stgr.
CT 75 Hvítt háglans 75 sm 44.900,- stgr.
CT55 Hvítt háglans 55 sm 38.900,- stgr.
WLU 125 Hvítt háglans/eik 45x30 sm 27.900,- stgr.
WLU 126 Hvítt háglans 50x40 sm 28.900,- stgr.
WLU 147 Hvítt háglans / Eik 68x48 49.900,- stgr.
WLU 900 Hvítt háglans
WLU 700 Svart háglans
WLU
2 stærðir af glerskápum
3 gerðir af handlaugaskápum
HANDLAUGARSKÁPAR
WLU 600 60 X 48 X 60 sm 38.400.- stgr.
WLU 700 70 X 48 X 60 sm 40.100.- stgr.
WLU 900 90 X 48 X 60 sm 44.300.- stgr.
HÁR GLERSKÁPUR
WLU 350 35 X 40 X 195 sm 25.700.- stgr.
EFRI GLERSKÁPUR
WLU 300 30 X 21 X 90 sm 10.900.- stgr.
www.i-t.is
INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili
Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15
Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

# 99 kr. dagurinn



99 kr/stk.
Snjóskafa, stór



99 kr/pk.
Bratz makeup refill



99 kr/pk.
Bratz myndir, 24x24 í boxi



99 kr/pk.
Art Kids túss, 10 í tösku



99 kr/stk.
Disney pennar, margar gerðir



99 kr/pk.
Armbandssett með perlum



99 kr/stk.
Disney hárspenna, 2 gerðir



99 kr/stk.
Tölvuspil, 49 í 1



99 kr/stk.
Sultukrukkur, 3 stærðir



99 kr/pk.
Celebration glös, 3 stk



99 kr/stk.
Jóladrykkjarkanna, 2 teg



99 kr/stk.
Jólasveinahúfa



99 kr/pk.
Sogklemmur f. seríur

Gildir 6. nóvember á meðan birgðir endast.


99 kr/stk.
Egils Mix 2L
99 kr/stk.
Súkkulaði- eða vanilluís
99 kr/stk.
Myllu risabrauð, 1 kg
99 kr/pk.
Holta kjúklingapylsur, 5 stk
99 kr/pk.
Holta kjúklingavængir
99 kr/stk.
Beef Jerky, 25 gr
99 kr/kg.
Melónur gular
99 kr/pk.
Cherry tómatar
99 kr/pk.
Mysingur, 250 gr
99 kr/pk.
Bónda brie
99 kr/stk.
Nabisco Chips Ahoy
99 kr/stk.
Magic orkudrykkur, 250 ml
99 kr/100g.
Snakk- og hneturbar
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla














## STUÐ MILLI STRÍÐA: Blásum Laugardagslögin af

FREYR GÍGJA GUNNARSSON HEFUR FUNDIÐ SIGURVEGARANN



Lengi vel hefur íslenska þjóðin skipst í tvo hópa. Annars vegar eru það þeir sem telja sig ekki geta séð af nokkrum krónum afnotagjaldanna ofan í misvitra og misgóða tónlistarmenn sem ætla að sigra Evrópu, og þá aðallega austurblokkina, í hinni mjög svo absúrd Eurovision-keppni. Þeir telja þessa viðundurskeppni ekki vera íslenskri tónlist samboðna en útrás hennar hefur hingað til verið leidd áfram af fjórum álfum og furðukvendinu Björk.

Hins vegar er annar hópur á Íslandi sem hefur setið fyrir framan sjónvarpið á hverju laugardagskvöldi frá byrjun vetrar, með gsm- og heimasímann að vopni og hefur sterkar skoðanir á því hvert eigi nú að vera flaggskip þjóðarinnar í beinni útsendingu frá Serbíu.

En sagan er okkur ekki hliðholl. Eftir að símakosningu var hleypt á í Eurovision hefur íslenska þjóðin setið eftir. Fremstu tónskáld þjóðarinnar hafa verið fengin til að smíða hvern slagarann á fætur öðrum en allt kemur fyrir ekki; hjörtu Evrópubúa hafa ekki slegið í takt við Selmu eða Silvíu Nótt. Og alltaf lemur Íslendingurinn hausnum við vegg og bölvar krónunum sem fóru í þessa „austur-mafíusku“ keppni.

En ríkið er hins vegar í bobba því þjóðin hefur fundið lausnina á Eurovision-vandanum og hann er „Hey, hey, hey, we say ho, ho, ho“. Formúlan sem þar býr að baki er algjörlega gulltryggð ef þau lög eru skoðuð sem hafa náð langt í þessari keppni undanfarin ár. Olíubornir og íturvaxnir trumbuleikarar fyrir hommana, rappari fyrir ungu kynslóðina og svo lítil og nett söngkona með austurevrópskt útlit fyrir alla hina. Og því ætti RÚV bara að blása Laugardagslögin af og eyða þeim mun meira púðri í hinn ofurhressa Barða sem gæti komið Íslendingum aftur á stall með Úkraínu, Serbíu og Noregi; menningarlegum páfum hins vestræna heims.

# myndasögur

## Pondus
Eftir Frode Øverli




## Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Saxófónkvartett Glazunovs

Á háskólatónleikum í Norræna húsinu á morgun leikur Íslenski saxófónkvartettinn Saxófónkvartett í B-dúr, opus 109 frá árinu 1932 eftir Alexandr Glazunov. Verður þetta í fyrsta sinn sem verkið er flutt hér á landi. Íslenska saxófónkvartettinn skipa Vigdís Klara Aradóttir sem leikur á sópran-saxófón, Sigurður Flosason sem leikur á alt-saxófón, Peter Tompkins sem leikur á tenór-saxófón og Guido Bäumer sem leikur á barítón-saxófón.

Saxófónkvartett í B-dúr, ópus 109, er einn mikilvægasti saxófónkvartett Glazunovs og jafnframt einn sá íburðarmesti. Glazunov skrifaði hann í París þar sem hann komst í kynni við frægan saxófónkvartett, Quatour de la Garde Républicaine, og var verkið sérstaklega samið fyrir hópinn. Ári seinna skrifaði Glazunov einnig verk fyrir saxófón, saxófónkonsert fyrir alt-saxófón og strengjasveit, og varð verkið hans síðasta.

Í kvartettinum sem fluttur verður á tónleikunum á morgun er eins og litið sé til baka yfir tónlistarsöguna. Ýmislegt í fyrsta kaflanum minnir á Dvorak, Wagner og Brahms. Annar kaflinn, rússneskt sálmalag með tilbrigðum, inniheldur meðal annars tilvísanir í Chopin og Schumann.

Tónleikarnir hefjast kl. 12.30.

- vþ



**ÍSLENSKI SAXÓFÓNKVARTETTINN** Frumflytur verk eftir Glazunov

# Banksy staðinn að verki?

Allt útlit er fyrir að hinn margrómaði og umdeildi vegglistamaður Banksy hafi verið staðinn að verki þar sem hann skreytti húsvegg í Austur-London. Vegfarandi nokkur kveðst hafa náð myndum með símanum sínum af listamanninum við iðju sína. Banksy hefur fram að þessu verið dularfull persóna í heimi myndlistarinnar og ávallt gætt vel að því að réttu nafni og öðrum upplýsingum um persónu hans verði ekki uppljóstrað.

Banksy öðlaðist frægð í heimi myndlistarinnar fyrir hæðin og beitt verk sín sem hann málar iðulega á húsveggi og aðra tilfallandi fleti. Hann hefur einnig gert nokkuð af því að fremja nokkurs konar hrekkja-gjörninga sem hafa vakið mikla athygli. Hann hefur til dæmis laumað uppblásinni dúkku í líki Guantanamo-fanga inn á meðal teiknimyndapersóna í Disneylandi og komið dauðri rottu fyrir meðal safngripa í náttúruminjasafninu í London.

Verk Banksys seljast fyrir milljónir á listauppboðum og í sýningarsölum og á hann sér aðdáendur á meðal ríka og fræga fólksins. Þó hefur listamaðurinn sjálfur gefið lítið fyrir upphafninguna. „Ég trúi því varla að þið borgið háar upphæðir fyrir þetta rusl“ hefur Banksy skrifað á heimasíðu sína.

Nú á eftir að koma í ljós hvort þessi óvænta myndataka muni endanlega svipta hulunni af þessum dularfulla listamanni. Fram að þessu hafa einungis getgátur verið uppi um rétt nafn hans og sögu, en hann er talinn heita Robert eða Robin Banks og vera uppalinn í Bristol á Englandi. - vþ



**ER ÞETTA BANKSY?** Vegfarandi tók þessa mynd á símann sinn.



Fanturinn sem lemur með laufléttum snertingum, æpir með þögninni, fær vitaskuld áheyrn barns sem þráir það eitt að vera hluti af samtali, hluti af samhengi, hluti af samfélagi, af samofnum tilfinningum byggðum á einlægni og trausti!

MYND/GRÍMUR BJARNASON

# Hver ræður för?

**LEIKLIST**

**Ökutímar**

**Höfundur:** Paula Vogel.
**Þýðandi:** Sigtryggur Magnason.
**Tónlist:** Lay Low.
**Lýsing:** Björn Bergsteinn Guðmundsson.
**Leikarar:** Þrúður Vilhjálmsdóttir, Guðjón Davíð Karlsson, Þröstur Leó Gunnarsson, Hallgrímur Ólafsson.
**Búningar og leikmynd:** Filippía Elísadóttir.
**Leikstjóri:** María Reyndal
Leikfélag Akureyrar í Rýminu

★★★

Niðurstaða: Margt gott en gæti verið betra.

Þetta er stórgóð sýning í einkar vel hannaðri umgjörð. Að bregðast trausti barns með kynferðislegri misnotkun er svo sjúkt að það er ekki hægt að lýsa því á annan veg en að um sé að ræða sjúka sál í snarrugluðum líkama, eða kannski snarruglaða sál í sjúkum líkama. Þröstur Leó Gunnarsson sparar ekkert af þeim loga sem einkennir nærveru hans og leikstíl í túlkun sinni á hinum aumkunarverða Peck frænda sem byggir upp trúnaðar- og leyndarmálasamband við hina kornungu Lillu, en hann er eiginmaður móðursystur hennar. Þröstur Leó er flinkur leikari sem beitir röddinni eins og um sé að ræða vælandi fiðlutóna eða dýpsta bassa og til er innistæða fyrir öllu sem hann segir.

Verkið byggist upp á endurminningabrotum úr lífi Lillu. Hún er orðin nokkuð yfir þrítugt í upphafi og síðan er stokkið fram og aftur í tíma og rúmi í frásögninni um samskipti hennar í uppeldinu við hinn brenglaða „frænda“. Lilla elst upp í amerískum smábæ hjá einstæðri móður sem býr enn hjá foreldrum sínum. Sýningin hefst á því að á skjá, sem fremur líkist skuggamyndatjaldi en skjám nútímans, sjáum við myndbrot úr amerískum sjónvarpsþáttum frá byrjun sjöunda áratugarins.

Við heyrum ekkert hljóð en sjáum fyrirmyndarfjölskyldu þar sem móðirin er pen blondína með svuntu og pabbinn fallegur ungur maður, í kringum þau vappa drengur og stúlka; hún með stífa tíkaspena og prúð og pen meðan hann er að sturta úr vösum sínum öllum þeim gersemum sem einn útistrákur getur í vasa sína troðið. Þegar leikritið hefst verður þessi mynd tákn hins nýja fína sjónvarps sem myndar bakgrunn og ívitnunarramma þessarar alþýðufjölskyldu. Áður en við vitum af er það sjálf Lucy Ball sem þekur bakgrunninn og þegar mamman er að skella rúllum í hausinn á ömmunni vitnar hún í Lucy eins og hún sé hluti af fjölskyldunni.

Mamman og amman tala bara um karlmenn og hversu miklir drullusokkar þeir eru um leið og afinn sem stígur nú ekki mjög í vitið er yfirfullur af kvenfyrirlitningu og heldur náttúrulega að það sé húmor. Mömmuna leikur Þrúður Vilhjálmsdóttir og nær hún fantagóðum tökum á skvísuímyndinni, ekki aðeins ímyndinni heldur smýgur vel undir skinnið á henni. Sömuleiðis fær Þrúður tækifæri til þess að bregða sér í ýmis líki eins og til dæmis litla stelpu á skólavelli og gerir það vel. Afinn og amman eru aftur á móti meira einhvers konar skopstælingar af persónum fremur en heildstæð portrett enda eru leikararnir ljósár frá hlutverkum sínum.

Að ungur karlmaður léki hér fullorðna konu var samkvæmt forskrift höfundar. Amman var í meðförum Guðjóns Davíðs Karlssonar á köflum hreint óborganleg og þó það hefði nú verið freistandi fyrir sprellara eins og Guðjón Davíð að geisast af stað í ýkjur þá gerðist það ekki. Afinn, sem var alveg fullkomlega óþolandi einstefnukarl, lék Hallgrímur Ólafsson sem er vaxandi gamanleikari. Lillu leikur Kristin Þóra Haraldsdóttir, nýútskrifuð leikkona síðan í vor. Hún er eins og Gullbrá í skóginum eða Rauðhetta á leið til ömmu milli þess sem hún sýnir á sér grimmari hliðar og biturleika örlaganna þegar hún er látin flakka milli tímaskeiða. Þetta er heilmikið hlutverk fyrir byrjanda og því vel til fundið að styðja undir karakterinn með töfrandi söng Lay Low þó maður geti líka spurt sig um eiginlegt hlutverk hennar í verkinu. Í upphafi, og eins og krækja milli atriða, syngur hin hugljúfa Lay Low okkur inn í stemninguna. Það er eins og Melanie hljómi endurborin mjög í takt við þann tíma sem verið var að sýna, fyrir svo utan að opinberun þessa náttúruhæfileika konu í þessu samhengi gerði hinar persónurnar enn innihaldslausari en þær voru.

Lýsing Björns Bergsteins Guðmundssonar er ekki aðeins falleg heldur undirstrikar hún einnig ömurleikann með blámanum þegar aðalpersónurnar eru einar í bílnum. Myndin sem fyrir augu ber í samspili við tónlistina er léttvæg og sakleysisleg en er engu að síður með ógnandi undirtón. Leikmynd og búningar Filippíu Elísdóttur voru í anda tímans og val á efninu frábært. Að Lilla skuli birtast okkur í skotapilsakjól er eins og tákn sakleysisins því smábarnalegri gat hún ekki verið.

María Reyndal leikstýrir þessu vandasama verki. Sýningin var hæg í gang; mikill munur á fyrri og seinni hluta og eins miðað við hversu mikið sprell var á kórnum og húmor í fjölskyldunni: undarlegt að það skyldi ekki skila sér í túlkun aðalpersónunnar. Því þó örlög hennar hafi verið hræðileg þá var hún engu að síður sprottin úr þessu umhverfi.

Á heildina litið er þetta mjög áhugaverð sýning og þó oft væri hlegið var einnig grátið.

Elísabet Brekkan



PEUGEOT 207 XR
VERÐ FRÁ KR. 1.729.000

- 1.4i, 75 hestöfl
- 5 dyra
- ABS bremsukerfi
- ESP stöðugleikakerfi og spólvörn
- 6 loftpúðar
- Hiti í framsætum
- Aksturstölva
- Fáanlegur dísil

Aukabúnaður á mynd: Álfelgur og þokuljós

www.peugeot.is

BERNHARD
Vatnagörðum 24 - 26 • Sími 520 1100
www.bernhard.is

Gagnrýnendur hafa hlaðið Peugeot 207 lofi fyrir akstursegiginleika og flott útlit, NCAP hefur hlaðið á hann fimm stjörnum fyrir öryggi og Peugeot hefur hlaðið bílinn staðalbúnaði. Vertu vel akandi - aktu á Peugeot 207.
**Peugeot 207 XR, 5 dyra á verði frá kr. 1.729.000**
BÍLLINN Í LÍFINU ÞÍNU
PEUGEOT

**Umboðsaðilar:** Bernhard, Reykjanesbæ, sími 421 7800 • Bílver, Akranesi, sími 431 1985 • Höldur, Akureyri, sími 461 6020 • Bragginn, Vestmannaeyjum, sími 481 1535

> TÓNLIST EÐA TÍSKA

Söngkonan Gwen Stefani hefur vakið mikla athygli bæði fyrir söng og eftirtektarverðan fatastíl, eins og lína hennar L.A.M.B. ber vitni um. Gwen virðist þó hafa forgangsröðunina á tæru. „Stundum verður maður að fórna sviðsframkomu fyrir háa hæla," segir tónlistarkonan.



# fólk

folk@frettabladid.is

# Nýir RÚV-þættir mælast vel

Nýju þættirnir sem RÚV hleypti af stokkunum þenna vetur hafa mælst vel fyrir hjá þjóðinni. Þórhallur Gunnarsson, dagskrárstjóri RÚV, pantaði könnun hjá Gallup til að sjá hvernig nýja dagskrárgerðin færi ofan í þjóðina og var sáttur með niðurstöðina. „Þetta er nú bara gert til að maður sjái stöðuna. Og ég get ekki annað sagt en að ég sé afskaplega ánægður með stöðuna," segir Þórhallur sem vildi þó ekki tjá sig um tölurnar sjálfar. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa vinsældir Spaugstofunnar ekkert dalað þrátt fyrir brotthvarf Randvers en enn sem fyrr horfir rúmlega helmingur þjóðarinnar á þáttinn. Laugardagslögin með þeim Gísla Einarssyni og Ragnhildi Steinunni hefur einnig mælst vel fyrir en 43 prósent setjast fyrir framan sjónvarpstækið og fylgjast með vali á næsta Eurovision-framlagi þjóðarinnar. Athygli vekur að sú tala staðfestir enn og aftur vinsældir Spaugstofunnar því einhver prósenta skiptir um rás eftir Spaugstofuna. Útsvar Sigmars Guðmundssonar og Þóru Arnórsdóttur virðist einnig vel heppnað því 37 prósent þjóðarinnar hafa horft á sveitarfélögin keppa sín á milli. Sigurvegarinn er hins vegar óneitanlega Egill Helgason og Silfrið hans. Þrátt fyrir að enginn hafi efast um fréttagildi þáttarins átti Egill nokkuð erfitt uppdráttar í áhorfstölum hjá Stöð 2 og fór sjaldnast yfir tíu prósenta markið. Hjá RÚV hefur hann hins vegar gert gott betur og er samkvæmt skoðanakönnun Gallup með 25 prósenta áhorf eftir því sem Fréttablaðið kemst næst. -fgg



**Á GÓÐU RÓLI** Silfur-Egill Helgason virðist hafa fundið fjölina sína í Efstaleitinu en þar er þátturinn með 25 prósent áhorf.



**SÍGILDAR ÁHORFSTÖLUR** Rúmlega helmingur þjóðarinnar horfir á Spaugstofuna.

# Pete Doherty með minnsta kynþokkann

Rokkarinn Pete Doherty úr hljómsveitinni Babyshambles hefur verið kjörinn kynþokkaminnsti maður heims í könnun sem var gerð á netinu. Doherty hefur verið þekktari fyrir sukksamt líferni á undanförnum árum en tónlist sína og virðist kynþokki hans fara þverrandi með hverju árinu.

Á listann komust einnig þekkt nöfn á borð við Simon Cowell úr American Idol, söngvarinn sykursæti James Blunt og leikarinn Ben Stiller.

Könnunin var framkvæmd af heimasíðunni AOL sem svar við könnun tímaritsins Maxim þar sem kynþokkaminnsta kona heims var kjörin. Leikkonan Sarah Jessica Parker sat þar í toppsætinu beint fyrir ofan Amy Winehouse.



**PETE DOHERTY** Rokkarinn Doherty þykir ekki með kynþokkafyllri mönnum.

# Paul verslar fyrir nýju ástina

**Á meðan Heather Mills úthúðar öllu og öllum sem tengjast fyrrverandi eiginmanni sínum, sir Paul McCartney, er bítillinn í rómantískum hugleiðingum.**

The Sun náði myndum af tónlistarmanninum Paul McCartney fyrir utan þekkta undirfataverslun í New York þar sem hann keypti af miklum móð flíkur handa nýrri konu í lífi sínu. Hann bætti síðan frönsku ilmvatni í innkaupapokann en hvarf síðan á braut. Sjónarvottar segja Paul hafa reynt að fela afraksturinn og hulið andlitið með hettupeysu en mátti sín lítils gegn langdrægum linsum paparazza. Dóttirin Beatrice er um þessar mundir hjá móður sinni en Sir Paul hefur látið í veðri vaka að eftir að Heather tjáði sig um að líf hennar væri í hættu væri sennilega best að Beatrice væri sem mest hjá honum.

Paul hefur að undanförnu, eðli málsins samkvæmt, ekki viljað tjá sig mikið um sitt einkalíf og hvað þá hugsanlega nýja ást enda virðist skilnaður hans og Heather aftur vera kominn í nánast óleysanlegan hnút. Fjölmiðlar greindu þó frá því að það væri eitthvað meira en vinátta á milli hans og hinnar norskættuðu leikkonu Renée Zellweger. The Sun vill þó meina að Paul eigi langt í land að verða herra Darcy fyrir Bridget Jones-leikkonuna. Christie Brinkley, fyrrum eiginkona Billy Joel, kemur einnig til greina og þá er Rosanne Arquette einnig nefnd. - fgg



**Í ÁSTARLEIT** Paul McCartney er í rómantískum hugleiðingum ef marka má The Sun.


KJÓSTU EDDU!

Nú getur þú tekið þátt í að velja vinsælasta sjónvarpsþáttinn á Edduhátíðinni sem haldin verður á sunnudagskvöldið, 11. nóvember 2007.

Á vefslóðinni vísir.is geta allir kosið. Kosningu lýkur kl. 20:00 á föstudag, 9. nóvember.

Þá verður ljóst hvaða fimm þættir eru efstir í kjöri um vinsælasta sjónvarpsþátt ársins. Milli þeirra er síðan kosið í símakosningu og munu úrslitin ráðast í beinni útsendingu Sjónvarpsins sunnudagskvöldið 11.nóvember 2007.

Meðlimir Íslensku kvikmynda- og sjónvarpsakademíunnar hafa fengið sendan kjörseðil í tölvupósti og verða að hafa kosið fyrir kl. 20:00 föstudaginn 9. nóvember. Hafi einhverjir ekki fengið sendan kjörseðil eða hafa ekki tök á að kjósa rafrænt geta þeir kosið föstudaginn 9. nóvember milli kl. 10:00 og 17:00 hjá Kvikmyndamiðstöð Íslands að Túngötu 14, 101 Reykjavik. Sjá nánar á logs.is

Taktu þátt í að velja sigurvegara Eddunnar!

Íslenska kvikmynda- og sjónvarpsakademían

SJÓNVARPIÐ

sagaevents

Framkvæmdastjórn Eddunnar 2007 er í höndum Sagaevents

EDDA 2007

FRÉTTABLAÐIÐ Hilton Reykjavik Nordica GO BEYOND www.landrover.is KVIKMYNDASKÓLI ÍSLANDS www.apple.is BAUGUR GROUP




Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.citroen.is

*Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

Nýtt í bíó

LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| ROGUE ASSASSIN | kl. 6, 8 og 10 | 16 |
| ÆVINTÝRAEYJA IBBA | kl. 6 - 600 kr | L |
| EASTERN PROMISES | kl. 5.45, 8 og 10.15 | 16 |
| THE HEARTBREAK KID | kl. 8 og 10.15 | 12 |

www.laugarasbio.is - Miðasala á midi.is

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| BALLS OF FURY | kl. 3.45 - 5.50 - 8 - 10.10 | 7 |
| BALLS OF FURY LÚXUS | kl. 3.45 - 5.50 - 8 - 10.10 | |
| ÆVINTÝRAEYJA IBBA 600 KR. | kl. 4 - 6 | |
| DARK IS RISING | kl. 3.45 - 5.50 - 8 | 7 |
| THE HEARTBREAK KID | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| RESIDENT EVIL 3 | kl. 10.10 | 16 |
| GOOD LUCK CHUCK | kl. 8 - 10.10 | 14 |
| HÁKARLABEITA 600 KR. | kl. 3.50 | |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

| | | |
|---|---|---|
| THIS IS ENGLAND | kl. 6 - 8 - 10 | |
| ROUGE ASSASSIN | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| SUPERBAD | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| GOOD LUCK CHUCK | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 14 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| BALLS OF FURY | kl. 6 - 8 -10 | 7 |
| ELIZABETH: THE GOLDEN AGE | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| EASTERN PROMISES | kl. 8 - 10.20 | 16 |
| SYNDIR FEÐRANNA | kl. 6 - 10.20 | 12 |
| VEÐRAMÓT | kl. 5.40 - 8 | 14 |

Borgarbíó SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| BALLS OF FURY | kl. 8 - 10 | 7 |
| EASTERN PROMISES | kl. 10 | 16 |
| DARK IS RISING | kl. 6 - 8 | 7 |
| THE HEARTBREAK KID | kl. 6 | 12 |

SAMbíóin www.SAMbio.is 575 8900 midi.is




ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| MICHAEL CLAYTON DIGITAL | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 7 |
| MICHAEL CLAYTON | kl. 8 - 10:30 | VIP |
| THE GOLDEN AGE | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| THE INVASION | kl. 8 - 10:30 | 16 |
| THE INVASION | kl. 5:30 | VIP |
| ÍÞRÓTAHETJAN M/- ÍSL TAL | kl. 6 | L |
| HEARTBRAKE KID | kl. 8 | 12 |
| THE BRAVE ONE | kl. 10:30 | 16 |
| STARDUST | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 10 |
| ASTRÓPÍÁ | kl. 6 | L |

KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| MICHAEL CLAYTON | kl. 8 - 10:30 | 7 |
| THE INVASION DIGITAL | kl. 10:10 | 16 |
| DARK IS RISING | kl. 6 | 7 |
| ÍÞRÓTAHETJAN M/- ÍSL TAL | kl. 6 | L |
| IN THE LAND OF WOMEN | kl. 5:50 - 8 | L |
| THE KINGDOM | kl. 8 - 10:10 | 10 |

AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| ÍÞRÓTTAHETJAN m/ísl tali | kl. 6 | L |
| MICHAEL CLAYTON | kl. 8 | 7 |
| STARDUST | kl. 5:50 | 10 |
| THE INVASION | kl. 8 | 16 |

KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| VEÐRAMÓT | kl. 8 | 14 |
| THE KINGDOM | kl. 8 | 16 |
| 3:10 TO YUMA | kl. 10:10 | 16 |
| HALLOWEEN | kl. 10:10 | 16 |

SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| HEARTBRAKE KID | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| GOOD LUCK CHUCK | kl. 8 | L |
| THE KINGDOM | kl. 10:10 | 10 |

DIGITAL HLJÓÐ OG MYND SAMBÍÓUNUM ÁLFABAKKA OG KRINGLUNNI


# Páll Óskar lögsækir þá sem stela plötunni hans

**Páll Óskar Hjálmtýsson brást harkalega við því þegar ný plata hans var sett inn á Torrent.is. Hann hótar hverjum þeim málshöfðun sem dreifir plötunni ólöglega.**



STENDUR FAST Á SÍNU Páll Óskar Hjálmtýsson vandar notendum Torrent.is ekki kveðjurnar. Hann hótar hverjum þeim málsókn sem dreifir plötunni hans ólöglega.

„Ég er ekki að fara í mál við Torrent.is en ég hika ekki við að höfða einkamál á hendur hverjum þeim notanda sem lekur plötunni minni inn á þetta jafningjasvæði,“ segir Páll Óskar Hjálmtýsson, sem er í miklu uppnámi eftir að plata hans, Allt fyrir ástina, birtist á heimasíðunni Torrent.is, viku fyrir áætlaðan útgáfudag.

Páll Óskar sendi stjórnendum síðunnar póst síðastliðinn föstudag eftir að hafa frétt af því að platan væri komin þar í umferð. „Um leið og þeir fengu þetta bréf voru þeir búnir að taka plötuna burt. Þeir gerðu nákvæmlega eins og ég sagði og ég met það mikils. Skaðinn var ekki meiri en svo að það voru eingöngu sex til sjö að hlaða plötunni inn þegar tóku hana af vefnum. Ef sex til sjö hundruð hefðu verið búnir að hlaða inn plötunni af völdum þessa notanda hefði ég ekki hikað við að ná í lögfræðing og RLR til að finna út hver hann er og þá höfða skaðabótamál. Ísland er lítið land og það er ekkert mál að finna út hver þessi aðili er,“ segir Páll Óskar. „Ef þrjú hundruð notendur mynda hópefli og dúndra plötunni inn þrjú hundruð sinnum... gott og blessað þá fer ég í þrjú hundruð mál. Ég hef nógan tíma og það eina sem gerist er að lögfræðingurinn minn fær nóg að gera og fullt af peningum.“



SVAVAR LÚTHERSSON Framkvæmdastjóri Istorrent ehf. telur að viðbrögð Páls Óskars hafi verið eðlileg.

## Eðlileg viðbrögð

Torrent.is er rekinn af Istorrent ehf. sem veitir notendum aðstöðu til að nýta sér BitTorrent-tæknina til að dreifa skrám. „Allt efni sem notendum vefsvæðisins er aðgengilegt er efni sem aðrir notendur senda inn og bera hvorki Istorrent, umsjónarmenn né stjórnendur vefsvæðisins ábyrgð á því á nokkurn hátt, né öðrum gjörðum notanda,“ segir í skilmálum fyrir notendur.

Svavar Lúthersson, framkvæmdastjóri Istorrent ehf, segir að viðbrögð Páls Óskars hafi verið eðlileg. „Við vorum beðnir um að fjarlægja plötuna og gerðum það. Við gerum ráð fyrir því að allt sé birt með leyfi þangað til annað kemur í ljós,“ segir hann.

## Stela frá fátækum

Páll Óskar segir það grafalvarlegt mál ef notendur Torrent.is séu að dreifa á ólöglegan hátt tónlist, kvikmyndum og sjónvarpsþáttum. „Þeir eru ekki Hrói höttur. Hrói höttur stal frá ríkum til að gefa fátækum. Notendurnir sem eru að dreifa efni á þennan hátt eru að stela frá fátæku fólki til að gefa nískupúkum sem tíma ekki að borga fyrir það efni sem er órjúfanlegur hluti af lífi þeirra. Það heyrir til algjörra undantekninga að íslenskt tónlistarfólk eða kvikmyndagerðarfólk eigi einhverjar sundlaugar í garðinum hjá sér. Flestir sem ég þekki eiga vart til hnífs og skeiðar og að stela frá þessu fólki er alvarlegt mál.“

## Leitar sökudólgsins

Páll segist ekki hafa hugmynd um hvernig platan komst á síðunna í bestu mögulegu gæðum. „Ég get talið það fólk á fingrum annarrar handar sem hefur fengið „masterinn“ úr mínum höndum. Þetta er einhver manneskja sem ég treysti og ég á eftir að fara á röðina.“

freyr@frettabladid.is

# Gulldrengirnir frá Hafnarfirði

Hafnfirska unglingahljómsveitin Jakobínarína er sennilega skýrasta dæmið hingað til um sveit sem hefur fengið tækifæri út á Iceland Airwaves-tónlistarhátíðina. Sveitin var stofnuð síðla árs 2004, sigraði í Músíktilraunun 2005 og sló svo í gegn á Airwaves sama ár þegar hún spilaði á Grand rokki í viðurvist m.a. David Fricke tónlistarritstjóra Rolling Stone. Frammistaðan á Airwaves leiddi til samnings við 12 Tóna, smáskífuútgáfu í samvinnu við Rough Trade og loks útgáfusamnings við Parlophone sem er hluti af EMI-samsteypunni. Tveimur árum eftir þessa áhrifaríku tónleika á Grand rokk leit svo fyrsta stóra plata sveitarinnar, The First Crusade, dagsins ljós og þeir Jakobínarínudrengir eru nú á heljarinnar tónleikaferðalagi um Evrópu.

Það eru 12 lög á The First Crusade. Tónlistin er hressilegt og ungæðislegt rokk með töluverðum post-pönk áhrifum, t.d. í gítar- og hljómborðsleiknum. Sveitin minnir svolítið á bresk bönd eins og Franz Ferdinand, sem væri kannski slæmt ef Jakobínarína væri ekki að gera þetta algerlega á sinn hátt allt saman.

**TÓNLIST**

**The First Crusade**

Jakobínarína

★★★★

Gulldrengirnir á íslensku tónlistarsenunni standa undir þeim miklu væntingum sem til þeirra eru gerðar með einni af bestu íslensku rokkplötum ársins.




Það er langt frá því að það sé hægt að klína einhverjum eftirhermustimpli á hana.

Það er fullt af flottum lögum á The First Crusade. Einn helsti kosturinn plötunnar er hvað þeir félagar eru frjóir í lagasmíðum og útsetningum. Það eru fáar íslenskar sveitir sem standa þeim jafnfætis hvað þetta varðar. Monday I'm In Vain, His Lyrics Are Disastrous, Jesus, I've Got A Date With My Television, This Is An Advertisement, 17, I'm A Villain... Allt frábær lög. Strákarnir sýna líka góð tilþrif í spilamennskunni. Sigurður er hörku trommari, Björgvin er fínn bassaleikari og gítarleikararnir tveir Hallberg og Heimir eru að gera mjög flotta hluti. Ágúst hljómborðsleikari fær þó sennilega verðlaunin fyrir skemmtilegustu tilþrifin.

Gunnar er ágætis söngvari. Röddin hans passar flott við tónlistina. Það er líka gaman að textunum. Þeir bera ungum aldri hljómsveitarmeðlima vitni og eru fullir af húmor og skemmtilegheitum.

Á heildina litið er The First Crusade frábær plata. Meðlimir Jakobínarínu hafa verið hálfgerðir gulldrengir á íslensku tónlistarsenunni síðustu tvö ár og þess vegna eru gerðar miklar kröfur til þeirra. Þeir standa undir öllum þeim væntingum með þessari fyrstu plötu sinni sem er ein af bestu íslensku rokkplötum ársins hingað til.

Trausti Júlíusson

# Stelpukvöld í félagsmiðstöðvum

Stelpur í félagsmiðstöðvum ÍTR eiga von á góðu því þær Þóra Sigurðardóttir, Marta María Jónasdóttir, Freyja Haraldsdóttir og Alma Guðmundsdóttir hafa ákveðið að efna til sérstakra stelpukvölda þar sem kennir ýmissa grasa. „Það hefur verið tekið ótrúlega vel í þessa hugmynd og við erum að verða uppbókaðar," segir Þóra. Hún og Marta munu lesa upp úr bók sinni Ef þú bara vissir... og þær Freyja og Alma úr bók sinni Postulín. „MAC verður auk þess með okkur í liði og gefur stelpunum tilsögn í förðun.

Flestar stelpur á þessum aldri eru byrjaðar að mála sig – þá er alveg eins gott að læra að gera það rétt og koma í veg fyrir appelsínugul tískuslys," segir Þóra og hlær. „Nylon-stelpurnar munu koma og syngja þegar því verður við komið og FORMA-stelpurnar sömuleiðis. Þær munu ræða það alvarlega málefni sem átröskun er enda ekki vanþörf á. Pælingin er sú að við getum náð beint til stelpnanna og skapað rólega stemningu án strákanna þar sem við getum rætt saman pælingar um lífið og tilveruna.

Við ætlum að gera þetta eins skemmtilegt og hægt er," segir Þóra og Alma tekur í sama streng. „Við höldum að það geti verið gaman að búa til svona stelpustemningu.

Þetta er eitthvað sem hefur ekki verið gert mikið af í félagsmiðstöðvunum. Við erum mjög spenntar að fá að taka þátt í þessu og vonum bara að sem flestar stelpur láti sjá sig." - sók



**MAGNAÐUR HÓPUR** Þær Freyja, Alma, Marta María og Þóra hafa stofnað til skemmtikvölda í félagsmiðstöðvum ÍTR í nóvember og desember. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

# Vinsæl glæpamynd

Glæpamyndin American Gangster með Russel Crowe og Denzel Washington í aðalhlutverkum fór beint í toppsætið á norðurameríska vinsældalistanum á frumsýningarhelgi sinni.

Í öðru sæti lenti teiknimynd Jerrys Seinfeld, Bee Movie, sem er fyrsta stóra verkefni Seinfelds síðan hann hætti með gamanþætti sína fyrir níu árum. „Það þurfti þrjár af stærstu stjörnum heimsins til að rífa miðasöluna í gang á nýjan leik," sagði forseti miðafyrirtækisins Media By Numbers, en aðsókn í bíó hefur verið heldur dræm í Hollywood að undanförnu.

Leikstjóri American Gangster er Ridley Scott. Hann á að baki myndir á borð við Gladiator með Crowe í aðalhlutverki, Alien og Thelma and Luise. Í myndinni leikur Washington glæpaforingjann Frank Lucas sem réð ríkjum í Harlem á áttunda áratugnum. Crowe leikur lögguna sem eltir hann uppi.



**AMERICAN GANGSTER** Russel Crowe og Denzel Washington fara með aðalhlutverkin í American Gangster.



**KYLIE** Kylie Minogue hefur hætt við tónleikaferð sína um heiminn af heilsufarsástæðum.

# Hættir við heimsreisu

Söngkonan Kylie Minogue hefur samkvæmt læknisráði hætt við fyrirhugaða tónleikaferð sína um heiminn sem átti að hefjast á næsta ári. Læknar hennar telja að það sé of snemmt fyrir hana að leggjast í slíkt verkefni eftir að hafa greinst með brjóstakrabbamein fyrir tveimur árum.

„Mér finnst þetta leiðinlegt því ég er í þessum bransa út af þessu. Að geta ekki fylgt áætlunum sínum er svekkjandi," sagði Kylie. „Allar konur þurfa að forgangsraða í sínu lífi og heilsan er þar ofarlega á lista. Ég tek heilsufar mitt alvarlega en ekki of alvarlega samt. Allt snýst þetta um að hafa réttan hraða á hlutunum."



**STALLONE** Sylvester Stallone ætlar að leikstýra og fara með aðalhlutverkið í endurgerð Death Wish.

# Stallone í Death Wish

**Vöðvabúntið Sylvester Stallone ætlar að leikstýra og fara með aðalhlutverkið í endurgerð myndarinnar Death Wish sem kom út 1974 með Charles Bronson í aðalhlutverki.**

**Myndin fjallar um arkitekt sem kemst í mikinn hefndarhug eftir að eiginkona hans er myrt úti á götu. Death Wish gat af sér fjölda framhaldsmynda og því þykir áhuginn á endurgerðinni ekki koma á óvart.**

**Handritshöfundar myndarinnar verða Michael Ferris og John Brancato, sem skrifuðu handritið að Terminator 3.**



## > Eigingjarnasti leikmaður landsins

Dragop Pavlovic er 27 ára og 201 sm framherji frá Serbíu sem leikur með Fjölni í Iceland Express-deild karla. Pavlovic hefur skorað 23 stig og tekið 5,8 fráköst á þeim 24,8 mínútum sem hann hefur spilað í fyrstu fimm leikjunum. Pavlovic er einnig með fína skotnýtingu og hefur nýtt 53 prósent skota og 69 prósent víta sinna. Það er hins vegar önnur tölfræði sem hefur vakið mesta athygli því Pavlovic sem hefur spilað í 124 mínútur á enn eftir að gefa stoðsendingu. Þrír leikmenn hafa skotið fleiri skotum í deildinni og þeir hafa allir gefið yfir 21 stoðsendingu. Samkvæmt þessari tölfræði þá getur Pavlovic auðveldlega fengið viðurnefnið eigingjarnasti leikmaður Iceland Express-deildar karla.



# sport

sport@frettabladid.is

ARI FREYR SKÚLASON: SPILAÐI VEL MEÐ HÄCKEN OG ER UNDIR SMÁSJÁ STÆRRI LIÐA Á NORÐURLÖNDUNUM

# *Ég vil fá tækifæri til að sanna mig í sterkari deild*



Ari Freyr Skúlason, leikmaður Häcken í sænsku 1. deildinni og U-21 árs landsliðs Íslands, hefur undanfarið verið undir smásjánni hjá í það minnsta tveimur úrvalsdeildarliðum í Svíþjóð og Danmörku eftir góða frammistöðu með Häcken.

„Ég veit að það eru nokkur lið búin að fylgjast með mér upp á síðkastið og þar á meðal eitt úrvalsdeildarlið í Svíþjóð og eitt úrvalsdeildarlið í Danmörku, en það er ekkert komið í ljós ennþá með það," sagði Ari Freyr og gat ekki neitað því að hafa orðið fyrir vonbrigðum með að hafa ekki komist upp um deild með Häcken á nýlokinni leiktíð.

„Markmiðið fyrir tímabilið hjá okkur var auðvitað að komast upp um deild og flestir fjölmiðlar í Svíþjóð spáðu okkur góðu gengi og leiktíðin byrjaði í raun vel hjá okkur. En við vorum hreinlega ekki nógu góðir og við töpuðum leikjum gegn liðum sem flestir héldu að við myndum rúlla upp, en svona er fótboltinn. Það er allt of mikið að tapa ellefu leikjum á tímabili eins og við gerðum og það kom mér í raun á óvart að við hefðum átt möguleika á því að komast upp í lok móts þegar allt kom til alls," sagði Ari Freyr en Häcken var aðeins einu stigi frá því að vinna sér þátttökurétt í efstu deildinni Allsvenskan að ári.

Ari Freyr spilaði 25 af 30 leikjum Häcken á tímabilinu og skoraði í þeim tvö mörk og lagði upp sex til viðbótar og er samningsbundinn liðinu í tvö ár til viðbótar.

„Häcken er góður klúbbur og mér líkar vel við lífið í Gautaborg og ef ekkert gerist í mínum málum, þá mun ég auðvitað glaður standa við samninginn við félagið. En auðvitað væri ég til í að fá tækifæri til þess að sanna mig hjá stærra félagi og í sterkari deild og mun klárlega skoða þann möguleika vel ef hann kemur upp."



**FÖGNUÐUR** Vandræðagemsinn Stephen Ireland fagnar hér marki sínu fyrir City í gærkvöldi. NORDICPHOTOS/GETTY

Enska úrvalsdeildin:

## City sigraði Sunderland

**FÓTBOLTI** Manchester City vann Sunderland, 1-0, í ensku úrvalsdeildinni í gærkvöld.

Leikurinn fór rólega af stað, en gestirnir í Sunderland virkuðu þó frískari í byrjun, án þess þó að skapa sér almennileg marktækifæri. Eftir um hálftímaleik voru heimamenn í City komnir meira inn í leikinn og fengu nokkur hálffæri í lok fyrri hálfleiks, sem var í heildina litið bragðdaufur.

Sven-Göran Eriksson, stjóri City, gerði eina breytingu á liði sínu í hálfleik þar sem hann tók miðjumanninn Michael Johnson út af fyrir framherjann Darius Vassell, enda City liðið ekki búið að vera mjög beitt fram á við í fyrri hálfleiknum. Segja má að skiptingin hafi skilað árangri, því á 67. mínútu átti Vassell góða sendingu á Stephen Ireland sem lúrði á fjærstönginni og negldi boltanum á milli fóta Craig Gordon í marki Sunderland og kom heimamönnum yfir, 1-0, þvert gegn gangi leiksins og þar við sat.

City er með sigrinum komið í 3. sæti deildarinnar og hefur unnið alla sjö heimaleiki sína í deildinni, þar af fimm þeirra með markatölunni 1-0, en Sunderland er sem fyrr í 15. sæti og hefur ekki enn náð að vinna leik á ferðalögum sínum á útivelli í deildinni. - óþ

# Góð afmælisgjöf til BSÍ

**Badmintonkonan Ragna Ingólfsdóttir vann sitt fyrsta mót á tímabilinu um helgina og kemur full af sjálfstrausti inn í Iceland Express-mótið sem fer fram um næstu helgi. Ragna er bjartsýn á að vinna sér sæti á Ólympíuleikunum.**

**BADMINTON** Ragna Ingólfsdóttir lætur ekki krossbandaslit aftra sér við að ná að upplifa drauminn sinn um að komast á Ólympíuleikanna í Peking.

Sigur hennar á opna ungverska mótinu um helgina sýnir að hún er á góðri leið. „Það var orðið svolítið langt síðan ég vann mót þannig að þetta var mjög skemmtilegt," sagði Ragna eftir sigurinn. Þetta var þriðja alþjóðlega mótið sem hún vinnur en í fyrravetur vann Ragna bæði opna tékkneska mótið sem og Iceland Express-mótið sem fram fór hér á landi.

„Það er skemmtilegt að það skuli hittast svona á," segir Ragna sem áttaði sig ekki að hún hefði fært Badminton-sambandinu afmælisgjöf en sambandið varð 40 ára í gær, daginn eftir að Ragna vann mótið í Ungverjalandi.

„Ég var nett kærulaus en hélt samt einbeitingunni allan tímann. Ég fékk aldrei á tilfinninguna að ég væri að fara tapa leik. Ég var alltaf einu skrefi á undan og mér leið mjög vel í öllum leikjunum," segir Ragna sem vann allar tíu lotur sína á mótinu. „Ég lenti í smá ströggli á móti indverskri stelpu í annarri lotu en ég marði hana 23-21 og það var eina sem ógnaði því að ég myndi tapa lotu. Afreksmenn hjá ÍSÍ fá hjálp og ég fékk að fara til íþróttasálfræðings sem gaf mér nokkur ráð sérstaklega fyrir þetta mót og það small svona vel" segir segir Ragna.

Hún gæti bætt í gjöfina með því að verja titilinn á Iceland Express-mótinu sem fram fer hér á landi um næstu helgi.

„Ég stefni á ekkert annað en að verja titilinn en ég væri mjög ánægð ef ég næði að vinna mótið," segir Ragna sem fær hörkukeppni frá Agnese Allegrini frá Ítalíu og Kati Tolmoff frá Eistlandi sem eru fyrir ofan Rögnu á styrkleikalistanum fyrir mótið sem hefst á föstudaginn.

„Þær eru líka að reyna að komast inn á Ólympíuleikanna og maður er að berjast við þær um sæti," segir Ragna sem er bjartsýn á að upplifa drauminn sinn og komast inn á Ólympíuleikanna.

„Ég er alveg inni eins og staðan er núna og ég held að ég get alveg haldið mér þar. Ég fæ góða hjálp frá sjúkraþjálfaranum sem mælir mig reglulega og athugar hvort ég haldi ekki styrk," segir Ragna sem er langt frá því að vera búin að ná sér af meiðslunum heldur vinnur hún í kringum þau.

„Fremra krossbandið er ennþá slitið en ég get mikið stjórnað því hversu hratt ég fer þegar ég er að spila. Ég passa upp á það að halda því sterku með því að lyfta og svo spila ég líka með spelku. Andstæðingarnir vita alveg af þessu og hafa spilað upp á þetta. Þeir gerðu það líka á þessu móti en ég náði að undirbúa mig öðruvísi andlega fyrir þetta mót og var alveg tilbúin í það að stelpurnar myndu gera allskonar hluti á móti mér sem væri óþægilegt fyrir mig. Þetta var fyrsta mótið sem ég náði að spila minn leik og ýta þessum meiðslum í burtu," segir Ragna sem hefur sýnt mikinn andlegan styrk að með því vinna með þessi erfiðu meiðsli. ooj@frettabladid.is



**STERK ANDLEGA** Ragna Ingólfsdóttir vann glæsilegan sigur í Ungverjalandi um helgina og keppir á alþjóðlegu móti á Íslandi um næstu helgi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**SÁTTUR** Ólafur Örn Bjarnason er ánægður með að hafa skrifað undir nýjan tveggja ára samning við Brann. FRÉTTABLAÐIÐ/SCANPIX

Ólafur Örn Bjarnason:

## Verður áfram hjá Brann

**FÓTBOLTI** Ólafur Örn Bjarnason, leikmaður Noregsmeistara Brann í fótbolta, hefur ákveðið að skrifa undir nýjan samning við liðið.

„Mér hefur gengið mjög vel hjá liðinu og fjölskyldunni líður vel í Björgvin, þannig að það lá beint við að halda áfram að spila með liðinu þegar þeir buðu mér tveggja ára samning. Það eru klárlega spennandi tímar fram undan hjá Brann, bæði með því að verja titilinn og svo er það undankeppni Meistaradeildarinnar á næsta ári," sagði Ólafur Örn sem setlar einnig að nota tímann til þess að ná sér ná sér í stig í þjálfaranámi.

„Ég hugsaði mér bara að vera með þjálfarastig á bakinu ef eitthvað kemur til þegar ég er hættur að spila, en hef svo sem ekkert spáð mikið að fara í þjálfun." Ólafur Örn spilaði 24 af 26 leikjum Brann í norsku deildinni í fyrra. - óþ

Enska úrvalsdeildin:

## Hutchings rekinn frá Wigan

**FÓTBOLTI** Enska úrvalsdeildarliðið Wigan Athletic rak í gær knattspyrnustjóra sinn, Chris Hutchings, eftir að liðið tapaði sínum sjötta leik í röð um síðustu helgi. Frank Barlow, sem var aðstoðarmaður Hutchings, mun stýra liðinu tímabundið á meðan stjórn félagsins leitar að nýjum manni.

„Ég mun gera allt sem í mínu valdi stendur til þess að finna rétta manninn í starfið, bæði til þess að rétta við slakt gengi okkar undanfarið og til að koma liðinu á beinu brautina í framtíðinni," sagði Dave Whelan, stjórnarformaður Wigan, í yfirlýsingu frá félaginu.

Nú þegar hafa nokkrir eftirmenn verið nefndir til sögunnar sem líklegir arftakar Hutchings hjá Wigan, svo sem Martin Jol, Graeme Souness og David O'Leary en ekkert hefur verið staðfest í þeim efnum ennþá. - óþ

Riðlakeppni meistaradeildar Evrópu í fótbolta heldur áfram og í kvöld fara fram átta leikir í riðlum A til D:

# Líflína Liverpool liggur í sigri á Besiktas

**FÓTBOLTI** Enska liðið Liverpool verður að vinna tyrkneska liðið Besiktas á Anfield í kvöld þegar seinni umferð riðlakeppni Meistaradeildarinnar hefst.

Liverpool er aðeins með eitt stig eftir fyrstu þrjá leiki sína og það er ekki einu sinni víst að þrír sigrar dugi liðinu til þess að komast upp úr riðlinum. Liverpool gerði jafntefli við Porto í fyrsta leik sínum í Portúgal en tapaði síðan fyrir Marseille heima og Besiktas úti.

„Við getum talað endalaust um stöðuna en við breytum því ekki að við verðum að byrja á því að einbeita okkur að því að vinna þennan leik," sagði Rafael Benitez, stjóri Liverpool.

„Er ég hissa á því að við séum í þessari stöðu? Nei, þetta er Meistaradeildin og ef maður gerir ein mistök þá er maður kominn í vandræði. Við erum samt mjög vonsviknir með það að hafa ekki unnið leik ennþá," bætti Benitez við. Hvorki Fernando Torres né Xabi Alonso verða með í leiknum í kvöld og það má telja líklegast að Peter Crouch fái langþráð tækifæri en þessi hávaxni framherji á enn eftir að skora á tímabilinu.

„Leikurinn á móti Liverpool verður okkur mjög mikilvægur og við ætlum að fara til Englands og reyna að ná í stig og halda lífi í voninni um sæti í 16 liða úrslitunum," sagði Ertugrul Saglam, þjálfari tyrkneska liðsins sem hafði tapað báðum sínum leikjum í riðlinum þegar liðið vann Liverpool í síðasta leik. Marseille er með sjö stig í riðlinum, Porto hefur fimm, Besiktas þrjú en Liverpool aðeins eitt. Porto tekur á móti Marseille í kvöld.

Chelsea er í ágætum málum með þriggja stiga forustu á toppi B-riðils en liðið sækir Schalke heim í kvöld. Þá heimsækir Rosenborg lið Valencia en norska liðið hefur eins stigs forskot í baráttunni um annað sætið.

Real Madrid hefur einnig þriggja stiga forskot í C-riðli en liðið er komið til Grikklands þar sem það mætir Olympiacos sem er í 2. sæti riðilsins.

Topplið D-riðils, Shakhtar og AC Milan, mætast í Úkraínu en bæði hafa sex stig eftir fyrri umferðina. AC Milan vann leik liðanna á Ítalíu 4-1. Á sama tíma mætast Celtic og Benfica sem bæði hafa þrjú stig og allt er því enn opið í þessum riðli. - óój



**ERFITT** Steven Gerrard og félagar í Liverpool hafa ekki efni á því að tapa fleiri stigum í sínum riðli í Meistaradeildinni. NORDICPHOTOS/GETTY

# OPNUNAR TILBOÐ

## VERSLUN TÖLVULISTANS Á AKUREYRI ER FLUTT AÐ STRANDGÖTU 9

**OPNUNARTILBOÐIN GILDA AÐEINS Í VERSLUN TÖLVULISTANS Á AKUREYRI AÐ STRANDGÖTU 9**




TAKMARKAÐ MAGN

**500GB**

500GB WD SATA2 HARÐUR DISKUR, 7200RPM, 16MB BUFFER OG 5 ÁRA ÁBYRGÐ Á ÓTRÚLEGU OPNUNARTILBOÐI

**9.990**

**1GB**

TAKMARKAÐ MAGN

VIÐSKIPTAVINUM TÖLVULISTANS Á AKUREYRI BÝÐST CORSAIR 1GB 667MHZ DDR2 VINNSLUMINNI Á FRÁBÆRU OPNUNARTILBOÐI

**2.490**

VERSLUN TÖLVULISTANS Á AKUREYRI ER FLUTT Í NÝTT OG BETRA HÚSNÆÐI AÐ STRANDGÖTU 9. AF ÞVÍ TILEFNI ERU NÚ FRÁBÆR OPNUNARTILBOÐ HJÁ OKKUR, KÍKTU VIÐ OG SKOÐAÐU ÚRVALIÐ



FRÁ **3.547** KR Á MÁNUÐI

| | |
|---|---|
| Örgjörvi | Intel E6750 - Core 2 Duo 4MB<br>1333FSB, 4MB, EM64T, SpeedStep |
| Móðurborð | MSI P6N SLI F - Core 2 Duo, QC<br>2xPCI-E 16X, 8xUSB2 |
| Minni | 2GB Dual DDR2 667MHz<br>Corsair minni með lífstíðarábyrgð |
| Harður diskur | 500GB WD SE 16MB - SATA II<br>Skrifar DVD diska og CD-RW |
| Skjákort | 256MB GeForce8 NX8600GT<br>MSI Viftulaust, 1.4GHz DDR3 |
| Skjár | 20" LCD Acer 2051W Gamer<br>CrystalBrite, 1000:1 í skerpu og 2ms |
| Skrifari | 18x DVD± DL skrifari<br>Skrifar og les DVD og CD diska |
| Hljóðkort | SoundBlaster X-FI XtremeGamer<br>Creative, 24 bita, EAX 5.0 Advanced HD |
| Hátalarar | 2.1 Logitech S200 hljóðkerfi<br>2 öflugir hátalarar og bassabox |
| Netkort | Gigabit 10/100/1000<br>Vandað og hraðvirkt netkort |
| Stýrikerfi | Windows Vista Home Premium<br>Öruggara og öflugra Windows |

**VERÐ 109.900**



FRÁ **3.247** KR Á MÁNUÐI

**Acer 5720G-1A**

| | |
|---|---|
| Örgjörvi | 1.5GHz Intel Core 2 Duo T5250<br>2MB flýtiminni, 667FSB |
| Minni | 1GB DUAL DDR2 667MHz Corsair<br>Corsair minni með lífstíðarábyrgð |
| Harður diskur | 160GB WD SE 8MB - SATA<br>SATA, 5400RPM og 8MB buffer |
| Skrifari | 8xDVD±RW DL skrifari<br>Skrifar DVD diska og CD-RW |
| Skjár | 15,4" WXGA WideScreen skjár<br>Breiðtjaldsskjár með CrystalBrite |
| Skjákort | 128MB ATI Radeon HD2300<br>384MB HyperMemory |
| Hátalarar | Hljóðkerfi með 2 hátölurum<br>Hljóðkort, hátalarar og hljóðnemi |
| Þráðlaust | 54Mbps þráðlaust netkort<br>Innbyggt 802.11g með loftneti í skjá |
| Netkort | Gigabit 10/100/1000<br>Einnig innbyggt 56k mótald |
| Stýrikerfi | Windows Vista Home Premium<br>Öruggara og öflugra |
| Annað | Aðeins 2.9Kg með rafhlöðu<br>Rafhlöðuending allt að 3.5 tímar |

**VERÐ 99.900**

Öll verð og tilboð gilda aðeins í verslun Tölvulistans á Akureyri að Strandgötu 9 og eru birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl. *Upphæðin er meðalgreiðsla á mánuði og er miðað við 48 mánaðarlegar jafnar afborganir. 3% stimpil og lántöku-gjald ásamt vöxtum er innifalið. Vextir eru samkvæmt ákvörðun TL á hverjum tíma og eru núna 19,5%.

**TÖLVULISTINN**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | • Nóatúni | 17 | • Sími 414 1700 |
| Akureyri | • Strandgötu | 9 | • Sími 414 1730 |
| Egilsstaðir | • Miðvangi | 2-4 | • Sími 414 1735 |
| Keflavík | • Hafnargötu | 90 | • Sími 414 1740 |
| Kópavogur | • Hlíðasmára | 10 | • Sími 414 1760 |

## > Faye Dunaway

Dunaway deilir þeim vafasama heiðri með Halle Berry og Lizu Minelli að vera einu leikkonurnar til þess að vinna bæði Óskarsverðlaun og Razzie-verðlaun. Dunaway leikur eitt aðalhlutverkið í framhaldsmynd mánaðarins, Pandemic, á Stöð 2 í kvöld.



# dagskrá

### VIÐ TÆKIÐ VIGDÍS ÞORMÓÐSDÓTTIR HEILLAST AF EÐLUM

## *Forsögulegur bardagi endar með ósköpum*

Þrusk heyrist innan úr fornaldarlegum burkna. Síðan skvamp líkt því sem framkallast þegar margra tonna skaðvaldur hlunkast í drullupoll. Ógnvænlegt illkynja öskur fær blóðið til að storkna í æðum. Grameðlan er komin á stjá og er í veiðiham.

Rólegar jurtaétandi eðlur fyllast skelfingu og flýja, enda til lítils að reyna að fela sig á bak við gróður sléttunnar þegar rumpur manns er á stærð við vörubíl. Hugrakkur grasbítur, hornum skrýddur, snýst til varnar. Svo hefst slagur upp á líf og dauða; risarnir takast á af fullri alvöru og ómögulegt er að segja hver stendur uppi sem sigurvegari að bardaga loknum. Grasbíturinn er alsettur djúpum skurðum eftir beittar tennur grameðlunnar og er að þrotum kominn. Hann notar þá litlu krafta sem eftir eru í risavöxnum, helsærðum skrokknum til þess að hnykkja hyrndu höfðinu til og reka andstæðing sinn á hol. Risarnir liggja báðir í valnum og hinar eðlurnar halda áfram að tyggja jurtir og hvor aðra eins og ekkert hafi í skorist.



Mörgum milljón árum seinna grafa steingervingafræðingar kappana upp þar sem þeir liggja enn eins og þeir féllu. Þessir glæsilegu fulltrúar liðinna tíma verðskulda ekkert minna en sinn eigin sjónvarpsþátt þar sem líf þeirra og blóði drifin endalok eru skrásett í smáatriðum.

Hugrakkir dagskrárgerðarmenn fengu til liðs við sig vaska tölvulúða og í sameiningu tókst þeim að koma þessari stórbrotnu og ótrúlegu örlagasögu á skjá sjónvarpstækja um víða veröld. Ég verð Discovery-sjónvarpsstöðinni að eilífu þakklát fyrir að hafa boðið mér upp á kvöldstund í félagsskap við tölvugerðar eftirmyndir útdauðra skriðdýra, líf mitt væri sannarlega fátæklegra hefði ég ekki fengið að kynnast þeim.

Í næsta þætti syrpunnar takast forsöguleg sjávarskriðdýr á í hafdjúpunum. Blóðið sem seytlar úr sárum þeirra laðar á vettvang ofurstóra hákarla sem blanda sér í hasarinn. Þessum þætti ætla ég ekki að missa af, enda ómetanlegt tækifæri til að dveljast neðansjávar um stund án þess að vökna í fæturna.

## EKKI MISSA AF



▶ **19.30** Liverpool-Besiktas SÝN



▶ **20.15** Pandemic STÖÐ 2



▶ **20.30** Allt í drasli SKJÁREINN



▶ **22.00** Kiss Tomorrow Goodbye SIRKUS



▶ **22.25** Ríki í ríkinu SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**16.05 Sportið**
**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Ofurþjarkinn og apahersveitin**
**17.50 Sögurnar okkar** (12:13)
**18.00 Geirharður bojng bojng**
**18.25 Nægtaborð Nigellu** (8:13)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Edduverðlaunin 2007** (3:4) Kynntar verða tilnefningar til Edduverðlaunanna sem afhent verða á sunnudagskvöld.
**20.20 Mæðgurnar** (15:22) (Gilmore Girls VI) Bandarísk þáttaröð um einstæða móður sem rekur gistihús í smábæ í Connecticutríki og dóttur hennar á unglingsaldri. Aðalhlutverk: Lauren Graham, Alexis Bledel, Keiko Agena og Yanic Truesdale.
**21.05 Söngvaskáld** Ragnhildur Gísladóttir flytur nokkur af lögum sínum að viðstöddum áhorfendum í Sjónvarpssal. Dagskrárgerð: Jón Egill Bergþórsson.
**22.00 Tíufréttir**
▶**22.25 Ríki í ríkinu** (3:7) (The State Within) Breskur spennumyndaflokkur í sjö þáttum. Flugvél springur í flugtaki í Washington og í framhaldi af því lendir sendiherra Breta í borginni í snúnum málum og virðist engum geta treyst. Meðal leikenda eru Jason Isaacs, Ben Daniels, Neil Pearson og Sharon Gless.
**23.20 Glæpurinn (4:20)**
**00.20 Kastljós**
**01.00 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 The Pilot´s Wife**
**08.00 Two Family House**
**10.00 The Commitments**
**12.00 Must love dogs**
**14.00 Two Family House**
**16.00 The Commitments**
**18.00 Must love dogs** Bráðskemmtileg gamanmynd sem segir frá konu sem á í vandræðum með að jafna sig eftir skilnað.
**20.00 The Pilot´s Wife**
**22.00 The Cooler**
**00.00 Memoirs of a Geisha**
**02.20 Scary Movie 3**
**04.00 The Cooler**

## STÖÐ 2

**08.10 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 The Bold and the Beautiful**
**09.30 Wings of Love**
**10.15 Numbers** (8:24)
**11.10 Veggfóður**
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Nágrannar**
**13.10 America´s Got Talent** (8:15)
**14.35 America´s Got Talent** (9:15)
**15.20 Sjáðu**
**15.55 Barnatími Stöðvar 2**
**17.28 The Bold and the Beautiful**
**17.53 Nágrannar**
**18.18 Ísland í dag og veður**
**18.30 Fréttir**
**19.25 Simpsons** (7:21) Þegar fulltrúi frá heilbrigðiseftirlitinu hrekkur upp af eftir að hafa lagt sér til munns eitt af súru eggjunum hans Moes tekur nýi heilbrigðisfulltrúinn sig til og lokar barnum. Hómer tekur tíðindin mjög nærri sér og ákveður að hjálpa Moe að fá barinn opnaðan á nýjan leik.
**19.50 Friends 4** (1:24) (Vinir)
▶**20.15 Pandemic** Seinni hluti hörkuspennandi framhaldsmyndar með Tiffani Thiessen (Beverly hills 90210), Faye Dunaway og Eric Roberts í aðalhlutverkum. Skelfing grípur um sig í Los Angeles þegar fuglaflensan greinist í íbúum borgarinnar. Engin lyf eru til en sóttvarnarráð ætlar ekki að gefast upp fyrr en lausnin er fundin.
**21.40 Kompás** Skemmtilegur og fræðandi fréttaskýringaþáttur sem markaði tímamót í íslensku sjónvarpi.
**22.15 60 mínútur** Glænýr þáttur virtasta og vinsælasta fréttaskýringaþáttar í heimi þar sem reyndustu fréttaskýrendur Bandaríkjanna fjalla um mikilvægustu málefni líðandi stundar og taka einstök viðtöl við heimsþekkt fólk.
**23.00 Big Love (10.12)**
**23.50 Ghost Whisperer (36.44)**
**00.35 Angels Don´t Sleep Here**
**02.05 Wilder**
**03.40 Medium (8.22)**
**04.20 Pandemic**
**05.45 Fréttir og Ísland í dag**
**06.40 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SÝN besta sætið

**18.00 David Beckham - Soccer USA**
**18.30 Meistaradeild Evrópu fréttaþáttur** Vandaður fréttaþáttur um allt það helsta sem er á döfinni í þessari sterkustu knattspyrnudeild heims.
**19.00 Meistaradeildin - upphitun**
▶**19.30 Liverpool - Besiktas** Bein útsending frá leik Liverpool og Besiktas í Meistaradeild evrópu sterkustu knattspyrnudeild heims. Á Sýn Extra Shaktar Donetsk - AC Milan og Sýn Extra 2 Olympiakos - Real Madrid
**21.40 Meistaradeildin - meistaramörk** Sparksepkingar Sýnar fara yfir alla leiki kvöldsins í Meistaradeildinni. Öll mörkin og öll umdeildu atvikin
**22.20 Shaktar Donetsk - AC Milan** Útsending frá leik Shaktar Donetsk og AC Milan í 4. umferð Meistaradeildarinnar Leikurinn var í beinni útsendingu á Sýn Extra kl. 19.45.
**00.10 Olympiakos - Real Madrid** Útsending frá leik Olympiakos og Real Madrid í 4. umferð Meistaradeildar. Leikurinn var í beinni útsendingu á Sýn Extra2 fyrr í kvöld.
**02.00 Meistaradeildin - meistaramörk**

## SÝN2

**07.00 Man. City - Sunderland** (Enska úrvalsdeildin 2007/2008)
**16.20 Fulham - Reading** (Enska úrvalsdeildin 2007/2008)
**18.00 Premier League World** (Heimur úrvalsdeildarinnar) Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjörnurnar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.
**18.30 Coca Cola mörkin 2007-2008** Farið yfir öll mörkin og helstu atvikin í leikjum síðustu umferðar í Coca Cola deildinni en þar eiga Íslendingar nokkra fulltrúa.
**19.00 West Ham - Bolton** (Enska úrvalsdeildin 2007/2008)
**20.40 Arsenal - Man. Utd.** (Enska úrvalsdeildin 2007/2008)
**22.20 Ensku mörkin 2007/2008** Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum. Viðbrögð þjálfara, stuðningsmanna og sérfræðinga.
**23.15 Newcastle - Portsmouth** (e)

## SKJÁREINN

**07.30 Dýravinir (e)**
**08.00 Dr. Phil (e)**
**08.45 Vörutorg**
**16.25 Vörutorg**
**17.25 How to Look Good Naked (e)**
**18.15 Dr. Phil**
**19.00 Ertu skarpari en skólakrakki? (e)**
**20.00 According to Jim** (8:18) Jim verður að fylla í skarðið fyrir Ryan þegar Dana byrjar óvænt með hríðarverki.
▶**20.30 Allt í drasli** (7:13) Hreinlætisdívurnar Margrét Sigfúsdóttir og Eva Ásrún Albertsdóttir heimsækja subbuleg heimili og taka til hendinni. Núna kíkja þær í heimsókn til fjögurra manna fjölskyldu í Kópavogi sem vantar hjálp í baráttunni við óhreinindin. Það er vart þverfótandi í íbúðinni fyrir drasli og lyktin orðin svo vond að vinir og vandamenn koma lítið sem ekkert í heimsókn.
**21.00 Innlit / útlit** (7:13) Hönnunar- og lífsstílsþáttur þar sem Þórunn, Nadia og Arnar Gauti koma víða við, heimsækja skemmtilegt fólk og breyta og bæta á heimilum þess. Þau eru með góðan hóp iðnaðarmanna sér til halds og trausts og koma með sniðugar hugmyndir og einfaldar lausnir.
**22.00 State of Mind - NÝTT** Bandarísk þáttaröð með Lily Taylor í aðalhlutverki. Hún leikur sálfræðing en á sjálf í miklum sálarflækjum. Hún kemur að eiginmanni sínum í innilegum stellingum með hjónabandsráðgjafanum þeirra og eftir erfiðan skilnað reynir hún að halda lífi sínu áfram með aðstoð samstarfsfólks síns sem er ekki alltaf til góðs. Hún leigir ungum lögfræðingi pláss á skrifstofu sinni og lífið á skrifstofunni getur því oft á tíðum verið nokkuð skrautlegt. Það er ekki laust við að sumir sálfræðinganna þyrftu sjálfir að leita sér hjálpar!
**22.50 Fyrstu skrefin**
**23.15 Silvía Nótt**
**23.40 C.S.I. New York (e)**
**00.40 Charmed (e)**
**01.30 C.S.I.**
**02.15 Vörutorg**
**03.15 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12:15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4**. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10:15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




UEFA CHAMPIONS LEAGUE

BOÐGREIÐSLUTILBOÐ!
Sýn 2 og Sýn Extra stöðvarnar á aðeins 3.990 kr. á mánuði fyrir korthafa VISA í nóvember og desember.

GOTT FÓLK

512 5100 | SYN.IS | VERSLANIR VODAFONE

Í KVÖLD KL. 19:30
LIVERPOOL – BESIKTAS
Shaktar – AC Milan Sýn Extra
Olympiacos – Real Madrid Sýn Extra 2
MEISTARADEILDIN
Upphitun hefst kl. 19:00
Umfjöllun um alla leiki kvöldsins kl. 21:40

SÝN besta sætið

## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 21.40**
**Kompás**




Kompás í kvöld. Fólki finnst það oft vera vanmáttugt gagnvart flóknu kerfinu. Við heyrum sögu Rögnu af baráttu hennar við Tryggingastofnun ríkisins. Fyrir 25 árum voru kalkkirtlar fjarlægðir úr Rögnu fyrir mistök og hefur hún eftir það þurft að taka lífsnauðsynleg lyf. Hún borgaði lyfin sjálf í tvo áratugi þangað til hún komst að því að hún átti alltaf rétt á því að fá þau ókeypis. Það hefur verið þrautin þyngri að fá þennan kostnað endurgreiddan. Tryggingastofnun vill hvorki tjá sig um mál Rögnu né almenna gagnrýni á stofnunina.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**State of Mind**
**Skjár einn kl. 22.00**



Bandarísk þáttaröð með Lily Taylor í aðalhlutverki. Hún leikur sálfræðing en á sjálf í miklum sálarflækjum. Hún kemur að eiginmanni sínum og hjónabandsráðgjafa þeirra í innilegum faðmlögum og eftir erfiðan skilnað reynir hún að halda lífi sínu áfram með aðstoð samstarfsfólks síns sem er ekki alltaf til góðs.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.45** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**08.00** Morgunfréttir
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Heima er best
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Stef
**15.03** Útvarpssagan: Hversdagshöllin
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Hundur í útvarpssal
**21.00** Ættland í norðri
**22.10** Veðurfregnir
**22.15** Fimm fjórðu
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SIRKUS

**18.20 Fréttir**
**19.10 Hollyoaks**
**19.30 Hollyoaks**
**20.00 The George Lopez Show** (15:22)
**20.30 Johnny Zero** (1:13) Hörkuspennandi þáttur um fyrrum fanga sem er fastur á milli tveggja heima þegar bæði lögreglan og glæpagengið úr hverfinu reyna að fá hann til liðs við sig. 2004. Bönnuð börnum.
**21.15 Windfall** (8:13)
▶ **22.00 Kiss Tomorrow Goodbye** Dustin er ungur maður á uppleið í heiminum en skyndilega breytist líf hans til hins verra er hann rankar við sér við hliðina á heimilislausum manni og líki af stúlku. Heimilisleysinginn sannfærir Dustin um að hann hafi drepið stúlkuna en segist ekki ætla að kjafta frá svo framarlega sem Dustin fæði hann og klæði. Aðalhlutverk: Jason Priestley, Kari Wuhrer, Holt McCallany, Nicholas Lea. Leikstjóri. Jason Priestley. 2000. Bönnuð börnum.
**23.25 Janice Dickinson Modelling Agency** Nú er komin að annarri þáttaröðinni þar sem Janice heldur áfram að leita að flottustu fyrirsætum Bandaríkjanna.
**00.10 E-Ring** (14:22)
**00.55 Ren & Stimpy**
**01.15 Ren & Stimpy**
**01.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Ingvi Hrafn Jónsson er í Flórída. Hann ræðir mál líðandi stundar yfir hafið við gesti í myndveri ÍNN.
**20.30 Hvað ertu að hugsa?** Guðjón Bergmann ræðir við Ernu Magnúsdóttur hjá Ljósinu.
**21.00 Kötturinn í sekknum** Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra er gestur Lilju og þau ræða um nýjar áherslu ráðherra hvað varðar neytendamál.
**21.30 Randver** Sveinn Einarsson er gestur Randvers Þorlákssonar.

## DR 1

**12.25** M¢d partierne **12.30** Aftenshowet 2. del **12.50** Genbrugsguld **13.20** Familien **13.50** Nyheder på tegnsprog 14.00 TV Avisen med vejret **14.10** Dawson's Creek **15.00** SPAM **15.30** Den lyser¢de Panter **15.35** Tintin **16.00** Store N¢rd **16.30** Lille N¢rd **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Ha' det godt **19.00** Hammerslag **19.30** Politiskolen **20.00** TV Avisen **20.25** Kontant **20.50** M¢d partierne **21.15** SportNyt **21.25** Måske skyldig - Edderdunsdynen **22.35** Forbrydelsen

## NRK 1

**11.00** NRK nyheter **11.15** Et! **11.45** Livet er Svalbard **12.25** Faktor: Bettys lykkeprosjekt **12.56** Skjergardsdokteren **13.50** Creature Comforts: hvordan har vi det? **14.00** Hemmelig agent på moped **14.25** Ghost Trackers **14.50** Grusomme gr¢ss **15.00** Romnautene **15.15** Romnautene **15.30** Erstatterne **15.50** Mini-kryp **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** Veterinær på safari **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Dyrlege Due **17.10** Småsp¢kelsene **17.20** Angelina Ballerina **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Ut i naturen **18.55** Dr¢mmerollen **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Standpunkt **21.15** Ekstratrekning **21.30** Safari **22.00** Kveldsnytt **22.15** Keno **22.20** Heroes **23.00** Filmplaneten **23.30** Why Democracy?: På jakt etter revolusjonen **0.20** Kulturnytt **0.30** Autofil jukeboks **2.00** Norsk på norsk jukeboks

## SVT 1

**11.00** Rapport **11.05** Argument **12.55** Matiné: Människors rike **14.30** Andra Avenyn **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Türkisch für Anfänger **16.25** Baby-Tiere **16.30** Krokomax **17.00** BoliBompa **17.10** Småkryp **17.20** Lauras stjärna **17.30** Seaside hotell **17.45** Rekordbyrån **18.00** Bobster **18.05** Grand Prix **18.30** Rapport **19.00** Andra Avenyn **19.30** Mitt i naturen **20.00** Plus **20.30** Skild! **21.00** Basic - Farligt uppdrag **22.35** Rapport **22.45** Kulturnyheterna **22.55** Örnen **23.50** Grotesco





**VoltarenDolo®**

**Díklófenak-k 12,5 mg**

**Fljótvirkt - Bólgueyðandi - Verkjastillandi - Hitalækkandi**

***Voltaren Dolo*** *12,5 mg fæst án lyfseðils svo hægt sé að meðhöndla minni háttar kvilla án þess að leita til læknis.*

***Voltaren Dolo*** *er notað við verkjum eins og t.d.:*

- höfuðverk
- tannverk
- tíðaverk
- verk vegna gigtarsjúkdóma
- vöðvaverk
- bakverk
- hita af völdum inflúensu eða kvefs

Voltaren Dolo® (díklófenak kalíum) 12,5 mg töflur. Notað við vægum verkjum eins og t.d. höfuðverk, tannverk, tíðaverk, verk vegna gigtarsjúdóma, vöðvaverk eða bakverk og hita af völdum inflúensu eða kvefs. Dragi ekki úr einkennum á nokkrum dögum, skal leita til læknis. Þeir sem eru með eða haft sögu um maga- eða skeifugarnasár eða skerta lifrastarfsemi ættu að ráðfæra sig við lækni áður en lyfið er notað. Þeir sem þola ekki acetýlsalisýru, ibuprofen eða önnur bólgueyðandi lyf eða eru með astma eiga ekki að nota Voltaren Dolo®. Notið lyfið ekki á meðgöngu nema í samráði við lækni, en aldrei á síðasta þriðjungi meðgöngu. Leitið ráða læknis eða lyfjafræðings um milliverkanir við önnur lyf. Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Kirkjulundi 17, 210 Garðabæ.

***Fæst án lyfseðils***

www.lyfja.is

LYFJA - Lifið heil

LYFJA STYÐUR LANDSLIÐ KVENNA Í HANDBOLTA

## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Hornið er búið að vera besti bitinn í næstum því þrjátíu ár. Þarna eru bestu pitsur í Evrópu og besta pitsan er náttúrulega skírð í höfuðið á mér, Eyfi Special."*

Eyjólfur Kristjánsson tónlistarmaður.

# Þorsteinn Guðmunds kynnir á Eddunni

„Ég er búinn að setja hausinn í gin ljónsins og verð bara að vona að það bíti ekki fast," segir Þorsteinn Guðmundsson en hann tekur við af þeim Ragnhildi Steinunni Jónsdóttur og Pétri Jóhanni Sigfússyni sem kynnir á Eddunni, uppgjöri sjónvarps- og kvikmyndaakademíunnar. Þorsteinn er reyndar ekki á ókunnugum slóðum því hann sá einnig um að stýra íslensku stjörnunum fyrir tveimur árum. „Ég kem inn í þetta á eilítið öðrum forsendum núna og fæ að ráða aðeins meira. Ég hef ákveðnar hugmyndir um Edduna og hvernig má gera hana áreynslulausari," útskýrir Þorsteinn. Kosning stendur nú yfir á vefnum visir.is um hver sé vinsælasti sjónvarpsþátturinn en Veðramót leiða tilnefningarnar með ellefu talsins.

Grínistinn góðkunni lét sérhanna á sig gullituð jakkaföt árið 2005 og hann lætur í veðri vaka að hann sé búinn að leggja enn meiri vinnu í búninginn fyrir þetta árið. „Þetta er ekki górillubúningur en ekki hefðbundin jakkaföt heldur einhvers staðar þarna mitt á milli," segir Þorsteinn.

Þorsteinn er ekki búinn að gera það upp við sig hvort hann ætlar að fara með gamanmál um viðstadda eins og tíðkast á Óskarnum og segir það bara ráðast af því hverjir mæta. „En nokkrir góðvinir mínir og snillingar verða mér til halds traust sem bæði tromp og leynivopn," segir Þorsteinn. Eddunni hefur oft verið legið á hálsi fyrir að þykja ekkert sérstaklega skemmtileg en hún verður í beinni útsendingu Sjónvarpsins sunnudaginn 11. nóvember. Þorsteinn gerir sér fyllilega grein fyrir erfiðu verkefni en ætlar að leggja sig allan fram um að gera hátíðina aðeins líflegri. „Og ef mér tekst það fer ég í langt frí til Cayman-eyja."

- fgg



**BETRI BÚNINGUR Í ÁR** Þorsteinn var í gulllituðum fötum á Eddunni fyrir tveimur árum en lofar betri búningi í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



**LÁRÉTT**
**2.** plat **6.** ógrynni **8.** skordýr **9.** knæpa **11.** samanburðart. **12.** setis **14.** handsama **16.** ekki **17.** nálægt **18.** angan **20.** ætíð **21.** krafs.

**LÓÐRÉTT**
**1.** að lokum **3.** frá **4.** fugl **5.** bæn **7.** æxlunarfæri blóms **10.** svif **13.** utan **15.** einsöngur **16.** trjátegund **19.** eldsneyti.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** gabb, **6.** of, **8.** fló, **9.** krá, **11.** en, **12.** sætis, **14.** fanga, **16.** ei, **17.** nær, **18.** ilm, **20.** sí, **21.** klór.
**LÓÐRÉTT: 1.** loks, **3.** af, **4.** blesgæs, **5.** bón, **7.** fræfill, **10.** áta, **13.** inn, **15.** aría, **16.** eik, **19.** mó.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Brynja Sverrisdóttir.
2. Keflavík.
3. Tút Ank Amon.







BRYNJA SVERRISDÓTTIR: REGLUR UM SKRÁSETT VÖRUMERKI BROTNAR

# Beckham í leyfisleysi

Svo virðist sem skartgripir listamannsins Brynju Sverrisdóttur njóti mikilla vinsælda um allan heim. Fréttablaðið greindi frá því í gær að hvorki Fjölnir Bragason húðflúrari, né Jóhannes Felixson, betur þekktur sem sjónvarpskokkurinn Jói Fel, hefðu fengið leyfi Brynju fyrir því að húðflúra eftirlíkingu af armbandi hennar á handlegg Jóhannesar. Fleiri hafa hrifist af hönnun Brynju, því sjálfur David Beckham skartar hring frá henni í auglýsingu fyrir ilmvatn sitt, Instinct.

Eins og armbandið tilheyrir hringur Beckhams línunni Embracing Faith, eða Umvafin trú, sem hefur vakið mikla athygli fyrir notkun Brynju á mörgum og mismunandi trúartáknum. Að sögn Brynju koma slíkir hringir á markað upp úr áramótum, en sá sem Beckham skartar var sérsmíðaður fyrir hann, að ósk Victoriu Beckham.

Í auglýsingunni fyrir ilmvatnið heldur Beckham hringnum á milli fingra sér og virðist halda honum að myndavélinni. Brynja segist alls ekki sátt við það, enda er Embracing Faith skráset vörumerki og biðja þarf um sérstakt leyfi fyrir notkun á því í auglýsingaskyni. „Það gilda mjög strangar reglur um Umvafin trú og í hvaða tilgangi og hvernig það er notað, sama hvort um ræðir í formi skartgripa eða annarra verka," útskýrir Brynja.

Notkun hringsins er því í algjöru leyfisleysi. „Ég hef vandað mig við það og kosið það að nota engar manneskjur í mínar auglýsingar, svo að gripirnir haldi hlutleysi sínu. Skyldi ég vilja nota fyrirsætu myndi ég gjarnan vilja að fá að velja hana sjálf," segir Brynja.

Umvafin trú hlaut nýlega blessun heimsfriðarsamtaka innan Sameinuðu þjóðanna. en þau vinna einnig að öflugum rannsóknarstörfum hvað varðar náttúrulækningar. Hluti af öllum ágóða sölu á skartgripum Brynju hefur frá upphafi runnið til margvíslegra mannréttindamála, þar á meðal til alnæmismála, velferðarmála barna og Amnesty International.

Aðspurð hvort gripið yrði til einhverra aðgerða varðandi auglýsingu Beckhams, sagði Brynja svo ekki vera. „Þar sem jákvæðir hlutir eru fram undan hef ég hreinlega engan tíma til að sinna málum af þessum toga."

sunna@frettabladid.is



**REGLUR BROTNAR** Hönnun Brynju Sverrisdóttur, Umvafin trú, er skrásett vörumerki, en reglur um notkun þess hafa verið brotnar. MYND/BRIAN GRIFFIN




**AUGLÝSING BECKHAMS** Í auglýsingu fyrir ilmvatn sitt heldur David Beckham á hring úr línunni Umvafin trú á lofti. Trúartáknið sem ber hæst er Þórshamarinn.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Freyr Eyjólfsson**, útvarpsmaðurinn knái, var víst síður en svo hræddur þegar hann mætti á karlakvöld Vals en Freyr er þekktastur fyrir að klæðast röndóttum peysum Vesturbæjarveldisins. Freyr var fenginn til hlaupa í skarðið fyrir skemmtikraft sem forfallaðist á síðustu stundu og fór víst algjörlega hamförum, hermdi eftir skemmtikröftum á borð við Bubba og Megas eins og ekkert væri og fór með gamanmál. Var haft á orði að þarna hefði kannski leynst leynivopn KR-inga sem aldrei hefði verið notað.



**Einar Bárðarson** nýtti dvöl sína vel hér á landi í síðustu viku og heilsaði upp á íslenska skjólstæðinga sína. Hann lét þar af leiðandi Broadway-sýningu Jógvans Hansen og Friðriks Ómars ekki framhjá sér fara og mætti með Luxor-strákasveitina upp á arminn á skemmtistaðinn en meðal annarra sem þar voru má nefna **Klöru-Nylonstúlku**, Elly Ármanns og Jóhönnu Vilhjálmsdóttur.





Annars er mikil eftirvænting eftir bók Einars og Arnars Eggerts Thoroddssen, Öll trixin í bókinni, sem allt ungt fólk með umboðsmannadraum í maganum á eftir að kaupa og lesa um þessi jól. Einar veit manna best hvernig á að „plögga" en er í þeirri óvenjulegu stöðu að þurfa að koma sjálfum sér á framfæri í fyrsta skipti. Hann ætlar því að hafa allt á hreinu og því mun **Kristján B. Jónasson**, bókafrömuður með meiru, ritstýra verkinu. Feðgarnir Jóhann Páll og Egill Jóhannsson í Forlaginu hafa jafnframt fylgst grannt með gangi mála enda er það löngu vitað að allt sem Einar Bárðarson snertir ætti ósjálfrátt að verða að gulli.

-fgg



# Stálheppinn Harry Potter-aðdáandi

Þréttán ára Akureyringur, Kári Arnarson, hafði samband við bókaforlagið Bjart í byrjun október og hafði undir höndum bréf innan úr nýkeyptri bók um Harry Potter og blendingsprinsinn. Bréfið sagði bókina vera eintak númer 100.000 og kaupanda hennar eiga inni gjafabréf hjá Bjarti.

Bréfið kom heldur flatt upp á starfsmenn forlagsins, enda tvö ár síðan hundrað þúsundasta eintakið af Harry Potter bók seldist á Íslandi. „Ég er nú frekar nýr Potter-aðdáandi, byrjaði að lesa bækurnar fyrir hálfu ári og er nú búinn með allar nema þá síðustu," segir Kári.

Eftir rannsóknir í höfuðstöðvum forlagsins kom í ljós að gjafabréfið hafði verið sett inn í bók sem var til sölu fyrir tveimur árum. Eintakið seldist ekki og líklega lent í geymslu á lager áður en það rataði í hillur bókaverslunar á Akureyri og í hendur Kára.

Þrátt fyrir þetta flakk bókarinnar stendur forlagið við fyrirheit sín og fær Kári að gjöf tvo farmiða hjá Icelandair til Evrópu, með farareyri í boði Bjarts. „Ég hef ekki ákveðið hvert ég fer en mig langar í skíðaferð til Austurríkis með foreldrum mínum," segir hinn heppni lestrarhestur.

- eá



**HUNDRAÐ ÞÚSUNDASTI LESANDINN** Kári Arnarson keypti hundrað þúsundasta eintakið af Harry Potter tveimur árum of seint. Hann fær ferð til Evrópu frá útgefanda Harry Potter á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA.IS


Nýr
BMW X5
BMW X5 línan
www.bmw.is
Sheer
Driving Pleasure
BMW X5. Nýtt meistaraverk á ferð.
Framúrskarandi hönnun er ekki aðeins veisla fyrir augað, heldur felur hún einnig í sér fágætt samspil forms og notagildis. Nýi BMW X5 úrvalsjeppinn er sannkölluð völundarsmíði, þar sem hugað hefur verið að hverju atriði, sama hversu smátt. Breitt úrval aukahluta gerir þér jafnframt kleift að sníða hann að persónulegum þörfum þínum.
BMW X5 3.0si kr. 6.450.000
BMW X5 3.0d kr. 6.750.000
BMW X5 3.0si LUX kr. 7.530.000
BMW X5 3.0d LUX kr. 7.830.000
BMW X5
B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - Sími 575 1200 - www.bl.is - www.bmw.is
Með bílinn handa þér

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



visir.is
Fyrstur með fréttirnar




**BAKÞANKAR**


Þórhildar Elínar Elínardóttur


## *Beðmál í borginni*

Vegna þess að fátt er eins skemmtilegt og tilbreyting, tók ég fagnandi útlandaferð á dögunum. Sá á svipstundu gullið tækifæri dálkahöfundar í Reykjavík til að máta mig við tilveru dálkahöfundar í borginni sem aldrei sefur. Carrie Bradshaw hefur auðvitað verið áhrifavaldur í viðhorfum heillar kynslóðar kvenna þótt hún sé ekki einu sinni til í alvörunni. Þrátt fyrir að hafa ekki verið mjög mikill aðdáandi sá ég í sjónhendingu sjálfa mig í anda tipla tindilfætta á milli glæsiverslana á 5. breiðgötu og skrifa á kvöldin djúpar hugleiðingar um samskipti kynjanna.

**STRAX** í fríhöfninni hitaði ég upp með kaupum á glanstímariti fyrir konur. Alltaf gott að vita hvernig á að vera sjálfsörugg að eilífu, komast á tíu sénsa á tíu mínútum og kunna utanbókar 99 staðreyndir um kynlíf sem geta breytt lífinu. Þær innihaldsríkustu fjölluðu aðallega um að bæði kynin geti fengið fullnægingu í svefni og líka hversu rosalega margir upplifi kynóra í vinnunni.

**EF** til vill gerðu þessar nauðsynlegu staðreyndir einmitt sitt gagn til að breyta lífi mínu því strax fyrsta daginn í borginni frestaði ég heimsókn í Saks og nærði þess í stað hópsálina í fjölmennri kröfugöngu gegn Íraksstríðinu. Fátt er eins nærandi og almennileg mótmæli, svo strax á eftir gat ég tekið til óspilltra málanna við að vera glamúrgella. Til þess þurfti ég augljóslega að skipta um skó því nánast hver einasta sjáanleg pæja tifaði á háum pinnahælum, þrátt fyrir umtalsverðar vegalengdir. Minn pirraði femínistaradar sem er sífellt að leita að óþolandi staðalímyndum sér auðvitað að pinnahælar eru bara enn ein aðferðin til að þvinga og hlutgera konur. Á hinn bóginn finnst mér dálítið flott að vera tíu sentimetrum hærri og rækta þannig sjálfspyntingarhvötina svona spari, en dáist í laumi að þeim sem staulast daglega í þessum manndrápstólum.

**EFTIR** tilþrif í verslunum, veitingahúsum, kokteilboðum og leikhúsum í anda hins þokkafulla dálkahöfundar benda nýjustu fréttir til þess að öll sú viðleitni sé ákaflega gamaldags. Almennilegir Íslendinga sem eiga erindi til New York þessi dægrin fara þangað aðeins til að hlaupa maraþon. Og kaupa Saks í heilu lagi í leiðinni.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er þriðjudagurinn 6. nóvember, 310. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 9.25 | 13.11 | 16.56 |
| Akureyri | 9.21 | 12.56 | 16.30 |

*Heimild: Almanak Háskólans*





HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi
HEKLA